# Bókatíðindi 2023



## Kæri bókaunnandi

Okkar einstaka jólabókaflóð er brostið á. Nýjar bækur renna nánast á færibandi út úr prentsmiðjum og fylla hillur og borð bókaverslana. Umfangið er mikið og það getur verið erfitt að henda reiður á öllum þeim fjölda nýrra og áhugaverðra bóka sem út koma á þessum tíma ársins. Að ekki sé nú minnst á allar þær bækur sem komið hafa út fyrr á árinu og eiga fullt erindi til lesenda á hvaða árstíma sem er. Vonandi eru okkar árlegu Bókatíðindi þér kærkomin til að auðvelda valið úr útgáfuflóru ársins.

Síðustu ár hefur mikil gróska og fjölbreytni einkennt íslenska bókaútgáfu. Svo mikil að það vekur athygli langt út fyrir landsteinana hversu margar bækur eru gefnar hér út. Reyndar er það staðreynd að hér á landi er að finna eitt hæsta hlutfall nýrra titla sem gefnir eru út árlega miðað við höfðatölu. Á alþjóðlegum vettvangi bókaútgefenda erum við oft beðin um að gefa skýringar á þessu. Þær liggja ansi djúpt í sögu okkar, menningu og sagnahefð. Sú ríka þörf okkar og hefð langt aftur í aldir að segja sögur og miðla þeim til annarra í bókarformi er hreinlega hluti af erfðamengi okkar. Góðar viðtökur bókaunnenda, einlægur áhugi og þörf fyrir nýtt lesefni á ári hverju er svo vindurinn sem gefur okkur stöðugan byr í seglin.

Það er einlæg ósk okkar að í þessum Bókatíðindum finnir þú lesefni til að fylgja þér og þínum fram á nýtt ár. Um leið minnum við á vefinn okkar *bokatidindi.is*. Þar finnur þú allar upplýsingar prentuðu útgáfunnar og meira til. Jafnframt viljum við vekja athygli lesenda á því að eldri útgáfur Bókatíðinda eru nú aðgengilegar á *timarit.is*. Elstu samantektir ársútgáfunnar ná allt aftur til 1890 en ritið gekk undir nafninu Bókaskrá Bóksalafélags Íslands fram á áttunda áratug síðustu aldar.

Megir þú og allir þínir eiga gefandi og gleðileg íslensk bókajól!

Heiðar Ingi Svansson,
*formaður Félags íslenskra bókaútgefenda.*

## *Efnisyfirlit*


***Barna- og ungmennabækur***

- Myndríkar . . . . . 3
- Skáldverk . . . . . 12
- Fræði og bækur almenns efnis . . . . . 20
- Unglingabækur . . . . . 21
- Teiknimyndasögur . . . . . 23

***Skáldverk***

- Íslensk . . . . . 23
- Þýdd . . . . . 33

***Ljóð og leikhandrit*** . . . . . 41

***Ævisögur og endurminningar*** . . . . . 46

***Fræðirit, frásagnir og handbækur*** . . . . . 49

***Hannyrðir og matreiðsla*** . . . . . 60

***Íþróttir og útivist*** . . . . . 62

***Listir og ljósmyndir*** . . . . . 63

***Náttúra, dýralíf og landshættir*** . . . . . 65

***Sagnfræði, trúarbrögð og ættvísi*** . . . . . 66

***Sálfræði, sjálfshjálp og andleg leiðsögn*** . . . . . 67


## Merking tákna í Bókatíðindum

Undir kápumyndum allra bóka má nú finna tákn sem vísa til útgáfuforms. Táknskýringar má finna neðst á öllum kynningarblaðsíðum.

- **GOR** Gormabók
- **HSP** Harðspjalda bók – allar blaðsíður úr hörðum pappír
- **HLB** Hljóðbók
- **IB** Innbundin bók – kápuspjöld úr hörðum pappír
- **KIL** Kilja
- **RAF** Rafbók
- **SVK** Sveigjanleg kápa – líkt og kilja en í annarri stærð


## BÓKATÍÐINDI 2023

**Útgefandi:** Félag íslenskra bókaútgefenda
FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA
Barónsstíg 5
101 Reykjavík
Sími: 511 8020
Netfang: fibut@fibut.is
Vefur: www.bokatidindi.is

**Hönnun kápu:** Halldór Baldursson og Ámundi Sigurðsson
**Ábm.:** Bryndís Loftsdóttir
**Upplag:** 35.000
**Prentvinnsla:** Prentmet Oddi ehf., umhverfisvottað fyrirtæki

ISSN 1028-6748


# Allir sem ástin snertir verða skáld

# Barnabækur

## MYNDRÍKAR




### 5 mínútna ævintýrasögur

**Höf: Walt Disney**

Fjörugar sögur af fjölmörgum skrautlegum karakterum.

160 bls.

**Edda útgáfa**

IB




### Aldrei smella risaeðlu

**Höf: Rosie Greening**

**Þýð: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**

Þú mátt aldrei smella risaeðlu nema í þessari bók! Sniðug bók með smellum sem litlir fingur geta leikið með. Þroskar fínhreyfingar og vekur gleði.

10 bls.

**Unga ástin mín**

IB




### Allt annar handleggur

**Höf: Áslaug Jónsdóttir**

Þegar teiknari og rithöfundur verður fyrir því óláni að handleggsbrotna eru góð ráð dýr. Í þessu tilfelli varð óhappið kveikjan að myndasyrpu með 34 persónum, en leikmunir voru sóttir í ýmsar ruslakistur og hirslur á heimilinu. Við þessa flóru bættust síðan limrur til að túlka mismunandi persónur. Óvenjuleg og bráðfyndin bók!

76 bls.

**Dimma**

IB



### Amma, hvert fara fuglarnir á nóttunni?

**Höf: Oddbjörg Ragnarsdóttir**

**Myndh: Harpa Stefanía Róbertsdóttir**

Dísa fer stundum í heimsókn til ömmu sinnar og af og til fær hún líka að gista hjá henni. Í einni slíkri heimsókn kemst Dísa að ýmsu um fugla og fólk. Og hvað það getur verið skemmtilegt að hitta ömmu sína, því ömmur vita ýmislegt.

35 bls.

**Gudda Creative**

IB




### Bára og bæði heimilin

**Höf: Sólborg Guðbrandsdóttir**

**Myndh: Addi nabblakusk**

Bára er fjörug, fimm ára stelpa sem á tvö svefnherbergi, tvö rúm, tvo tannbursta og heilan helling af böngsum! Hún á nefnilega ekki eitt heimili heldur tvö. – Bók sem hjálpar okkur að skilja aðeins betur hvernig það er að eiga tvær fjölskyldur. „Loksins bók fyrir vikuvikubörnin! Sönn lýsing og fyndin í bland.“ / Hallgrímur Helgason, rithöfundur.

50 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




***Lauflétt að lesa***

### Bekkurinn minn 5: Leonora

**Höf: Yrsa Þöll Gylfadóttir**

**Myndh: Iðunn Arna**

Þessi bók fjallar um Leonoru og orðróminn um varúlfinn í skólanum.

36 bls.

**Bókabeitan**

SVK




***Lauflétt að lesa***

### Bekkurinn minn 6: Unnur Lea

**Höf: Yrsa Þöll Gylfadóttir**

**Myndh: Iðunn Arna**

Þessi bók fjallar um Unni Leu og jólaskemmtun bekkjarins.

35 bls.

**Bókabeitan**

SVK




### Bestu vinir

***Fyrsta Múmínbókin mín***

**Höf: Tove Jansson**

**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Múmínsnáðinn er dapur í bragði. Snúður, besti vinur hans, er farinn. Hann er aldrei í Múmíndal á veturna. Múmínsnáðinn er alltaf leiður þegar Snúður fer. En sem betur fer á hann fleiri vini ... Ein af hinum sívinsælu myndabókum sem byggðar eru á sögum Tove Jansson.

16 bls.

**Ugla**

HSP




### Blæja - Góða nótt leðurblaka

**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Blæju langar alls ekki að fara að sofa! Þrátt fyrir að það sé kominn háttatími. Hvað ætli gerist í draumkenndu kvöldævintýri hennar?

32 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Depill á jólunum

***Flipabók***

**Höf: Eric Hill**

**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Eftirlætis flipabækur barnanna! Það er kominn tími til að skreyta jólatréð! Kíktu á bak við flipana og þú kemst í sannkallað hátíðarskap.

16 bls.

**Ugla**

IB

---




## Depill í leikskólanum

**Höf: Eric Hill**

**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Ávaxtastundin er að hefjast ... En hvar er Depill?

Lyftu flipunum og gáðu hvað þú sérð!

Í þessari skemmtilegu bók bregður hvolpurinn fjörugi sér á leik í leikskólanum.

14 bls.

**Ugla**

IB

---




## Depill úti í rigningu

**Höf: Eric Hill**

**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Það er farið að rigna! Tilvalið að fara út og hoppa í pollunum – en hvar er Depill? Lyftu flipunum og láttu koma þér skemmtilega á óvart ...

Hundurinn Depill er vinur allra barna enda erfitt að finna fjörugri og skemmtilegri hvolp.

16 bls.

**Ugla**

HSP

---




***Skrifum og þurrkum út***

## Dundað í sjónum

**Höf: Kirsteen Robson**

Verkefnabók fyrir krakka sem eru að byrja að leysa þrautir - um leið og þau þjálfast í að halda á penna.

Tússpenni fylgir með bókinni en krakkarnir nota hann til þess að spora, teikna inn á myndirnar, leysa þrautirnar, komast um völundarhúsin og skoða hvað er ólíkt á myndunum.

22 bls.

**Rósakot**

SVK

---




***Skrifum og þurrkum út***

## Dundað með dýrum um víða veröld

**Höf: Kirsteen Robson**

Verkefnabók fyrir krakka sem eru að byrja að læra að telja, skrifa tölustafi og leysa þrautir - um leið og þau þjálfast í að halda á penna.

Tússpenni fylgir með bókinni en krakkarnir nota hann til þess að spora tölustafina, teikna inn á myndirnar, leysa þrautirnar, komast um völundarhúsin og skoða hvað er ólíkt á myndunum.

22 bls.

**Rósakot**

SVK

---




## Dýrin - fyrstu orðin mín

**Höf: Kathryn Jewitt**

**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Allra yngstu börnin munu njóta þess að skoða hin ýmsu dýr en um leið auka samhæfingu handa og augna, málskilning og uppfylla snertiþörf sína.

14 bls.

**Unga ástin mín**

IB

---




## Dýrlegt ímyndunarafl

**Höf: Huginn Þór Grétarsson**

Lísa litla er fjörkálfur sem hermir eftir dýrunum. Hún öskrar eins og ljón, hoppar um hress og kát eins og kengúra og apar meira að segja eftir apa!

Í bókinni ber að líta litrík og skemmtileg dýr í bland við fjörugt ímyndunarafl.
Útkoman er auðvitað kostuleg!

Að bregða á leik er barnanna kúnst.

34 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB

---




## Einstakt jólatré

**Höf: Benný Sif Ísleifsdóttir**

**Myndir: Linn Janssen**

Öll fjölskyldan heldur út í skóg á aðventunni í leit að fullkomnu jólatré. Sitt sýnist hverjum um hvaða tré skuli velja en á endanum er það Unnsteinn sem fær að ráða. Hugljúf saga um fegurðina í því einstaka eftir Benný Sif Ísleifsdóttur með heillandi myndum Linn Janssen.

40 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB

---




***Handhafi Barnabókaverðlauna Reykjavíkur 2023***

## Einu sinni var Mörgæs

**Höf: Magda Brol**

**Þýð: Baldvin Ottó Guðjónsson**

Dag einn hrasar Magni mörgæs um stóran, rauðan, blaktandi-flaktandi hlut sem ekkert gagn virðist gera. En með því að stara nægilega lengi á skrítnu táknin sem hluturinn hefur að geyma lýkst upp fyrir Magna heill heimur af nýjum vinum og spennandi ævintýrum.

Best þýdda barnabókin 2023.

Bók á góðu verði

32 bls.

**Kvistur bókaútgáfa**

IB

---




## Elsku litla systir

**Höf: Astrid Desbordes**

**Myndh: Pauline Martin**

**Þýð: Jessica Devergnies-Wastraete**

Dag einn er Ástvaldi sagt að hann muni eignast litla systur. Að vísu man hann ekki eftir að hafa beðið um hana, en er samt ánægður.

Fréttirnar valda ýmsum heilabrotum og lífið breytist þegar hún birtist því að lítil systir tekur pláss.

Það sem Ástvalda þykir þó best við litlu systur er að vera stóri bróðir hennar.

32 bls.

**Kvistur bókaútgáfa**

IB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Ég vil líka eignast systkin

**Höf: Astrid Lindgren**
**Myndir: Ilon Wikland**
***Þýð: Ásthildur Egilson***

Pétur langar í lítið systkini. Aldrei þessu vant þarf hann ekki að rella lengi. En þegar Lena litla fæðist er Pétur ekki alveg viss lengur. Hann hefði kannski frekar átt að biðja um þríhjól. Yndisleg saga sem hefur skemmt og yljað stækkandi fjölskyldum í áratugi. Einstakar myndir Ilon Wikland gæða frásögnina töfrum.

32 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB HLB




## Gleðileg mjátíð

**Höf: Brian Pilkington**

Jólakötturinn er horfinn og jólasveinarnir fara því út í hríðarveðrið að leita hans. Það sem þeir koma með til baka kemur sannarlega á óvart. Brian Pilkington er sérfræðingur í jólakettinum og skjólstæðingum hans og dregur hér upp einstaklega hlýja og skemmtilega fjölskyldumynd af sinni alkunnu snilli. Einnig fáanleg á ensku.

36 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Froskurinn með stóra munninn

**Höf: Francine Vidal**
**Myndh: Élodie Nouhen**
***Þýð: Jóhanna Björk Guðjónsdóttir***

Fjörug og litrík saga, að hluta til í bundnu máli, um forvitna froskinn sem spyr hin og þessi dýr í kringum sig hver sé þeirra uppáhalds fæðutegund. Myndir og texti kallast skemmtilega á og gamalkunnur brandari gengur í endurnýjun lífdaga.

32 bls.

**Dimma**

IB




## Gott ráð - Engilráð!

**Höf: Elín Elísabet Jóhannsdóttir**
**Myndh: Sigrún Hanna**

Hvað er sterkara en vöðvar og ofurkraftar allra ofurhetjanna í heiminum samanlagt? Hvernig í veröldinni er hægt að virkja slíkan kraft? Og geta venjuleg börn fengið hann? Dag nokkurn fengu nokkur börn óvenjulegar gjafir í skóinn. Gjafirnar áttu eftir að breyta lífi þeirra. Hér er á ferðinni falleg jólasaga um vináttu og kærleika.

52 bls.

**Skálholtsútgáfan - Kirkjuhúsið**

SVK




***Leitum og finnum***

## Frozen

**Höf: Walt Disney**

Leitaðu og finndu með Ólafi, Önnu og Elsu.

20 bls.

**Edda útgáfa**

IB




## Gurra Grís á ferð og flugi!

**Höf: Asley Baker**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Fimm skemmtilegar sögur um Gurru Grís á ferð og flugi! Æðisleg upplifun með alvöru stýri og mörgum tökkum og hljóðum!

12 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Frozen sögusafn II

**Höf: Walt Disney**

Í þessu fallega sögusafni er að finna skemmtilegar og lærdómsríkar sögur af ævintýrum Önnu, Elsu, Kristjáni, Ólafi og vinum þeirra í Arendell.

160 bls.

**Edda útgáfa**

IB




## Gurra komum á koppinn!

**Höf: Asley Baker**

Gurru langar að hjálpa til því Georg er í klósettþjálfun. Skemmtileg hljóðbók með hnöppum sem hægt er að þrýsta á og sturta niður samhliða því að lesa söguna.

10 bls.

**Unga ástin mín**

IB




***Múmínálfarnir***

## Fyrstu 100 orðin

***Flipabók***

**Höf: Tove Jansson**
***Þýð: Margrét Gunnarsdóttir***

Það er gaman að læra fyrstu 100 orðin með Múmínálfunum í þessari skemmtilegu og fallegu flipabók.

Ein af hinum sívinsælu Múmínálfabókum sem byggðar eru á sköpunarverki Tove Jansson.

16 bls.

**Ugla**

IB




## Heima - fyrstu orðin mín

**Höf: Kathryn Jewitt**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Allra yngstu börnin munu njóta þess að skoða það sem heima er en um leið auka samhæfingu handa og augna, málskilning og uppfylla snertiþörf sína.

14 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Heimurinn

**Höf: Catherine Lavoie**
**Þýð: Sverrir Norland**

Falleg og ljóðræn bók sem fylgir yngstu börnunum þegar þau byrja að uppgötva heiminn í kringum sig. Himin, sól, fjall, dag, nótt …

Bókin örvar ímyndarafl barnsins með frumlegum teikningum úr daglegu lífi þess.

Bókin er harðspjalda (hver síða úr þykkum pappa) og þolir því vel hnjask!

18 bls.

**AM forlag**

HSP




## Hulk í smá vandræðum

***Köngulóarliðið***

**Höf: MARVEL /DISNEY**

Þegar nýja tækið hans Græna-Skratta breytir Hulk í smábarn verður Köngulóarliðið að finna leið til að passa upp á litla vin sinn og stöðva Skratta.

24 bls.

**Edda útgáfa**

IB




## Hver er flottastur? / Hver er sterkastur?

**Höf: Mario Ramos**
**Þýð: Guðrún Vilmundardóttir**

Segir hér af hinum hégómlega – en óneitanlega töluvert glæsilega – úlfi sem spígsporar um skóginn og krefst þess að aðrir dáist að honum. Hann hittir meðal annars Rauðhettu og Mjallhvíti og sjö litla menn, sem öll hrósa honum í hástert – en hann hefði betur hugsað sig um tvisvar áður en hann truflaði drekabarnið sem er í feluleik við fuglinn.

31 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Hver er leiðin?

**Höf: Annie Mist Þórisdóttir og Katrín Tanja Davíðsdóttir**

Draumur Freyju er að vinna til verðlauna. Þegar hún mætir á keppnisstað verða ýmsar áskorarnir á vegi hennar. Freyja þarf að finna hugrekkið, læra að treysta sjálfri sér og taka á öllu sínu til að komast í mark. Með hjálp dýravina sinna kemst hún að því að ferðalagið er mikilvægara en verðlaunin.

56 bls.

**Salka**

IB




## Hvernig er koss á litinn?

**Höf: Rocio Bonilla**
**Þýð: Svanlaug Pálsdóttir**

Lillaló elskar að mála. Hún málar rauða maríubjöllu, bláan himin og gula banana en koss hefur hún aldrei málað. Hvernig er koss á litinn? Með penslum og pappír rannsakar Lillaló málið. Er kossinn rauður eins og tómatsósa, grænn líkt og krókódíll eða bleikur eins og uppáhaldskökurnar hennar?

31 bls.

**Kvistur bókaútgáfa**

IB




## Hver ruglaði pökkunum

***Múmínálfarnir: Mía litla***

**Höf: Tove Jansson**
**Þýð: Erla E. Völudóttir**

Mía litla útdeilir gjöfum til íbúa Múmíndals. En rata allir pakkarnir í réttar hendur?

Ein af hinum sívinsælu myndabókum sem byggðar eru á sögum Tove Jansson.

16 bls.

**Ugla**

IB




***Pétur og Brandur***

## Hænsnaþjófurinn

**Höf: Sven Nordqvist**

Dag einn kemur Gústi nágranni með tvíhleypu á öxl og hefur fréttir að færa. Refur herjar nú á hænsnakofa sveitarinnar og því er eins gott fyrir Pétur og köttinn Brand að vera við öllu búnir. Pétur lætur ekki segja sér það tvisvar en í stað þess að veiða refinn ákveða þeir félagar að fæla hann heldur í burtu í eitt skipti fyrir öll.

28 bls.

**Kvistur bókaútgáfa**

IB




## Í rúmið eftir tíu mínútur Hyrningur litli

**Höf: Rhiannon Fielding**
**Þýð: Guðni Kolbeinsson**

Töfrandi kvöldævintýri fyrir litlar krúttlegar risaeðlur. Mjög falleg bók sem notið hefur mikilla vinsælda víða um heim. Frábær bók til að lesa fyrir lítil kríli fyrir svefninn.

26 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Íslensku dýrin okkar

**Höf: Anna Margrét Marinósdóttir og Helgi Jónsson**

Dýrin tala. Þau brosa og hlæja, hrína, hneggja, gelta og gala og eru stundum með stæla! Í þessari bráðskemmtilegu bók kynnist þú íslensku húsdýrunum og forvitnilegum fuglum og sjávardýrum sem lifa í náttúrunni við landið okkar. Og þú færð meira að segja að heyra hvernig hljóð þau gefa frá sér.

30 bls.

**Sögur útgáfa**

HSP




## Júlían í brúðkaupinu

**Höf: Jessica Love**
**Þýð: Ragnhildur Guðmundsdóttir**

Brúðkaup er ástarveisla. Júlían fer í eftirminnilegt brúðkaup og eignast nýjan vin, Marísól.

Saman halda þau á vit töfra og ævintýra. Falleg bók um fjölbreytileika og virðingu.

40 bls.

**Angústúra**

IB




## Kata klístraða

**Höf: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**

Kata var að borða brauð með marmelaði. Þegar Kata var búin að borða var hún klístruð á puttunum. Hvað átti Kata til bragðs að taka? Á hverju gat hún þurrkað hendurnar? Á eldhúsdúknum? Á kjólnum sínum? Ef þú lest þessa bók þá kemstu að því!

40 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Krókur bjargar jólunum

**Höf: Walt Disney**

Jólin nálgast í Vatnskassavin en öllu eldsneyti þar hefur verið stolið.

24 bls.

**Edda útgáfa**

IB




## Lára fer á jólaball

**Höf: Birgitta Haukdal**

**Myndir: Anahit Aleqsanian og Elen Nazaryan**

Það er gaman á aðventunni, að eiga notalegar stundir með fjölskyldunni við jólaundirbúning, en það er líka svolítil spenna í loftinu. Atli og Lára fara saman á jólaball. Þangað mætir góður gestur. Hversdagssögur Birgittu Haukdal um Láru og bangsann Ljónsa hafa verið metsölubækur í fjölda ára og vinsæl leiksýning verið gerð eftir þeim.

41 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




## Lára missir tönn

**Höf: Birgitta Haukdal**

**Myndir: Anahit Aleqsanian og Elen Nazaryan**

Lára hlakkar alltaf til að fara á fimleikaæfingu. Það er svo skemmtilegt að hoppa á trampólíninu og gera ýmsar æfingar. En í dag á Lára erfitt með að einbeita sér því hún er með lausa tönn. Sögur Birgittu Haukdal um Láru og bangsann Ljónsa eru litríkar og fallegar bækur sem krakkar hrífast af.

41 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




## Lindís og hrafnadísirnar

**Höf: Guðný Anna Annasdóttir**

**Myndh: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Lindís fer í veiðiferð á slóðir Hrafna-Flóka í Vatnsfirði. Þar sér hún hrafna, sem breytast í hrafnadísir og breytast síðan aftur í hrafna. Þessir hrafnar hjálpa Lindísi að finna góðan veiðistað.

35 bls.

**Gudda Creative**

IB




## Lindís og kafbátaferðin

**Höf: Guðný Anna Annasdóttir**

**Myndh: Páll Jóhann Sigurjónsson**

Lindís fer í skoðunarleiðangur til Arnarfjarðar. Pabbi hennar las frétt á netinu varðandi breytingar á lífríki sjávar.

Í Arnarfirði fara Lindís og Steindís í kafbátaferð til að kanna áhrif þessara breytinga.

33 bls.

**Gudda Creative**

IB




## Litirnir

***Múmínsnáðinn og Mía litla***

**Höf: Tove Jansson**

**Þýð: Erla E. Völudóttir**

Litagleði í Múmíndal!

Í þessari bók hittum við fyrir Múmínsnáðann og Míu litlu, auk margra annarra kunnuglegra félaga, og lærum að nefna ýmsa fallega liti.

Ein af hinum sívinsælu myndabókum sem byggðar eru á sögum Tove Jansson.

16 bls.

**Ugla**

IB




***Feluleikur***

## Litla barnið

**Höf: Camilla Reid**

**Myndir: Ingela P. Arrhenius**

**Þýð: Æsa Guðrún Bjarnadóttir**

Komdu í feluleik! Ekkert er skemmtilegra þegar maður er eins árs en að týnast og finnast strax aftur. Falleg bendibók með flipum sem þroskar og örvar skilning yngstu barnanna. Þykkar síður sem henta vel slefandi bókaböðlum sem skoða bókina aftur og aftur!

8 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




## Litla geimskipaleigan

**Höf: Erna Rósa Eyþórsdóttir**

Litla geimskipaleigan er staðsett á plánetunni Íbú en þar býr geimskipið Vega sem bíður óþreyjufullt eftir leigjendum. Einn góðan veðurdag koma tveir íbúar á leiguna sem vilja bara leigja bestu og flottustu geimskipin en eftir nokkrar misheppnaðar prufukeyrslur kemur í ljós að skipin sem þau vilja henta þeim kannski ekki.

32 bls.

**Íbú**

IB




## Litlasti jakinn

**Höf: Lu Fraser**

**Þýð: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**

**Myndh: Kate Hindley**

Myndrík rímsaga um hana Dísu sem er minnsti jakuxinn í hjörðinni og dreymir um að verða stór eins og hinir. Dísa á þó eftir að komast að því að þótt hún sé smá er hún fullkomin nákvæmlega eins og hún er, því að sumt er nefnilega bara á lítilla jaka færi! Dásamleg rímsaga sem sýnir að öll höfum við eitthvað fram að færa.

32 bls.

**Kver bókaútgáfa**

IB




## Litlir goggar
**Höf: Charlotte Priou**
**Þýð: Sverrir Norland**
Hér eignast barnið nokkra vængjaða vini og lærir hljóðin sem fuglarnir senda frá sér. Tíst tíst, kú kú, hú hú, gaggala gú …

Bók sem smáfólkinu finnst gaman að lesa upphátt með fullorðna fólkinu.

Bókin er harðspjalda (hver síða úr þykkum pappa) og þolir því vel hnjask!

18 bls.

**AM forlag**

HSP




## Litlu börnin læra - sveitin
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**
Í þessari bók má finna tólf skemmtileg púsl sem tengjast lífinu í sveitinni og eru sérstaklega hönnuð með yngstu kynslóðina í huga.

8 bls.

**Unga ástin mín**

IB




## Ljóni í Lególandi
**Höf: Guðný Anna Annasdóttir**
**Myndh: Páll Jóhann Sigurjónsson**
Afi hans Ljóna vann þrjá flugmiða í bingólottó hjá félagi eldri borgara fyrir jólin í fyrra. Honum finnst tími til kominn að nýta þessa flugmiða núna.

Þess vegna býður hann Ljóna og ömmu með sér til Billund í Danmörku. Þar er skemmtigarður sem heitir Lególand.

En hvern ætla þau að hitta í Lególandi?

35 bls.

**Gudda Creative**

IB




## Ljóni og músakassinn
**Höf: Guðný Anna Annasdóttir**
**Myndh: Páll Jóhann Sigurjónsson**
Ljóni er að flytja í nýja herbergið sitt. Hann ákveður að músakassinn hans verði settur í geymsluna. Mýsnar eru ekki ánægðar með þessa ákvörðun Ljóna.

32 bls.

**Gudda Creative**

IB




## Lúlli
**Höf: Ulf Löfgren**
**Þýð: Sigríður Rögnvaldsdóttir**
Hér birtist á ný gamall og góður kunningi íslenskra barna, prakkarinn Lúlli. Í fyrstu bókinni um Lúlla og ævintýri hans þarf hann að læra að klæða sig og borða matinn sinn. Skyldi peysan eiga að fara á fæturna og bollurnar í eyrun? Dásamleg skemmtun fyrir yngstu bókaormana.

26 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Lúlli og Gunna
**Höf: Ulf Löfgren**
**Þýð: Þórgunnur Skúladóttir**
Það er sama hvað Lúlli tekur sér fyrir hendur, Gunna litla systir hans vill alltaf herma allt eftir honum og gera alveg eins. Það finnst Lúlla verulega þreytandi! Sögurnar um fjörkálfinn Lúlla eru sönn skemmtun fyrir unga lestrarhesta.

26 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Mér leiðist (eiginlega) aldrei
**Höf: Anna Milbourne**
Mér leiðist! Hljómar þetta kunnuglega? Komdu í ferðalag með lítilli manneskju sem uppgötvar að það er ekki svo slæmt að láta sér leiðast...

21 bls.

**Rósakot**

IB



## Mér líst ekkert á þetta
**Höf: Alexandra Steinþórsdóttir**
Það er nýtt barn flutt í hverfið. Það býr við hliðina á mér. Ég vona að það sé ekki hættulegt. ...mér líst ekkert á þetta. Bókin fjallar um fyrirframgefnar hugmyndir og skoðanir, ímyndunaraflið og vináttuna.

40 bls.

**Bókabeitan**

IB




***Múmínálfarnir***
## Mía litla og stormviðrið
**Höf: Tove Jansson**
**Þýð: Tinna Ásgeirsdóttir**
Vindasaman dag í Múmíndalnum bankar skelkuð lítil vera á dyr Múmínhússins.

Mía litla er ekki sátt við að þurfa að deila herbergi með nýja gestinum.

En hún kemst brátt að því að gott getur verið að eiga vin þegar á reynir …

Ein af hinum sívinsælu myndabókum sem byggðar eru á sögum Tove Jansson.

28 bls.

**Ugla**

IB




## Múmínálfarnir og Hafshljómsveitin
**Höf: Cecilia Davidsson og Alex Haridi**
**Myndir: Filippa Widlund**
**Þýð: Gerður Kristný**
Hugljúf endursögn úr *Minningum múmínpabba* eftir Tove Jansson. Múmínfjölskyldan siglir um höfin og lendir í ótal ævintýrum: þau bjarga frænku hemúlsins úr lífsháska, leggja lævísa gildru fyrir risavaxinn dronta og hitta dularfullar slímloppur. En besta ævintýrið bíður þeirra heima. Litríkar myndir varpa töfraljóma á lífið í múmíndal.

34 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB



GOR Gormabók · HSP Harðspjalda bók · HLB Hljóðbók · IB Innbundin bók · KIL Kilja · RAF Rafbók · SVK Sveigjanleg kápa




## Múmínsnáðinn úti í roki

**Höf: Tove Jansson**
**Þýð: Jakob F. Ásgeirsson**

Hviss! Ó, nei! Vindurinn feykir öllu burt í Múmíndal.

Lyftið flipunum og hjálpið Múmínsnáðanum og vinum hans að finna það sem fauk burt.

Ein af hinum sívinsælu myndabókum sem byggðar eru á sögum Tove Jansson.

10 bls.

**Ugla**

IB




## Obbuló í Kósímó - Myrkrið

**Höf: Kristín Helga Gunnarsdóttir og Halldór Baldursson**

Oddný Lóa Þorvarðardóttir býr í Kjóamóa þrjúhundruð og sjö. Hvaða krakki getur sagt það? Enginn. Obbuló á heima í Kósímó. Hver er hræddur við hlussulegt tramp? Býr einhver í ísskápnum hjá Símoni kennara? Hvað gerir gat á myrkrið hjá Obbuló? Þessum spurningum og öðrum er svarað í bókinni.

24 bls.

**Bjartur**

IB




## Obbuló í Kósímó - Nammið

**Höf: Kristín Helga Gunnarsdóttir og Halldór Baldursson**

Oddný Lóa Þorvarðardóttir býr í Kjóamóa þrjúhundruð og sjö. Hvaða krakki getur sagt það? Enginn. Obbuló á heima í Kósímó. Eru sumir dagar leiðinlegir? Gleymir fólk að sækja börn í leikskólann? Er hollt að troða í sig miklu nammi? Spurningunum er svarað í þessari bók.

24 bls.

**Bjartur**

IB




## Pómeló

***líður vel undir biðukollunni***

**Höf: Ramona Badescu**
**Myndh: Benjamin Chaud**
**Þýð: Jessica Devergnies-Wastraete**

Pómeló er lítill fíll með óvenjulangan rana og býr undir biðukollu. Þó að langbest sé að vera heima er nauðsynlegt að kanna nánasta umhverfi. Raninn hans langi vill þá oft valda vandræðum en getur líka komið að góðum notum.

96 bls.

**Kvistur bókaútgáfa**

SVK



## Skemmtilegt er myrkrið

**Höf: Elín Gunnlaugsdóttir**
**Ljóð: Þórarinn Eldjárn**
**Myndh: Heiða Rafnsdóttir**

Þetta er sjötta bókin í ritröð Töfrahurðar sem byggir á íslenskum þjóðsagnaarfi.

34 bls. / klst.

**Töfrahurð**

IB




## Skilaboðaskjóðan

**Höf: Þorvaldur Þorsteinsson**

Putti þráir ekkert heitar en að lenda í ævintýrum. En þegar Nátttröllið ógurlega rænir honum og lokar inni í helli er Putti ekki alveg viss um að þetta ævintýri endi nógu vel. Ástsæl og æsispennandi saga sem er loksins fáanleg á ný – fyrir alla ævintýraþyrsta krakka með nef fyrir góðum uppfinningum.

32 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




***Skrifum og þurrkum út***

## Skrifum stafina

**Höf: Jessica Greenwell**

Verkefnabók fyrir krakka sem eru að byrja að læra stafina - um leið og þau þjálfast í að halda á penna.

Tússpenni fylgir með bókinni en krakkarnir nota hann til þess að telja, spora tölustafina og teikna inn á myndirnar.

22 bls.

**Rósakot**

SVK




## Snertu og finndu - Leikum okkur!

**Höf: Ellie Boultwood**
**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Þessi bók er sérstaklega hönnuð með hreyfingu barna í huga. Litríkar myndir, mynstur og ljósmyndir sem vekja áhuga og kátínu og öll fjölskyldan hefur gaman af því að hreyfa sig saman.

12 bls.

**Unga ástin mín**

IB




***Múmínálfarnir***

## Snorkstelpan er dásamleg

**Höf: Tove Jansson**
**Þýð: Erla E. Völudóttir**

Snorkstelpan er dásamlega indæl og nánast alltaf í sólskinsskapi.

En stundum gerist það að Snorkstelpan reiðist og verður græn!

Ein af hinum sívinsælu myndabókum sem byggðar eru á sögum Tove Jansson.

16 bls.

**Ugla**

IB




## Sokkalabbarnir

**Höf: Þorvaldur Davíð Kristjánsson**
**Myndh: Bergrún Íris Sævarsdóttir**

Dag einn fer hvítur sokkur í þvottavélina og snýst þar, hring eftir hring, þar til hann þýtur inn í dularfulla og litríka ævintýraveröld. Í landi Sokkalabbana búa tilfinningaríkir sokkar í ýmsum litum. Með lestri bókarinnar læra börn að tala um og skilja hinar ýmsu tilfinningar, hvort sem þær eru erfiðar, skrítnar eða skemmtilegar.

40 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Sóley í Undurheimum

**Höf: Eygló Gísladóttir**
**Myndh: Hafsteinn Hafsteinsson**
Sóley og Bóbó eru á leiðinni til Trillu vinkonu sinnar í Taskaníu þegar stórundarlegir atburðir gerast.
65 bls.
**Bókabeitan**

IB RAF HLB




*Súperbækur*

## Súper Kröftug

**Höf: Soffía Elín Sigurðardóttir og Paola Cardenas**
**Myndh: Viktoría Buzukina**
Maya og Maks eru nýflutt til Íslands. Súper Kröftug kennir þeim hjálplegar leiðir til þess að aðlagast nýju samfélagi.
Þátttaka barna í íþróttum og tómstundastarfi er áhrifarík leið til að verða hluti af hópi og læra tungumálið.
32 bls.
**Sjálfstyrkur**

IB




## Spakur spennikló og slóttugi Sámur

***Tveir ræningjarakkar baka sér vandræði!***
**Höf: Tracey Corderoy**
**Myndh: Steven Lenton**
**Þýð: Ásthildur Helen Gestsdóttir**
Spakur spennikló og slóttugi Sámur eru heimsins verstu ræningjar. Þegar enn eitt þaulskipulagða stórránið fer út um þúfur uppgötva þeir leynda hæfileika þar sem kleinuhringir og kökur koma við sögu.
32 bls.
**Kvistur bókaútgáfa**

IB




## Syngdu vögguvísur með Láru og Ljónsa

**Höf: Birgitta Haukdal**
**Myndir: Anahit Aleqsanian og Elen Nazaryan**
Undurfalleg bók með tónspilara sem inniheldur uppáhalds vögguvísur Láru og Ljónsa, sungnar af Birgittu Haukdal. Bókin er skreytt litríkum og töfrandi myndum af Láru og Ljónsa í framandi ævintýraveröld. Börnin svífa inn í draumalandið þar sem allt getur gerst og ímyndunaraflið ræður för.
29 bls.
**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




## Strákur eða stelpa?

**Höf: Joana Estrela**
**Þýð: Sverrir Norland**
Í þessari skemmtilegu bók fögnum við fjölbreytileikanum og frelsi og sjálfsmynd hverrar manneskju.
Ertu stelpa eða strákur? Jafnvel hvorttveggja? Eða hvorugt? Karl eða kona, er kjánalegt að flokka okkur öll svona?
Fallegar myndir og leikandi léttur og fyndinn texti í þýðingu Sverris Norland.
48 bls.
**AM forlag**

IB




*Risaeðlugengið*

## Sæskrímslið

**Höf: Lars Mæhle**
**Myndir: Lars Rudebjer**
Risaeðlugengið lætur sig ekki vanta á risaeðlumótið í dorgveiði en Gauti grameðla er ekkert sérlega spenntur. Hver veit hvaða skelfilegu skepnur leynast undir ísnum? Bækurnar um Risaeðlugengið hafa slegið í gegn enda eru þær krúttlegar, fræðandi og fyndnar og henta ungu áhugafólki um risaeðlur og önnur forsöguleg dýr.
48 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB




*Pétur og Brandur*

## Stund hanans

**Höf: Sven Nordqvist**
Dag einn kemur Pétur heim með pappakassa sem í reynist vera hani. Hænurnar á bænum sjá ekki sólina fyrir honum en Brandur skilur ekkert í öllu fjaðrafokinu enda aldrei, ekki í eitt sekúndubrot, þurft á hana að halda. Lífið á bænum tekur miklum stakkaskiptum. Brandur fær ekki lengur að stríða hænunum og þarf að þola stanslaust hanagal alla daga.
27 bls.
**Kvistur bókaútgáfa**

IB




*Bogi Pétur broddgöltur*

## Tannburstunardagurinn mikli

**Höf: Sophie Schoenwald**
**Myndh: Günther Jakobs**
Það er óþefur í dýragarðinum því dýrin eru hætt að bursta tennurnar!
Dýragarðsforstjórinn Alfreð tekur málið föstum tökum og fær til liðs við sig hinn kattþrifna Boga Pétur broddgölt.
Tennurnar sem þarf að bursta eru bæði stórar og smáar, langar og stuttar, bitlausar, beittar og eitraðar.
32 bls.
**Kvistur bókaútgáfa**

IB




*Súper Franc*

## Súper Franc & Býflugurnar

**Höf: D. Fends**
Í ævintýrum sínum leitar Súper Franc að nýjum vinum og saman standa þau í baráttunni gegn útrýmingu býflugnanna.
71 bls.
**D.Fends**

IB




## Teljum dýr – 1, 2 og 3

**Höf: Halldór Á. Elvarsson**
Skemmtilegt talnakver fyrir yngstu börnin. Litríkar myndir af dýrum í íslenskri náttúru auðvelda börnunum að telja og læra tölustafina. Um leið má fræðast um dýrin í stuttum fróðleikstexta og spreyta sig á að telja upp að tíu á táknmáli.
25 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Teljum heimskautadýr

**Höf: Coco Apunnguaq Lynge**

**Þýð: Valdimar Tómasson og Huginn Þór Grétarsson**

Bókina nota börn til að æfa sig í að telja. Textinn er í bundnu máli og myndirnar eru af dýrum á norðurslóðum. Kúlúk og Ása telja dýrin sem þau sjá bregða fyrir.

24 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

HSP



***Leitum og finnum***

## Toy story 4

**Höf: Walt Disney**

Leitaðu og finndu með Vidda, Bóthildi, Bósa og Forka.

20 bls.

**Edda útgáfa**

IB




## Ungi stuðningsmaðurinn

**Höf: Jón Fannar Árnason**

**Myndir: Sigmar Boði Hallmundsson**

Flóki er strákur sem hefur mikinn áhuga á fótbolta en getur ekki spilað íþróttina. Hann vill samt hjálpa liði að vinna bikar og með hæfileikum sínum gæti sá draumur ræst einn daginn.

39 bls.

**Gudda Creative**

IB



## Uppfinningar, handprjónaðar húfur og varasamur köttur

**Höf: Rasmus Bregnhøi**

**Þýð: Eyja Sigríður Gunnlaugsdóttir**

Það er ekki alltaf augljóst hverjir verða vinir – það er hluti af boðskapnum í þessari gáskafullu og fallegu myndabók um Músina og Köttinn sem verða bestu vinir. Rasmus Bregnhøi er einn vinsælasti teiknari Danmerkur og stíllinn hans er bæði auðþekkjanlegur og skemmtilegur. Bókin hlaut Blixen-verðlaunin.

46 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Úlfur og Ylfa - Ævintýradagurinn

**Höf: Ingileif Friðriksdóttir og María Rut Kristinsdóttir**

**Myndh: Auður Ýr Elísabetardóttir**

Dagurinn í dag er enginn venjulegur dagur. Í dag ætlar Úlfur að fara í ævintýraleiðangur með Ylfu, bestu vinkonu sinni. Það er svo margt skemmtilegt hægt að gera þegar ímyndunaraflið er með í för! Þá getur íslenskur mói breyst í sléttur Afríku og lítil tjörn orðið að Atlantshafinu. Úlfur getur ekki beðið eftir að segja mömmum sínum frá ævintýrinu.

44 bls.

**Salka**

IB




## Vetrardagur í Glaumbæ

**Höf: Berglind Þorsteinsdóttir**

**Myndh: Jérémy Pailler**

Hefur þú einhvern tímann velt því fyrir þér hvernig það var að alast upp í torfbæ í gamla daga? Hér er komið framhald sögunnar *Sumardagur í Glaumbæ*. Í þessari ríkulega myndskreyttu sögubók er Glaumbær sveipaður vetrarbúningi og við fylgjumst með Jóhönnu, Sigga og heimilishundinum Ysju við jólaundirbúning. Bókin kemur út á fjórum tungumálum.

36 bls.

**Byggðasafn Skagfirðinga**

IB




## A Winter Day at Glaumbær

**Höf: Berglind Þorsteinsdóttir**

**Myndh: Jérémy Pailler**

**Þýð: Íris Olga Lúðvíksdóttir**

Have you ever wondered what it was like growing up in a 19th century turf farm? A Winter Day at Glaumbær is the sequel to the book, A Summer Day at Glaumbær. In this delightfully illustrated story, we follow Jóhanna, Siggi and the farm dog Ysja as they prepare for Christmas. The book is published in four different languages.

36 bls.

**Byggðasafn Skagfirðinga**

IB




## Þegar Ída litla vildi gera skammarstrik

**Höf: Astrid Lindgren**

**Þýð: Þórarinn Eldjárn**

Aldrei fær Ída litla að sitja í smíðaskemmunni og tálga því hún gerir sjaldnast neitt af sér. Þar til hún gerir svo svakalegt skammarstrik, að meira að segja Emil bróður hennar bregður við. Hugljúf saga um uppátækjasöm börn og það óréttlæti heimsins sem þau verða stundum fyrir, nú í nýrri þýðingu Þórarins Eldjárns.

32 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Ævintýri Láru lunda

**Höf: Jónas Sigurgeirsson**

Lára er lítil krúttleg lundapysja sem getur ekki beðið eftir að skoða spennandi heiminn í kringum sig. Dag einn verður hún þó aðeins of forvitin og fer langt í burtu frá þorpinu sínu. Skyndilega er hún villt - mun hún rata heim aftur?

26 bls.

**Bókafélagið**

IB



# *Barnabækur*

## SKÁLDVERK




### 13 hæða trjáhúsið
**Höf: Andy Griffiths**
**Myndh: Terry Denton**
**Þýð: Gunnar Kr. Sigurjónsson**
13 hæða trjáhúsið þeirra Adda og Tedda er stórkostlegasta trjáhús heims! Það er með keiluhöll, gegnsærri glersundlaug, laug með mannætuhákörlum, leynilegri neðanjarðarrannsóknastofu og sykurpúðavél sem eltir þig um allt og skýtur sjálfkrafa sykurpúðum upp í þig, hvenær sem þú finnur til svengdar.
239 bls.
**Bókaútgáfan Hólar**

SVK




### Að breyta heiminum
**Höf: Ingibjörg Valsdóttir**
**Myndh: Lilja Cardew**
Marko og Stella, litla systir hans, eru stödd á skrítnum stað. Marko hefur á tilfinningunni að eitthvað slæmt hafi gerst en man ekki hvað. Hann leitar að leiðinni heim og rekst þá á ýmsar furðuverur, eins og Rösk, Verkil og Beru, sem búa yfir leyndum hæfileikum. Furðuverurnar vilja gera vistina sem besta fyrir systkinin og leiða Marko í rétt átt.
93 bls.
**Bókabeitan**

IB




### Amma og afi á ferðalagi
**Höf: Esther Murris**
**Myndir: Erin Mercer**
**Þýð: Huginn Þór Grétarsson**
Amma og afi eru alltaf til í smá fjör. Þó er það nú svo að þeim tekst oft að koma sér í klandur.
Gömlu brýnin eru ákóf í að heimsækja barnabörnin sín og halda í ferð sem reynist mun erfiðari en ætlað var í upphafi.
44 bls.
**Óðinsauga útgáfa**

IB




### Bannað að drepa
**Höf: Gunnar Helgason**
**Myndir: Rán Flygenring**
Það stefnir í ógleymanlegt páskafrí hjá Alexander og risastóru, háværu fjölskyldunni hans. Þau ætla að hrista saman íslenskar, pólskar og taílenskar hefðir. En svo byrjar nýr strákur í bekknum sem ræður ekkert við skapið í sér. Bara alls ekki. Æsispennandi saga, bæði hörkufyndin og grafalvarleg – akkúrat eins og krakkar vilja.
196 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB




### Bella gella krossari
**Höf: Gunnar Helgason**
Sjöunda bókin í sagnaflokknum vinsæla um Stellu og skrautlega fjölskyldu hennar: mömmu klikk, pabba prófessor, ömmurnar, börnin fimm og nojaða nágrannann. Listaspíran Bella er ein helsta fyrirmynd Stellu í smartheitum, sjálfstæði og í rosalegu mótor-kross-ÆÐI. En nú er Bella í vandræðum og hjálpin kemur (auðvitað) úr óvæntri átt.
208 bls.
**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




### Bold-fjölskyldan í grænum gír
**Höf: Julian Clary**
**Myndh: David Roberts**
**Þýð: Magnús Jökull Sigurjónsson**
Verið svo væn að verða græn! Sjötta bókin í hinni frábæru seríu um Bold-fjölskylduna. Enn á ný reynir Bold-fjölskyldan að bjarga dýrum í vanda – en núna líka plánetunni Jörð.
296 bls.
**Ugla**

IB




***Bekkurinn minn***

### Bumba er best!
**Höf: Yrsa Þöll Gylfadóttir**
**Myndh: Iðunn Arna**
Bókin fjallar um Óðin, sem er óvenju daufur í dálkinn þessa dagana. Snjórinn lætur bíða eftir sér og mömmur hans vilja losa sig við köttinn þeirra. Það má ekki gerast!
Með hjálp Halldóru vinkonu sinnar finnur Óðinn fullkomna lausn á málinu. Bekkurinn minn fjallar um nemendur í bekk í íslenskum grunnskóla.
62 bls.
**Bókabeitan**

IB HLB




***Sagan af***

### Dimmalimm
**Höf: Guðmundur Thorsteinsson**
Þetta er ævintýrið um Dimmalimm eftir Guðmund Thorsteinsson. Ný útgáfa er óður til sögunnar, bæði textans og myndanna sem þessi stórsnjalli listamaður skóp. Sagan er óbreytt en bókina prýða nýjar myndir.
42 bls.
**Óðinsauga útgáfa**

IB




### Eini sanni Ívan
**Höf: Katherine Applegate**
**Þýð: Helgi Jónsson**
Ívan er górilla og á heima í verslunarmiðstöð. Hann er spenntur fyrir sjónvarpinu, og að tala við vini sína, Bubba, sem er flækingshundur, og Stellu, sem er gamall fíll. Og þá kemur Rósa, ungur fíll sem hefur verið tekinn frá fjölskyldu sinni. Ívan setur sér það markmið að Rósu líði vel á nýja staðnum. Best væri að hún kæmist í alvöru dýragarð.
304 bls.
**Bókaútgáfan Tindur**

IB


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Ekki opna þessa bók að eilífu

**Höf: Andy Lee**

**Þýð: Huginn Þór Grétarsson**

Áttunda bókin í þessum vinsæla bókaflokki. Í þessari bók ferðast lesandinn aftur í tíma í gegnum söguna alla leið aftur til Miklahvells. Bókin ýtir undir lestur barna. Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna.

32 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Fjaðrafok í mýrinni

**Höf: Sigrún Eldjárn**

Það er eitthvað undarlegt að gerast langt úti í sullandi og bullandi mýrinni. Hvaða rauðu slettur eru þarna úti um allt. Er það tómatsósa? Jarðarberjasulta? Eða kannski blóðslettur? Sjálfstætt framhald *Ófreskjunnar í mýrinni*. Litrík, spennandi og skemmtileg saga prýdd fjölda mynda eftir margverðlaunaðan metsöluhöfund.

96 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Eldur

**Höf: Björk Jakobsdóttir**

**Myndir: Freydís Kristjánsdóttir**

Þegar eldgos hefst í jöklinum fer í gang örvæntingarfull leit að Hetju og hinum hrossunum sem hafa forðað sér á hlaupum – en hvert hafa þau farið? *Eldur* fjallar um vinkonurnar Hetju og Björgu sem mega ekki hvor af annarri sjá. Æsispennandi og skemmtileg bók, sjálfstætt framhald af *Hetju* sem fékk afar góðar viðtökur.

168 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Fróði Sóði - Bók 5

**Höf: David Roberts**

Þetta er fimmta bókin í skemmtilegum bókaflokki um Fróða Sóða. Viltu kynnast Fróða? Hann hefur óteljandi ósiði! Hann er að springa úr geggjað ógeðslegum hugmyndum. Ef þú ert að leita að vandræðum þá þarftu ekki að leita lengra - Fróði er mættur!

Góðar lestrarbækur fyrir 8 ára + með fínu letri og góðu línubili.

96 bls.

**Rósakot**

KIL




## Elskuleg dóttir mín

**Höf: Nadia Sammurtok**

**Myndir: Pelin Turgut**

Með hlýju og ást útskýrir móðir fyrir dóttur sinni allt það sem hún elskar í fari hennar. Hún tengir ástina við náttúrukrafta norðurslóðanna og hefðbundið líf Inúíta; eldurinn í augum stúlkunnar brennur skært og minnir á hlýjan ljósloga, og hugrekki hennar og baráttuþrek minnir á fjólubláa steinbrjóta sem rísa upp úr haustsnjónum.

30 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Fróði Sóði - Bók 6

**Höf: David Roberts**

Þetta er sjötta bókin í skemmtilegum bókaflokki um Fróða Sóða. Viltu kynnast Fróða? Hann hefur óteljandi ósiði! Hann er að springa úr geggjað ógeðslegum hugmyndum. Ef þú ert að leita að vandræðum þá þarftu ekki að leita lengra - Fróði er mættur!

Góðar lestrarbækur fyrir 8 ára + með fínu letri og góðu línubili.

96 bls.

**Rósakot**

KIL




## Emma fer í útilegu um hávetur

**Höf: Eydís Herborg Kristjánsdóttir**

**Myndir: Claudia Favilli**

Þegar Emma fer til ömmu gerast ótrúleg ævintýri. Hugmyndabanki ömmu er nefnilega stærri en Atlantshafið. Í þetta sinn leggur amma til að fara í útilegu og grilla sykurpúða - en úti eru háir snjóskaflar! Þessi bók er heppileg til að æfa lestur, með stóru letri og góðu línubili.

50 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




***Ljósaserían***

## Gestur úr geimnum

**Höf: Hjalti Halldórsson**

**Myndh: Auður Ýr Elísabetardóttir**

Í Ljósaseríunni eru myndskreyttar barnabækur með fjölbreyttum efnistökum. Sögurnar eru eftir íslenska höfunda og túlkaðar af ólíkum myndskreytum. Bækurnar eru misþungar en hafa allar þægilegt letur og rúmt línubil.

72 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB



Hvern langar þig að hitta í dag?

Penninn Eymundsson




*Brásól Brella 2*

## Gildrur, gátur og Glundroði

**Höf: Ásrún Magnúsdóttir**
**Myndh: Iðunn Arna**

Brásól Brella hefur náð tökum á galdrakröftunum sínum. Eða svona nokkurn veginn. Það kemur nefnilega enn fyrir að hún galdri sig í örlítil vandræði. En núna er Kata systir hennar horfin og Brella kannast ekki við að eiga neinn þátt í því. Brella heldur því af stað inn í Stóraskóg í leit að systur sinni.

128 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB

---




## Gling Gló og kötturinn

**Höf: Hrafnhildur Hreinsdóttir**
**Myndir: Diandra Hwan**

Þriðja bókin um Gling Gló sem fer öðru hvoru til ömmu í pössun og leikur þar við Óbó vin sinn. Amma er hjátrúarfull og segir ýmislegt við börnin ef eitthvað gerist, sem þau taka bókstaflega. Dag einn þegar þau fara í gönguferð hleypur svartur köttur þvert fyrir þau. Amma segir það ills viti því þarna geti verið norn á ferð. Fallega myndskreytt bók.

45 bls.

**Gimbill bókasmiðja**

IB

---




## Gúmmí-Tarsan

**Höf: Ole Lund Kirkegaard**
**Þýð: Þuríður Baxter**

Gúmmí-Tarsan heitir réttu nafni Ívar Ólsen og er bæði lítill og mjór. Þegar hann hittir ósvikna galdranorn getur hann óskað sér hvers sem hann vill. Að minnsta kosti í einn dag. Bráðskemmtileg saga sem notið hefur fádæma vinsælda meðal íslenskra barna og er nú loks fáanleg að nýju.

79 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF

---




*Salka*

## Hrekkjavakan

**Höf: Bjarni Fritzson**

Í tilefni af hrekkjavökunni setti TikTok-stjarnan Gabbi Galdur af stað #graskeraáskorun. Við vinirnir ákváðum að taka þátt enda VIP-boðsmiði í hræðilegasta draugahús Íslandssögunnar í boði og það á sjálfri hrekkjavökunni. Sú ákvörðun átti eftir að verða okkur dýrkeypt og hrinti af stað einni svakalegustu atburðarás lífs míns.

190 bls.

**Út fyrir kassann**

IB

---




*Stjáni og stríðnispúkarnir*

## Hrekkjavökupúkar

**Höf: Zanna Davidson**

Hrekkjavakan er runnin upp og Stjáni og stríðnispúkarnir klæða sig í búninga og fara út að sníkja sælgæti. Stjáni verður óvænt viðskila við púkana og leitar þeirra alls staðar. Hefur Lúður virkilega komið sér fyrir í graskeri? Getur Stjáni bjargað Glimmer Dís þegar hún dettur ofan í balann? Hvað verður eiginlega um Dúsk?

80 bls.

**Rósakot**

IB

---




## Hundmann - Flóadróttinssaga

**Höf: Dav Pilkey**
**Þýð: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**

Fimmta bókin í bókaflokknum um hinn vinsæla Hundmann eftir Dav Pilkey, höfund Kapteins Ofurbrókar bókanna. Hér fer hann á kostum í húrrandi glensi og spaugi með ýmsum fíflagangi í bland. Fáar bækur eru elskaðar jafn heitt af ungum lesendum og Hundmann bækurnar.

256 bls.

**Bókafélagið**

IB

---




## Hænsnakofi minninganna

**Höf: Jóhannes Bergsveinsson**
**Myndir: Sigrún Eldjárn**

Hugljúfar minningar gamals manns handa barnabörnunum frá því að hann var lítill drengur í sveit á Breiðafirði á síðustu öld. Sögur af litlu gulu hænunni sem lendir í ýmsum ævintýrum við að ala upp ungana sína, og á í alls konar samskiptum við aðrar hænur og aðra fugla sem villast stundum inn í kofann.

55 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB

---




*Heimur framtíðar*

## Hættuför í huldubyggð

**Höf: Eva Rún Þorgeirsdóttir**
**Myndh: Logi Jes Kristjánsson**

Þegar Kata horfir á eftir Bröndu hverfa út í nóttina, grunar hana að konan sem hefur annast hana síðan pabbi hvarf sé ekki öll sem hún er séð. Kata kemst að því að Branda á sér leyndarmál sem á eftir að breyta öllu í lífi hennar. Fyrr en varir eru Kata og Jarkó lögð af stað með skeljaskrímslinu í leit að heiminum sem er hulinn mannfólki.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB

---




*Orri óstöðvandi*

## Jólin eru að koma

**Höf: Bjarni Fritzson**

Magga fékk að verja jólunum heima hjá mér og útkoman var rosaleg. Við lentum í snældubrjáluðum Jólahatara sem reyndi að skemma jólin fyrir allri götunni og svo voru foreldrar mínir hársbreidd frá því að aflýsa jólunum. Ég get ekki sagt meira en þetta er rosalegasta jólabók allra tíma, sérhönnuð til þess að koma þér í alvöru jólagír.

270 bls.

**Út fyrir kassann**

IB

---




*Spæjarastofa Lalla og Maju*

## Kappreiðaráðgátan

**Höf: Martin Widmark**
**Myndir: Helena Willis**
**Þýð: Æsa Guðrún Bjarnadóttir**

Allir krakkar þekkja Ráðgátubækurnar! Sjálfstæðar sögur sem henta vel fyrir spæjara sem vilja æfa lesturinn því að letrið er stórt, setningarnar eru stuttar og það eru skemmtilegar litmyndir á hverri síðu. Einn af öðrum detta hestarnir á kappreiðavelli Víkurbæjar úr leik og Lalli og Maja átta sig fljótt á að það er maðkur í mysunni.

94 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Kattmann myndasöguklúbbur

**Höf: Dav Pilkey**
**Þýð: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson**

Úr smiðju Dav Pilkey, höfundar Hundmann og Kapteins Ofurbrókar, kemur frábærlega fyndin bók með hinum óviðjafnanlega Kattmann, sem er persóna í hinum vinsælu Hundmann bókum.

174 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Leyndardómar Draumaríkisins

**Höf: Kamilla Kjerúlf**

Nóttina eftir að hinn ellefu ára Davíð varð fyrir höfuðhöggi í körfubolta er hann skyndilega staddur í Draumaríkinu, töfrandi stað þar sem draumar eru búnir til. Þar hittir hann Sunnu sem kynnir hann fyrir nýjum og spennandi heimi. En vandi steðjar að Draumaríkinu – martraðaskrímsli eru byrjuð að skemma drauma. Spennandi og skemmtileg verðlaunabók!

227 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Kobbi kanína

***Neðansjávar***

**Höf: Ellen Dagmar Björnsdóttir**

Í þessari bók ferðast Kobbi kanína neðansjávar og hittir alls konar verur. Hann fræðist um ýmis dýr og lærir góðar lífslexíur í leiðinni.

Kobbi hlakkar til að fá þig með í þetta ævintýri!

50 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Loki: leiðarvísir fyrir prakkara í vanda

**Höf: Louie Stowell**
**Þýð: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**
**Myndh: Louie Stowell**

Loki er þekktur fyrir prakkarastrik og ekki gengur honum vel að sanna fyrir Óðni að hann geti hagað sér almennilega! Hér kemur önnur bókin í ritröðinni um Loka og dvölina á jörðinni sem Óðinn skikkaði hann til. Bráðskemmtileg og fyndin bók með rætur í menningararfinum. Fyrsta bókin um Loka og leiðangur hans kom út hér á landi árið 2022.

284 bls.

**Kver bókaútgáfa**

IB




## Langafi og jökullinn sem hvarf

***Bók handa börnum og ferðamönnum á öllum aldri.***

**Höf: Þórarinn Leifsson**

Langafi rak tíu hesta yfir ísinn. Hundrað árum síðar kom ég á sömu slóðir og sá að jökullinn var horfinn! Bráðnun Breiðamerkurjökuls og tilurð Jökulsárlóns er þungamiðja ríkulega myndskreyttrar sögu um forfeður höfundar. Bókin er þegar komin út á fjórum tungumálum; íslensku, ensku, þýsku og spænsku.

66 bls.

**Lubbi**

IB




## Matthildur

**Höf: Roald Dahl**
**Þýð: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**
**Myndh: Quentin Blake**

Nú er komin ný útgáfa af þessari dásamlegu og skemmtilegu bók um Matthildi eftir Roald Dahl með myndlýsingu úr smiðju hins óviðjafnanlega Quentins Blakes.

232 bls.

**Kver bókaútgáfa**

KIL




## Lending

**Höf: Hjalti Halldórsson**

Flugvélin hristist og skelfur. Allt leikur á reiðiskjálfi. Hávaðinn er ærandi, hlutir kastast til og frá...

Þannig hefst sagan um Kareem sem kom til Íslands eftir lengsta ferðalag í heimi, kastaði upp, lærði að telja á dönsku, gleymdi því strax, eignaðist vini og óvin, var sakaður um þjófnað og barðist við að týna ekki voninni.

168 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Miðbæjarrottan

***Húsin í bænum***

**Höf: Auður Þórhallsdóttir**
**Myndh: Auður Þórhallsdóttir**

Þetta er þriðja bókin um miðbæjarrottuna Rannveigu. Nú kynnist hún gömlum fjósketti sem saknar sveitarinnar og segir húsin í Reykjavík vera ljót og leiðinleg en með hjálp frá Rannveigu og ömmu Bardúsu fer Fjalar fjósköttur að sjá borgina með öðrum augum.

44 bls.

**Skriða bókaútgáfa**

IB



Lestu með tilþrifum

Penninn Eymundsson




## Múmíuráðgátan

**Höf: Kristina Ohlsson**
**Þýð: Tinna Ásgeirsdóttir**

Konan lá á maganum með aðra höndina kreppta. Hún hreyfði sig ekki en þau gátu séð að hún andaði. Herbert kraup við hliðina á Sallý. – Halló, sagði hann hljóðlega við konuna. Konan lauk hægt upp augunum. Og svo hvæsti hún á þau. – Gætið ykkar, krakkar. Gætið ykkar á skrímslinu!

324 bls.

**Ugla**

IB




## Ofurskrímslið

**Höf: David Walliams**
**Þýð: Guðni Kolbeinsson**

Hörkuspennandi og sprenghlægilegt ævintýri eftir Íslandsvininn David Walliams. Fjarri heiminum sem við þekkjum á eldfjallaeyju umkringdum gráðugum hákörlum, er grimmdarskóli. Þegar Gletta er send í þennan skóla fyrir hrekkjabragð sér hún brátt að sitthvað mjög undarlegt er á seyði.

380 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Mömmuskipti

**Höf: Arndís Þórarinsdóttir og Hulda Sigrún Bjarnadóttir**

Linda hefur alltaf verið frægari en hana langar. Mamma hennar er áhrifavaldur sem tjáir sig óspart um fjölskyldulífið á netinu og barnamynd af Lindu er þekkt um allan heim. En nú er illt í efni! Mamma Lindu keppir um pláss í nýjum raunveruleikaþætti. Ef allt fer á versta veg fá þau nýja mömmu í heilan mánuð og alþjóð mun fylgjast með!

248 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Ráðgátan um skuggann skelfilega

**Höf: Kristina Ohlsson**
**Þýð: Tinna Ásgeirsdóttir**

Þetta er fyrsta bókin í spennandi bókaröð Kristinu Ohlsson um Draugastofuna. Ríkulega myndskreytt hlýlegum teikningum eftir myndhöfundinn Moa Wallin. Æsispennandi og fjörug ráðgáta til að leysa!

112 bls.

**Ugla**

IB




## Njála

**Höf: Brynhildur Þórarinsdóttir**
**Myndir: Margrét E. Laxness**

Sagan af Gunnari á Hlíðarenda, Hallgerði langbrók og fleiri fornum söguhetjum hefur lifað með þjóðinni öldum saman. Hér hefur *Njála* verið gerð aðgengileg fyrir börn og unglinga í knappri og auðlæsilegri endursögn. Í bókinni eru að auki fróðleiksmolar um *Njálu*, sögusvið hennar og sögutímann.

59 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Risaeðlugarðurinn

**Höf: Huginn Þór Grétarsson**

Þessi bók er sniðug fyrir börn sem heillast af risaeðlum. Stuttur texti á hverri blaðsíðu auðveldar börnum lestur bókarinnar.

Hentar vel fyrir börn sem eru að læra að lesa.

Aðrar nýjar bækur í sama flokki eru Alata á alvöru ísbjörn og Sæmi símasjúki.

20 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

SVK




## Norm

**Höf: Blær Guðmundsdóttir**

Norm er breskur strákur sem er alinn upp innan um bækur. Dag einn heldur hann til Íslands í leit að fornbók – sömu bók og foreldrar hans voru að leita að þegar þau hurfu fyrir einhverjum árum. Myndlýstur hryllingur í bundnu máli – fyrir þá sem þora!

56 bls.

**Bókabeitan**

IB




***Dagbók Kidda klaufa 17***

## Rokkarinn reddar öllu

**Höf: Jeff Kinney**
**Þýð: Helgi Jónsson**

Hér er komin sautjánda bókin í þessum vinsælasta bókaflokki heims. Kiddi klaufi vill verða frægur og ríkur. En hvernig fer maður að því? Jú, með því að vera í hljómsveit.

Íslenskar þýðingar Helga Jónssonar á bókunum eru margverðlaunaðar. Kiddi klaufi fær alla til að lesa, líka þá sem nenna því ekki.

224 bls.

**Sögur útgáfa**

IB

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka og bjóðum upp á Svansvottaða framleiðslu

Kiljur og harðspjaldabækur



Umbúðir Almenn prentun Bækur Límmiðar Stimplar

Lynghals 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
JAFNLAUNAVOTTUN


GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa



## Rumpuskógur: látum feldi fljúga

**Höf: Nadia Shireen**
**Þýð: Sólveig Sif Hreiðarsdóttir**
**Myndh: Nadia Shireen**

Æsispennandi og kostuleg ævintýri borgarrefanna og systkinanna Nönnu og Tedda halda hér áfram. Nú búa þau í Rumpuskógi og óvæntur gestur birtist. Þetta er einkar reffilegur refur en er hann með hættulegar áætlanir á prjónunum? Sprenghlægileg og spennandi bók, sem er skemmtilega myndlýst af höfundi.

240 bls.

**Kver bókaútgáfa**

IB



## Skrímslavinafélagið

**Höf: Tómas Zoëga**
**Myndir: Sólrún Ylfa Ingimarsdóttir**

Fyndin og fjörug saga, full af litríkum myndum, sem á örugglega eftir að kitla hláturtaugar 6 til 10 ára lesenda. Allir vita að bestu leyndarmálin eru geymd í leynifélögum. Þess vegna stofna Pétur og Stefanía Skrímslavinafélagið. Þegar þau finna dularfullt og hættulegt svart duft í skólanum sínum fara leikar að æsast.

132 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB



***Ævintýri morgunverðarklúbbsins***

## Skrímslið og týndi fótboltinn

**Höf: Marcus Rashford og Alex Falase-Koya**
**Þýð: Bjarni Stefán Konráðsson og Gunnar Kr. Sigurjónsson**
**Myndh: Marta Kissi**

Marcus verður fyrir því óláni að týna fótboltanum sínum og þegar hann fer að leita að honum, ásamt vinum sínum, kemst hann að því að ekki er allt sem sýnist. Bráðskemmtilegt ævintýri, bara pínulítið stressandi, fyrir alla fótboltakrakka - og hina líka.

256 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

KIL



***Spakur spennikló og slóttugi Sámur***

## Skuggaskóli

***Þrjár hrikalega spennandi sögur í einni bók***
**Höf: Tracey Corderoy Myndh: Steven Lenton**
**Þýð: Ásthildur Helen Gestsdóttir**

Það er hrekkjavaka í Skuggaskóla og draugur veldur usla á göngunum.

Á markaðnum fást hvorki ávextir né ber í baksturinn svo Spakur og Sámur rannsaka málið.

Vinnuflokkur þvottabjarna tekur til hendinni á forngrípasafninu sem þeir Spakur og Sámur eru sannfærðir um að hafa óhreint mjöl í pokahorninu.

128 bls.

**Kvistur bókaútgáfa**

IB



## Smáralindar-Móri

**Höf: Brynhildur Þórarinsdóttir**
**Myndir: Elías Rúni**

Vinirnir Flóki og Patti laumast inn á lokað byggingarsvæði þar sem risastór verslunarmiðstöð er að rísa. Skyndilega hverfur Patti og eftir það verður ekkert eins og áður. Ári síðar er Lotta með vinkonum sínum í Smáralind þegar hún tekur á rás og hverfur. *Smáralindar-Móri* er mergjuð saga fyrir lesendur sem kjósa spennu og dálítinn óhugnað!

104 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF



## Snúum og leikum teningaspil

**Þýð: Andri Karel Ásgeirsson**

Þessi skemmtilega bók hefur að geyma fimm spennandi teningaspil sem hægt er að spila heima en ekki síður á ferðalagi.

Brunið um á kappakstursbraut, fljúgið um himingeiminn eða njótið huggulegrar lautarferðar. Hvert borðspil hefur sína sérstöðu og öll ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi.

Borðspilin eru fyrir 2 til 5 leikmenn.

10 bls.

**Unga ástin mín**

IB



***Spæjarastofa Lalla og Maju***

## Spítalaráðgátan

**Höf: Martin Widmark Myndir: Helena Willis**
**Þýð: Æsa Guðrún Bjarnadóttir**

Skartgripir sjúklinganna hverfa ítrekað á spítala bæjarins. Hver er svona útsmoginn og ósvífinn? Stjörnuspæjararnir Lalli og Maja setja á svið fótbrot lögreglustjórans til að koma upp um þjófinn. Bráðfyndin og spennandi ráðgáta með litmyndum á hverri opnu. Ráðgátubækurnar eru frábærar fyrir krakka sem eru að byrja að lesa sjálf.

94 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB



## Stelpur stranglega bannaðar

**Höf: Embla Bachmann**
**Myndh: Blær Guðmundsdóttir**

Bíddu ha? Sónarmynd... í símanum hennar ömmu? Gætu hlutirnir mögulega orðið eitthvað verri?

Nýja stelpan í bekknum er búin að stela bestu vinkonu Þórdísar. Staða hennar sem eina stelpan í stórfjölskyldunni er í hættu. Þórdís vonar að þetta séu óþarfa áhyggjur; að hún haldi stöðu sinni í fjölskyldunni og nái að endurheimta bestu vinkonu sína.

144 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB






***Furðufjall 3***

## Stjörnuljós

**Höf: Gunnar Theodór Eggertsson**

**Myndir: Fífa Finnsdóttir**

Lokabindið í *Furðufjalls*-seríunni, sem er æsispennandi og ríkulega myndskreytt ævintýrasería fyrir börn og unglinga. Álfastúlkan Íma situr fangin ofan í gömlum hallarrústum þegar hvítur köttur birtist skyndilega. Andreasi er rænt af álfunum en verra er þó að erkióvinur hans, prinsinn, hefur fundið Hulinseyju og hyggur á hefndir.

336 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF

---




## Strandaglópar!

***(Næstum því) alveg sönn saga***

**Höf: Ævar Þór Benediktsson**

**Myndir: Anne Wilson**

Æsispennandi og (næstum því) sönn saga af því þegar afi (og nafni) Ævars vísindamanns fékk sérstakt leyfi til að heimsækja hina glænýju eyju Surtsey ásamt vini sínum. En þegar trillukarlinn sem skutlaði félögunum út í eyjuna gleymir að sækja þá eru góð ráð dýr. Komast strandaglóparnir heim aftur? Fyndin og fróðleg saga fyrir alla fjölskylduna.

32 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB

---




***Vinkonur***

## Strákamál 1: Besta sumarið

**Höf: Sara Ejersbo**

**Þýð: Ingibjörg Valsdóttir**

Jósefína fær loksins leyfi til að verja sumarfríinu hjá frænku sinni úti við sjóinn. Á morgnana á hún að vinna í íssjoppu og eftir hádegi lærir hún á brimbretti. Hún hefur sko engan tíma fyrir stráka og svoleiðis. En fyrsta daginn hittir hún Kris. Hann er rosalega sætur og hann kann að sörfa. Þetta virðist ætla að verða stórkostlegt sumar.

148 bls.

**Bókabeitan**

IB

---




***Vinkonur***

## Strákamál 2: Hættuleg hrifning

**Höf: Sara Ejersbo**

**Þýð: Ingibjörg Valsdóttir**

Emma fer í karateæfingabúðir og þar hittir hún Óliver. Allar stelpurnar eru spenntar fyrir honum en samt líka svolítið smeykar því Óliver er alltaf að slást. Emma bjargar honum frá því að vera sendur heim með því að þykjast vera kærastan hans og í staðinn lofar Óliver að hjálpa henni að æfa sig. Þá sér Emma hliðar á honum sem aðrir þekkja ekki.

144 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB

---




***Pétur og Brandur***

## Stund hanans

**Höf: Sven Nordqvist**

Dag einn kemur Pétur heim með pappakassa sem í reynist vera hani. Hænurnar á bænum sjá ekki sólina fyrir honum en Brandur skilur ekkert í öllu fjaðrafokinu enda aldrei, ekki í eitt sekúndubrot, þurft á hana að halda. Lífið á bænum tekur miklum stakkaskiptum. Brandur fær ekki lengur að stríða hænunum og þarf að þola stanslaust hanagal alla daga.

27 bls.

**Kvistur bókaútgáfa**

IB

---




***Súperbækur***

## Súper Kröftug

**Höf: Soffía Elín Sigurðardóttir og Paola Cardenas**

**Myndh: Viktoría Buzukina**

Maya og Maks eru nýflutt til Íslands. Súper Kröftug kennir þeim hjálplegar leiðir til þess að aðlagast nýju samfélagi. Þátttaka barna í íþróttum og tómstundastarfi er áhrifarík leið til að verða hluti af hópi og læra tungumálið.

32 bls.

**Sjálfstyrkur**

IB

---




## Sveindís Jane - Saga af stelpu í fótbolta

**Höf: Sveindís Jane Jónsdóttir**

Sveindís Jane er nú í röð fremstu fótboltakvenna heims og lykilmanneskja í íslenska landsliðinu. Hún hafði þó meiri áhuga á að renna sér á hjólabretti en fótbolta þegar hún var að alast upp en dag einn barst henni bréf. Sagan af því þegar hún fann fótboltann og uppgötvaði að hún hljóp hraðar en hinir á vellinum er leiftrandi skemmtileg.

76 bls.

**Loki**

IB

---




## Svona tala ég

**Höf: Helen Cova**

**Myndir: Rubén Chumillas**

Gleymdu þér í frábæru ævintýri Simonu þar sem hún uppgötvar heim íslenskrar tungu.

Þessi bók er ómissandi fyrir þá sem vilja stuðla að samþættingu og virðingu fyrir öllum börnum, sama hvaða uppruna þau hafa eða hvaða hreim þau tala íslensku með. Sagan minnir okkur á hvað við erum öll heppin að geta talað íslensku.

40 bls.

**Karíba útgáfa**

IB

---




***Leyndarmál Lindu***

## Sögur af ekki-svo frábærri hvolpafóstru

**Höf: Rachel Renée Russell**

**Þýð: Helgi Jónsson**

Linda og bestu vinir hennar fara út í frekar sérstakt leyniverkefni: að bjarga sjö hvolpum og Móru mömmu þeirra. Til þess þarf Linda að fela hundana fyrir foreldrum sínum! Bækurnar um Lindu hafa slegið í gegn og setið á metsölulistum víða um heim um árabil. Fjörlegar teikningarnar og léttleikandi textinn gera lesmálið aðgengilegt og skemmtilegt.

344 bls.

**Sögur útgáfa**

IB

---




***Sherlock Holmes handa ungum lesendum***

## Tákn fjórmenninganna

**Höf: Arthur Conan Doyle**

**Þýð: Steingrímur Steinþórsson**

Þegar Sherlock Holmes er beðinn um að skoða undarleg skilaboð til ungrar konu eiga hvorki hann né Watson von á að dragast inn í vef áratuga gamalla svika. Áður en þeir vita af eru þeir komnir í hættulegan næturleiðangur til að fletta ofan af merkingunni á bak við tákn fjórmenninganna og leysa löngu grafinn glæp.

176 bls.

**Skrudda**

IB




## Trölli litli og skilnaður foreldra hans

**Höf: Aldís Guðrún Gunnarsdóttir**

**Myndir: Li Winkel**

Trölli litli hafði tröllatrú á því að tröll myndu aldrei, aldrei skilja. En svo fór allt til andsk… úps! Afsakið. Bannað að blóta! Í þessari sögu vakna margar spurningar sem ungir lesendur kunna að hafa um skilnað og hvernig lífinu er háttað eftir slíkar stórbreytingar í lífi þeirra.

30 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




## Vetrardagur í Glaumbæ

**Höf: Berglind Þorsteinsdóttir**

**Myndh: Jérémy Pailler**

Hefur þú einhvern tímann velt því fyrir þér hvernig það var að alast upp í torfbæ í gamla daga? Hér er komið framhald sögunnar *Sumardagur í Glaumbæ*. Í þessari ríkulega myndskreyttu sögubók er Glaumbær sveipaður vetrarbúningi og við fylgjumst með Jóhönnu, Sigga og heimilishundinum Ysju við jólaundirbúning. Bókin kemur út á fjórum tungumálum.

36 bls.

**Byggðasafn Skagfirðinga**

IB




*Þín eigin saga*

## Veiðiferðin

**Höf: Ævar Þór Benediktsson**

Þrumuguðinn Þór og jötunninn Hymir eru á leið í lífshættulega bátsferð. Þeir ætla að róa út á haf til að veiða sjálfan Miðgarðsorminn og ÞÚ ræður hvað gerist! Bækur Ævars Þórs þar sem lesandinn ræður ferðinni njóta mikilla vinsælda. Hér er komin stutt og litrík saga sem byggist á bókinni *Þín eigin goðsaga* og hentar byrjendum í lestri.

64 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## A Winter Day at Glaumbær

**Höf: Berglind Þorsteinsdóttir**

**Myndh: Jérémy Pailler**

**Þýð: Íris Olga Lúðvíksdóttir**

Have you ever wondered what it was like growing up in a 19th century turf farm? *A Winter Day at Glaumbær* is the sequel to the book, *A Summer Day at Glaumbær*. In this delightfully illustrated story, we follow Jóhanna, Siggi and the farm dog Ysja as they prepare for Christmas. The book is published in four different languages.

36 bls.

**Byggðasafn Skagfirðinga**

IB




## Verstu gæludýr í heimi

**Höf: David Walliams**

**Þýð: Guðni Kolbeinsson**

Tíu frábærar sögur um verstu gæludýr í heimi sem munu fá þig til að hristast af hlátri. Eftir lestur þessarar bókar munt þú aldrei líta gæludýr sömu augum.

308 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Wintertag in Glaumbær

**Höf: Berglind Þorsteinsdóttir**

**Myndh: Jérémy Pailler**

**Þýð: Evelyn Ýr Kuhne**

Wie war es wohl, in einem Torfhaus zu leben und aufzuwachsen? Dieses Buch ist die Fortsetzung der sommerlichen *Geschichten aus dem Torfhaus*. Mit farbenfrohen Illustrationen begleiten wir das Mädchen Johanna, ihren Freund Siggi und den Hofhund Ysja einen Tag in der Vorweihnachtszeit.

36 bls.

**Byggðasafn Skagfirðinga**

IB




## Vondir gaurar 4

**Höf: Aaron Blabley**

Þetta er kettlinga zombí heimsendir!!
Ættir þú að hræðast? Já!
Ættir þú að gráta? Já!
Ættir þú að pissa í buxurnar? Nei!
Vondu gaurarnir eru mættir aftur!
Bækur sem fá krakka til að lesa!
5. bókin kemur einnig út fyrir jól.

140 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

KIL




## Un jour d'hiver à Glaumbær

**Höf: Berglind Þorsteinsdóttir**

**Myndh: Jérémy Pailler**

**Þýð: Jérémy Pailler**

Vous êtes-vous déjà demandé à quoi ressemblait la vie dans une ferme de tourbe du 19ème siècle? *Un jour d'hiver à Glaumbær* est la suite du livre *Un jour d'été à Glaumbær*. Dans ce nouvel album illustré, nous retrouvons Jóhanna, Siggi et leur chienne Ysja qui se préparent pour les fêtes de Noël.

36 bls.

**Byggðasafn Skagfirðinga**

IB

Þú verður aldrei yfirgefinn
ef þú elskar sjálfan þig




## Ævintýrið um Víólu, Sæsa og illskeyttu nornina Elvíru

**Höf: Steinunn María Halldórsdóttir og Rannveig Lund**

**Myndh: Nina Ivanova**

Sæsi flýr að heiman og sest að í skógi. Hann þekkir engann þar og leiðist. Það lagast þegar hann hittir Víólu og síðar Elvíru sem hann verður ástfanginn af. Hún er norn en Sæsi hefur ekki hugmynd um það. Elvíra týnir galdrasprotanum og getur því ekki galdrað allt sem hún vill en nægilega mikið til þess að valda vandræðum og veseni.

96 bls.

**Lestrarsetur Rannveigar Lund**

SVK HLB

# Barnabækur

## FRÆÐI OG BÆKUR ALMENNS EFNIS




### Árstíðir

***Vinnubók***

**Höf: Karítas Hrundar Pálsdóttir**

Verkefnabók ætluð þeim sem tileinka sér íslensku sem annað mál. Bókin styður við lestur og kennslu örsagnasafnsins *Árstíðir* sem notið hefur mikilla vinsælda og verið kennd á ýmsum skólastigum á Íslandi, ólst og erlendis. Efnið var unnið í samráði við nemendur og kennara í faginu og nýtist í sjálfsnámi jafnt sem grunn-, tungumála-, framhalds- og háskóla.

263 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK




### Dýrin

***sem eru skringileg og líka skemmtileg, ógurleg og ófrýnileg, framandi og furðuleg en fyrst og fremst forvitnileg***

**Höf: Vera Illugadóttir og Illugi Jökulsson**

Þau eru ægileg, hlægileg, furðuleg og forvitnileg! Dýrin, eftir feðginin Veru Illugadóttur og Illuga Jökulsson. Bók stútfull af myndum, fróðleik og skemmtilegum sögum af dýrunum. Bráðskemmtileg, illvíg og ófrýnileg. Baneitruð, krúttleg, örsmá og risastór. Útdauð, ómissandi, ótrúleg og sprenghlægileg!

236 bls.

**Sögur útgáfa**

IB







### Ég þori! Ég get! Ég vil!

***Þegar íslenskar konur höfðu svo hátt að allur heimurinn heyrði í þeim***

**Höf: Linda Ólafsdóttir**

Gullfalleg myndabók eftir verðlaunahöfundinn Lindu Ólafsdóttur um kvennafrídaginn 1975, þegar íslenskar konur tóku sér frí, gengu út af heimilum sínum, skólum og vinnustöðum og kröfðust jafnréttis og breytinga. Bókin hefur þegar komið út í Bandaríkjunum og hlotið afar jákvæðar viðtökur.

40 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




### Fánar

**Þýð: Huginn Þór Grétarsson og Kristian Guttesen**

Bókin er sneisafull af áhugaverðum upplýsingum, með góðum útskýringarmyndum og ríkulega skreytt. Vonandi svarar hún öllum þínum spurningum og fræðir þig með fjölda áhugaverðra staðreynda um fána heimsins.

Það er sannkallað fjör að fræðast!

64 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

IB




### Fótboltaspurningar 2023

**Höf: Guðjón Ingi Eiríksson**

Splunkuný bók í þessum vinsæla bókaflokki. Spurt er um íslenska boltann, enska boltann, Evrópudeildirnar, HM í Katar og margt, margt fleira.

Hvað heitir heimavöllur Leeds?

Vanda Sigurgeirsdóttir, formaður Knattspyrnusambands Íslands, ólst upp á Sauðárkróki, en með hvaða liði á Norðurlandi lék hún fyrstu meistaraflokksleiki sína?

79 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

SVK




***Vísindalæsi***

### Hamfarir

**Höf: Sævar Helgi Bragason**

**Myndir: Elías Rúni**

Mögnuð bók úr hinum vinsæla Vísindalæsisflokki. Jörðin, heimili okkar allra, hefur gengið í gegnum hryllilegar hamfarir frá upphafi, til dæmis þegar tunglið varð til og þegar risaeðlurnar dóu út. Bókin er prýdd fjölmörgum ótrúlega flottum litmyndum Elíasar Rúna. Komdu í tímaferðalag með Stjörnu-Sævari!

84 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB




### Hin íslenska litabók

**Höf: Sísí Ingólfsdóttir**

Ferðastu um Ísland og gefðu sköpunargleðinni lausan tauminn með þessari skemmtilegu og einstöku litabók úr smiðju listakonunnar Sísíar Ingólfsdóttur. Í bókinni má finna 54 myndir sem sýna íslenska náttúru, þjóðlíf, menningu og ýmis sérkenni íslensku þjóðarinnar.

64 bls.

**Salka**

SVK



GOR Gormabók | HSP Harðspjalda bók | HLB Hljóðbók | IB Innbundin bók | KIL Kilja | RAF Rafbók | SVK Sveigjanleg kápa




## Í eldhúsinu með Hrefnu Sætran

**Höf: Hrefna Sætran**

Stjörnukokkurinn Hrefna Sætran kynnir nýja matreiðslubók. Í henni eru ótal einfaldar og stórskemmtilegar uppskriftir, ætlaðar krökkum á öllum aldri.

Hrefna leggur áherslu á að best sé að borða fjölbreytt og er bókin kaflaskipt eftir um hvaða tíma dagsins sé að ræða. Uppfull af uppskriftum og matarfróðleik.

128 bls.

**Hrefna Sætran**

IB




## Íslensk myndlist og fólkið sem ruddi brautina

**Höf: Margrét Tryggvadóttir**

Hér er sagt frá nokkrum brautryðjendum sem lögðu grunn að íslenskri listasögu. Lögð er áhersla á að kynna það fólk sem stundaði fyrst myndlist á Íslandi og lærði erlendis og eru hér aðeins fáir nefndir af þeim sem ruddu brautina. Margrét Tryggvadóttir, höfundur bókarinnar, hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar fyrir bækur sínar.

98 bls.

**Forlagið - Iðunn**

IB




## Langelstur á bókasafninu

**Höf: Bergrún Íris Sævarsdóttir**

**Myndh: Bergrún Íris Sævarsdóttir**

Ætli draugar þurfi að tannbursta sig? hugsar Eyja en hristir svo höfuðið. Rögnvaldur er ekki draugur. Hann er bara með henni í anda, svona vinur sem hún getur hitt í huganum, hvenær sem hún saknar hans. Langelstur á bókasafninu er allt í senn lestrardagbók, þrautabók, litabók og bráðfyndin skáldsaga.

112 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Lesum um fugla

**Höf: Árni Árnason Hafstað**

Þessi fallega bók er hugsuð fyrir börn sem eru farin að lesa sér til gagns en hún gagnast öllum þeim sem hafa áhuga á að kynnast algengum fuglum í íslenskri náttúru. Hér eru kynntar um 70 tegundir í stuttu máli og með vönduðum ljósmyndum. Þetta er kjörin bók fyrir börn og foreldra til að lesa saman og ræða um.

160 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




***Vísindalæsi***

## Úps! Mistök sem breyttu heiminum

**Höf: Sævar Helgi Bragason**

**Myndir: Elías Rúni**

Öll gerum við mistök. En í stað þess að svekkja okkur á því ættum við frekar að opna þessa bók og lesa okkur til um alls konar fólk sem gerði mistök sem leiddu til stórkostlegra hluta. Björguðu jafnvel mannslífum. Eða færðu okkur popp. Þriðja léttlestrarbókin í Vísindalæsisflokknum – með frábærum litmyndum Elíasar Rúna á hverri opnu.

74 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB HLB



# *Unglingabækur*

## SKÁLDVERK



## Dagbók Drekagyðjunnar

**Höf: Guðrún Ósk Aðalsteinsdóttir**

**Myndir: Guðrún Ósk Aðalsteinsdóttir**

Ung stúlka að nafni Angelica White lendir í því einn daginn að dragast inn í annan heim, sem er fullur af galdraverum. Til að komast heim þarf hún að finna manneskju sem hvarf fyrir fimmtíu árum. Þar á meðal finnur hún hálsmen sem dregur hana í marga alda stríð á milli ætta.

**Guðrún Ósk Aðalsteinsdóttir**

KIL




***Dreim***

## Fall Draupnis

**Höf: Fanney Hrund Hilmarsdóttir**

Bella þráir ekkert heitar en komast burt frá myrkrinu í mömmu. Eftir að hún, Alex og Asili lenda í átökum uppi við fossinn fær Bella óskina uppfyllta. Aldrei hefði hana þó órað fyrir að vakna handan skilanna. Hvað þá að líf allra sem þau elskuðu ylti á baráttu þeirra í nýrri veröld, í nýjum sporum – en með gamlan óvin sér við hlið.

392 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Hrím

**Höf: Hildur Knútsdóttir**

Hætturnar leynast víða á annars konar Íslandi þar sem mannfólk deilir landinu með risavöxnum dýrum, ekki síst á veturna þegar hrímsvelgirnir koma niður af hálendinu. Líf Jófríðar umturnast þegar hún þarf að velja á milli tveggja stráka og ábyrgðin á velferð Mývatnsskarans hvílir skyndilega á hennar herðum. Ævintýraleg þroskasaga um ástir og örlög.

338 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Kennarinn sem sneri aftur

**Höf: Bergrún Íris Sævarsdóttir**

**Myndh: Bergrún Íris Sævarsdóttir**

Þótt krakkarnir í 8. BÖ hafi myndað þéttan vinahóp treystir Stefanía engum fyrir því sem gengur á heima. Þegar krakkarnir fara á hrekkjavökuhátíð fer af stað röð dularfullra atburða og Stefanía þarf að kafa djúpt eftir hugrekki sínu til að takast á við skelfilegar og krefjandi ógnir.

184 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




***Síðasti seiðskrattinn bók 3***

## Návaldið

**Höf: Ólafur Gunnar Guðlaugsson**

Lokabindið í æsispennandi fantasíuþríleik fyrir börn og unglinga. Hildur, Theódóra og Baldur eru uppgefin eftir innrásina frá Túle. Bjarni vinur þeirra er fastur í öðrum veruleika þar sem Návaldið skelfilega leikur lausum hala. Úrslitaorrustan við hinn hinsta dauða nálgast hratt, en kraftar söguhetjanna eru öflugri en þau grunar.

336 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF




## Stolt

**Höf: Margrét Tryggvadóttir**

Blær ræður sig í sumarvinnu úti á landi. Hún heillast af Felix en finnur aldrei rétta tækifærið til að segja honum að hún sé trans. Fljótlega kemst Blær að því að gamalt mannshvarf tengist Felix og húsinu sem hún býr í og að þar hafi óhugnanlegir atburðir gerst. Hröð og spennandi saga úr sama söguheimi og *Sterk*.

280 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF




***Dulstafir***

## Orrustan um Renóru

**Höf: Kristín Björg Sigurvinsdóttir**

Eftir hrakfarirnar í marmaraborginni standa Elísa og gæslumennirnir frammi fyrir krefjandi ferðalagi sem fer með þau um gjörvallt landið. Hættur leynast víða, sterkar tilfinningar krauma og ungmennin þurfa að taka erfiðar ákvarðanir. Lokaorrustan við steingyðjuna er framundan og örlög allrar Renóru hvíla á herðum þeirra.

346 bls.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

IB KIL RAF HLB




## Vatnið

**Höf: Ólöf Vala Ingvarsdóttir**

Við Djúpvitravatnið standa tvær borgir, Silfurskeiðaborg og Vatnadísarborg, hvor sínu megin við vatnið. Vatnið er matarkista borgarbúa, en þar veiðast líka allskonar fræði, sögur og ljóð. Það eru erfiðir tímar því nú hefur nornin Emja eitrað allt með illsku sinni og lygi.

200 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




***Álfheimar***

## Ófreskjan

**Höf: Ármann Jakobsson**

Konáll, Soffía, Pétur og Dagný hafa verið krýnd konungar í heimi álfanna. Konáll er alsæll í nýju hlutverki þótt hann kæri sig lítið um áskoranir sem fylgja. Fljótlega taka þau eftir illum öflum sem kannski hafa slæðst úr öðrum heimum og yfir vofir að hin ógurlega ófreskja Vritra geti losnað úr álögum og þá er bæði konungsríkinu og heiminum hætt.

208 bls.

**Angústúra**

IB




## VeikindaDagur

**Höf: Bergrún Íris Sævarsdóttir**

**Myndh: Sigmundur B. Þorgeirsson**

Þetta byrjaði þegar ég gleymdi að taka lyfin. Fimm dögum síðar ligg ég í líkhúsinu ... dáinn og stjarfur á köldu stálborðinu. Dagur er eitthvað svo ólíkur sjálfum sér, með botnlausa matarlyst, dynjandi höfuðverk, gloppur í minninu og óteljandi spurningar. Hvað varð eiginlega um Breka? Af hverju er auga í klósettinu? Á hann kannski séns í Ylfu Dögg?

116 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Skandar og draugaknapinn

**Höf: A.F. Steadman**

**Þýð: Ingunn Snædal**

Ævintýrið um Skandar og einhyrningana heldur áfram. Skandar hefur uppfyllt drauma sína og er orðinn einhyrningaknapi og þjálfari. En ógnin er aldrei fjarri og þegar hann og félagar hans hefja sitt annað ár á Eyjunni blasir við þeim ný og ófyrirséð ógn. Getur Skandar komið í veg fyrir sjálfseyðingu Eyjunnar, áður en það er of seint fyrir þau öll?

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK




***Vinkonur***

## Youtuber í einn dag

**Höf: Sara Ejersbo**

**Þýð: Ingibjörg Valsdóttir**

Bekkurinn ætlar að taka þátt í keppninni Youtuber í einn dag og þótt Amöndu finnist hugmyndin heimskuleg fær myndbandið hennar um umhverfisvernd flest áhorf. Í fyrsta skipti upplifir hún að vera vinsæl!

130 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Skólaslit 2

***Dauð viðvörun***

**Höf: Ævar Þór Benediktsson**

**Myndir: Ari H.G. Yates**

Ár er liðið frá því að hugrakkir krakkar gjörsigruðu myrkraverur sem höfðu lagt Reykjanesið undir sig. Allt endaði vel og allir gátu andað léttar. Eða hvað? Þegar hópur unglinga skellir sér í ferðalag út á land kemur í ljós að enginn er óhultur. Allra síst krakkarnir í öftustu rútunni ... Sjálfstætt framhald metsölubókarinnar *Skólaslita*.

219 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB






GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa

# Teiknimyndasögur




***Goðheimar 13***
## Feigðardraumar
**Höf: Peter Madsen**
**Þýð: Bjarni Frímann Karlsson**
Þrettánda bókin í þessum sívinsæla flokki kemur nú í fyrsta sinn út á íslensku. Loki er þjakaður af martröðum sem runnar eru undan rifjum Heljar og í verstu martröðinni verður hann Baldri að bana. Loki einsetur sér að passa upp á Baldur til þess að draumurinn rætist ekki – sem reynist mjög erfitt, ekki síst fyrir Höð, hinn blinda bróður Baldurs.
48 bls.
**Forlagið - Iðunn**
IB




## Hjartastopp
***Fyrsta bók***
**Höf: Alice Oseman**
**Þýð: Erla E. Völudóttir**
Æðisleg myndasaga fyrir börn og unglinga sem hefur farið sigurför um heiminn. Charlie fellur fyrir Nick, skólafélaga sínum, þrátt fyrir að hann viti að Nick hafi engan áhuga á strákum. Þeir verða góðir vinir og þurfa að horfast í augu við tilfinningar sínar. Vinsælir sjónvarpsþættir á Netflix hafa verið gerðir eftir sögunni.
278 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**
SVK




## Hjartastopp
***Önnur bók***
**Höf: Alice Oseman**
**Þýð: Erla E. Völudóttir**
Einlæg og snjöll myndasaga fyrir börn og unglinga sem hefur farið sigurför um heiminn. Eftir kossinn áttar Nick sig á því að hann er hrifinn af Charlie. En hann hefur líka verið skotinn í stelpum. Hvað þýðir það? Og þarf hann að segja öllum heiminum frá því hver hann er? Eða fær hann tíma til að átta sig á því sjálfur?
300 bls.
**Forlagið - JPV útgáfa**
SVK




## Jólasyrpa 2023
**Höf: Walt Disney**
Vertu í hátíðarskapi með félögum okkar úr Andabæ!
256 bls.
**Edda útgáfa**
IB



# Skáldverk
## ÍSLENSK




## Aksturslag innfæddra
**Höf: Þórdís Gísladóttir**
Sjö smásögur sprottnar úr raunveruleikanum. Við sögu kemur fjölbreyttur hópur fólks sem lesendur kannast hugsanlega við. Hér er greint frá atburðum sem gætu virst hversdagslegir og smávægilegir við fyrstu sýn en endurspegla stærri og flóknari hliðar tilverunnar.
114 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**
SVK




## Armeló
**Höf: Þórdís Helgadóttir**
Elfur hatar að ferðast. Einhverra hluta vegna er hún samt komin hingað, til þessa óspennandi smábæjar, með Birgi. Nema Birgir er allt í einu horfinn, ásamt bílnum og öllum farangrinum. Hún skilur þetta ekki, hann er ekki beint hvatvís. En það var eitthvað sem hann sagði kvöldið sem þau rifust í fyrsta skipti. Kvöldið áður en þau komu til Armeló.
373 bls.
**Forlagið - Mál og menning**
IB RAF




***Söngur Súlu 2***
## Ást í mörgum myndum
**Höf: Hrafnhildur Valgarðsdóttir**
Bókin er framhald skáldsögunnar *Söngur Súlu* og fjallar nú um líf hennar í höfuðborginni á árunum 1964-1966. Súla býr í húsi þar sem einnig er starfandi bókaútgáfa og þar kynnist hún heimi bókanna. Eins og áður koma ýmsar aðrar persónur við sögu ásamt skrautlegum ástarmálum þeirra.
205 bls. / klst.
**Krass**
KIL




## Babúska
***Reimleikar og voðaverk***
**Höf: Hallveig Thorlacius**
Ung stúlka í Reykjavík verður fyrir bíl og lætur lífið. Rússnesk stúlka, sem vinnur við skúringar, er eina vitnið að atburðinum.
Norður í Urriðavík stendur öll sveitin á öndinni vegna dularfullra morða og reimleika.
Tengjast þessir atburðir?
Hallveig Thorlacius leysir gátuna í grípandi og spennandi frásögn sem er ekki laus við gráglettni.
227 bls.
**Ormstunga**
KIL




## Best fyrir

**Höf: Andri Freyr Sigurpálsson, Daníel Daníelsson, Jóna Valborg Árnadóttir, Margrét Eymundsdóttir, Rebekka Atla Ragnarsdóttir og Valgerður Ólafsdóttir**

Framtíðin er ekki óskrifað blað í augum þeirra höfunda sem deila hér reynslu sinni. Í níu sannsögum er ferðast um tímann í gegnum heimaslátrun, átök við íslenska veðrið, skíðakennslu á Ítalíu, ástir, eftirpartí, undarlegt háttalag konu um nótt og súran kvíða samtímans. Hér er tekist á við kunnuglegan tilvistarótta og gefin fyrirheit um framhaldið.

194 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Biluð ást

**Höf: Sigurjón Magnússon**

Nanna er látin – konan sem Jóhann Máni elskaði. Það var biluð ást. Hér segir frá harkalegum örlögum manns sem hafði margt til brunns að bera, var gæddur góðum gáfum, óvanalegu líkamlegu atgervi og hugdirfsku. En ástina kunni hann ekki að varast. Mögnuð bók eftir einn okkar fremsta höfund.

484 bls.

**Ormstunga**

IB




## Blóðmjólk

**Höf: Ragnheiður Jónsdóttir**

Lesandinn sogast inn í vinkvennahóp sem verður fyrir miklu áfalli þegar ein þeirra deyr með hræðilegum hætti. Sjónarhornið flakkar á milli kvennanna þannig að lesandinn kynnist persónunum frá ýmsum hliðum. Hvað gerðist eiginlega? Og ef það var framinn glæpur, hver er hinn seki? Þessi skvísukrimmi fékk glæpasagnaverðlaunin Svartfuglinn.

204 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Blóðsnjór

**Höf: Helgi Jónsson**

Gamall maður stingur af frá Hrafnistu. Hvert leið hans liggur veit enginn. Leiðarvísirinn er gömul bróðurminning sem engum er annt um nema honum. Það er verk sem þarf að klára áður en hann yfirgefur þetta jarðlíf, því sumar bernskuminningar hverfa aldrei. Blóðsnjór er saga um ást sem nær út fyrir gröf og dauða.

142 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

KIL




## Borg hinna dauðu

**Höf: Stefán Máni**

Föstudagskvöld nokkurt í september yfirgefur hin 19 ára gamla Sigríður Bella Ólafsdóttir heimili sitt við Dragaveg. Hún segir engum hvert hún er að fara. Þegar hún skilar sér ekki heim hringja foreldrarnir á lögregluna. Það er eins og jörðin hafi gleypt dóttur þeirra. Spennan er yfirþyrmandi þegar Hörður Grímsson glímir við sitt flóknasta mál.

382 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Ból

**Höf: Steinunn Sigurðardóttir**

LínLín er ekki fisjað saman. Þrátt fyrir sáran missi og þung áföll stendur hún keik. En nú er komið að ögurstund: Náttúran fer hamförum við sælureitinn hennar í sveitinni. Einbeitt heldur hún þangað, til móts við minningarnar, leyndarmálin og sorgirnar stóru. Mögnuð saga um ofurást og hjartasorg, styrk og uppgjöf, eldheitt verk frá snilldarhöfundi.

206 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Dauðadjúp sprunga

**Höf: Lilja Sigurðardóttir**

Snjöll og áhrifarík spennusaga um ógn og ofbeldi, blekkingar og trúnað, fimmta og seinasta bókin um tvíeykið Áróru og Daníel. Áróru líður skár síðan lík systur hennar fannst eftir langa leit en morðmálið er enn óleyst. Peningaþvætti sem hún rannsakar reynist annað og meira, og brátt liggja þræðirnir á ný í Engihjallann, heim til systurinnar sem dó.

262 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF HLB




## Dauði Francos

**Höf: Guðbergur Bergsson**

Árið 1975 fylgist Guðbergur með nokkurra vikna dauðastríði Francos og skrásetur í dagbók. Brot úr dagbókinni birtist á sínum tíma í Þjóðviljanum en hér má í fyrsta skipti líta skrásetninguna í heild sinni. Höfundur dregur upp einstaka mynd af endalokum einræðisherra og þeirri ringulreið sem skapast í spænsku samfélagi við yfirvofandi fráfall hans.

101 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Davíð Wunderbar

**Höf: Hákon J. Behrens**

Þrátt fyrir sakleysislega kápu er rétt að vara fólk við því að lesa þessa bók. Það er ekki nóg með að Starkaður Starkaðsson fari offari í þráhyggju sinni gagnvart mælingu tímans heldur finnur hann þörf fyrir að bregða fyrir sig ruddalegu orðfæri þegar hann ferðast djúpt niður í myrkur mannssálarinnar, til staða sem engum er hollt að heimsækja.

183 bls.

**Ormstunga**

SVK




## Deus

**Höf: Sigríður Hagalín Björnsdóttir**

Skáldið Sigfús missir tökin á lífinu þegar hann finnur guð. Unglingurinn Ísabella glímir við stórar og flóknar tilfinningar. Blaðamaðurinn Andri Már þarf að fóta sig á nýjum og ókunnuglegum vettvangi. Örlög þeirra fléttast saman við áform nýsköpunarfyrirtækisins DEUS Technologies um að þróa trúarbrögð sem gervigreind.

203 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## DJ Bambi

**Höf: Auður Ava Ólafsdóttir**

Bambi er 61 árs gömul trans kona sem vann áður sem plötusnúður en er í dag sérfræðingur í smæstu byggingareiningum mannslíkamans, frumum. Þetta er saga hennar frá því hún deildi móðurkviði með tvíburabróður sínum og þar til hún fór að taka kvenhormón. Auður Ava heldur hér áfram rannsókn sinni á kynjuðum heimi.

192 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Draumur Jórsalafarans

**Höf: Kristján L. Guðlaugsson**

Sagan gerist í Þýskalandi á krossferðatímum og segir af ungum pílagrími sem dvelur í suðurþýskum smábæ á leið sinni til fyrirheitna landsins. Hann tekst þar á við höfuðskepnur lífs síns, ástina, valdboð mannanna og gørótta fortíð.

296 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Duft

***Söfnuður fallega fólksins***

**Höf: Bergþóra Snæbjörnsdóttir**

Verónika er einkadóttir vellauðugra líkamsræktarfrömuða á Íslandi sem eru helteknir af yfirborðinu. En það sem marir undir seytlar samt óhjákvæmilega í gegn. Duft spinnur margslunginn vef um líf Veróniku og fjallar um líkindi truflaðrar fjölskyldu við sértrúarsöfnuð, og hvernig venjulegt fólk kemur sér í óvenjulegar aðstæður.

345 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB







## Dúnstúlkan í þokunni

**Höf: Bjarni M. Bjarnason**

Drauma-Jói fæddist um miðja 19. öld norður á Langanesi og var af galdramönnum kominn í beinan karllegg. „Árum saman, sérstaklega á milli tvítugs og þrítugs, bjó hann yfir mikilli fjarskyggnigáfu," sagði dr. Ágúst H. Bjarnason um hann í vísindagrein árið 1915. Í þessari sögulegu skáldsögu er byggt á sögum af þessum einstaka manni og örlögum hans.

336 bls.

**Veröld**

IB RAF



## Eftirvæntingin

**Höf: Björn H. Jóhannesson**

Sögumaður *Eftirvæntingarinnar* verðu vitni að einkennilegu þruski í kjarri á kvöldgöngu sinni við vatnið. Skömmu síðar fær hann upphringingu frá dularfullri kvenmannsröddu, sem mælist til að hitta hann með allfurðulegum hætti. Fyrr en varir er hann flæktur inn í atburðarás, sem hann fær lítt ráðið við.

351 bls.

**BHJ bókaútgáfa**

SVK




## Einlífi

***ástarrannsókn***

**Höf: Hlín Agnarsdóttir**

Konur eru alltaf að bjarga karlmönnum. Í því er ástarkraftur þeirra fólginn og sá kraftur er auðmagn sem allt samfélagið og ekki síst karlmenn njóta góðs af.

182 bls.

**Krónika**

IB




## Eitur

**Höf: Jón Atli Jónasson**

Önnur bókin í glæpasagnaflokknum um löggutvíeykið Dóru og Rado, harðsoðinn hörkukrimmi sem fjallar á raunsannan hátt um myrkar hliðar Reykjavíkur samtímans. Tökur á erlendum sjónvarpsþáttum standa sem hæst í Gufunesi þegar illa farið lík finnst innan í leikmyndinni. Fljótlega verður ljóst að málið tengist nýjum og banvænum fentanýl-töflum.

232 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF



## Eldkonan

**Höf: Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir**

Fantasía. Harmþrungin átakasaga um unga stúlku sem horfir upp á fólkið sitt myrt og er síðan sjálf beitt ofbeldi. Sagan er um leið hennar til að hefna þeirra, elta mennina, sem frömdu þennan verknað, uppi til að drepa þá.

649 bls.

**Guðbjörg Ásta Stefánsdóttir**

KIL




## Far heimur, far sæll

**Höf: Ófeigur Sigurðsson**

Fjórir grímuklæddir menn brjótast eina vetrarnótt snemma á 19. öldinni inn á bæinn Kamb, binda heimilisfólk og berja og ræna verðmætum. Í þessari skáldsögu fylgjumst við með rannsókn málsins en þetta er ekki venjuleg sakamálasaga enda er hún sögð af framliðnum dreng sem fylgir Þuríði formanni, konunni sem upplýsir málið.

334 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Góðir Íslendingar

**Höf: Huldar Breiðfjörð**

Ungur Reykvíkingur ákveður að beina lífi sínu á nýjar brautir; kveðja Kaffibarinn, kaupa gamlan Lapplanderjeppa og halda í hringferð um landið. Hógvær og ísmeygileg gamansemi bregður óvæntu ljósi á íslenska þjóð en um leið verður þessi óvissuferð í vetrarmyrkri um viðsjálar heiðar leit Íslendings að sjálfum sér.

224 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




## Friðarsafnið

**Höf: Lilja Magnúsdóttir**

Flóttamaður á ekki marga möguleika en með heppni og hugmyndaflugi má bjarga sér um stund. Eftir að Rakel stofnar Friðarsafnið á það hug hennar og ástina finnur hún með manninum sem hún hafði þráð en á ýmsu gengur í sambandinu. Einn dag biður flóttamaður um að fá að fela sig á safninu. Það er erfitt að neita bjargarlausum manni um aðstoð.

281 bls.

**Lilja Magnúsdóttir**

KIL




## Grátvíðir

**Höf: Fífa Larsen**

Hin íslenska Jóhanna dregst óvænt inn í rannsókn á dauða ungrar konu á Norður-Ítalíu og leit þeirra Robertos lögreglumanns að svörum leiðir þau um alla Ítalíu og allt til Sikileyjar. Nístandi fjölskylduleyndarmál leita dagsljóssins og á milli Jóhönnu og Robertos vakna sterkar tilfinningar. Rómantísk og spennandi saga á suðrænum slóðum.

288 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Frýs í æðum blóð

**Höf: Yrsa Sigurðardóttir**

Nágrannaerjur í Grindavík, þar sem tvenn hjón takast á, fara úr böndunum. Ung kona er óvænt ráðin sem afleysingakokkur á loðnuskip og brátt fara undarlegir atburðir að gerast um borð. Og torkennilegur beinafundur á sér stað í Reykjavík. Ólíkir þræðir fléttast hér listilega saman í spennandi glæpasögu þar sem ekki er allt sem sýnist.

304 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Haugalygi

**Höf: Sigtryggur Baldursson**

Minnið er svo dyntótt og lævíst.

Þannig hefst fyrsta sagan í *Haugalygi* sem jafnframt er fyrsta bók Sigtryggs Baldurssonar. Þar rifjar hann upp sögur sem hvorki eru alsannar né upplognar. Brot úr eigin ævi og annarra en líka sögur af alókunnugu fólki.

176 bls.

**Krónika**

IB




## Gaddavír og gotterí

**Höf: Lilja Magnúsdóttir**

**Myndh: Ólöf Rún Benediktsdóttir og Sigríður Ævarsdóttir**

Bókin *Gaddavír og gotterí* segir frá lífi og leikjum barna í sveit á Íslandi fyrir nokkrum áratugum. Lífið snýst um búskapinn og dýrin. Hugarheimur barna er tímalaus en bókin höfðar ekki síst til þeirra sem upplifðu þennan tíma og kynntust því að umgangast hesta alla daga, dýrin voru leikfélagar og náttúran stýrði lífi fólks.

106 bls.

**Lilja Magnúsdóttir**

KIL




## Heim fyrir myrkur

**Höf: Eva Björg Ægisdóttir**

Hin 14 ára Marsí skrifast á við strák sem býr hinum megin á landinu. En hún gerir það í nafni systur sinnar. Bréfaskiptunum lýkur með því að þau ákveða að hittast. Marsí kemst ekki til að hitta hann en þar sem þau höfðu mælt sér mót finnst blóðug úlpa systur hennar sem er horfin. Tíu árum síðar hefur þessi óþekkti pennavinur samband á ný.

376 bls.

**Veröld**

IB RAF

Hlý og ástrík orð eru dýrmætari en nokkur gjöf




## Heimsmeistari

**Höf: Einar Kárason**

Í miðju köldu stríði öttu fulltrúar stórveldanna kappi um heimsmeistaratitil í skák í smáborginni Reykjavík. Sigurvegarinn ungi var sérvitur en eignaðist þó vinskap heimafólks sem löngu síðar bjargaði honum úr ógöngum. Knöpp og kynngimögnuð saga um snilling sem er ævifangi síns hrjúfa lundernis, listilega samin af sagnameistaranum Einari Kárasyni.

128 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB




## Herörin – og fleiri sögur

**Höf: Ólafur Gunnarsson**

Dauðvona lögfræðingur snæðir kjötsúpu með fyrrverandi eiginkonu sinni, AA-maður fer til að biðja gamlan bekkjarfélaga fyrirgefningar, húsgagnasmiður býður langveikri dóttur í hvalaskoðun og átök tveggja leynifélaga ná hámarki í blóðugum bardaga á Skólavörðuholti. Tólf knappar en launfyndnar smásögur eftir einn virtasta höfund þjóðarinnar.

129 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Hinum megin við spegilinn

**Höf: Kári S. Kárason**

Í þessu safni 17 smásagna og örsagna er ekkert sem sýnist. Undir hversdagslegu yfirborði leynist eitthvað annað; fólk er í áskrift að öðru lífi, á sér skyndilega tvífara og draumar rætast eða verða að engu. Andrúmsloftið er dularfullt og mörkin á milli veruleika og ímyndunar oft óljós. Kári bar sigur úr býtum í samkeppninni Nýjar raddir 2023.

150 bls.

**Forlagið**

KIL RAF HLB




## Hin útvalda

**Höf: Snæbjörn Arngrímsson**

Lögreglumaðurinn Haraldur er sendur til starfa í smábæ á Austurlandi í lok tíunda áratugarins til þess að byggja sig upp eftir skipbrot í einkalífi. Áður en varir fara sérkennilegir hlutir að gerast þarna í fásinninu – og síðan hverfur ungur maður …

296 bls.

**Bjartur**

IB




## Hvítalogn

**Höf: Ragnar Jónasson**

Elín S. Jónsdóttir, frægasti glæpasagnahöfundur þjóðarinnar, er horfin, sjötug að aldri. Verk hennar hafa notið mikillar alþjóðlegrar hylli en undanfarin tíu ár hefur hún haft hægt um sig. Lét hún sig hverfa eins og hún gerði eitt sinn fyrir mörgum áratugum – eða hefur einhver gert henni mein?

280 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Höfuðlausn

**Höf: Lárus Jón Guðmundsson**

Yfirsjúkraþjálfari á hjúkrunarheimili kynnist öldungi sem ákveður að trúa honum fyrir leyndarmáli aftan úr þoku aldanna áður en hann hverfur þangað sjálfur. Sagan teygir sig aftur fyrir síðustu aftökuna á Íslandi, sögumennirnir eru fjórir og eiga það sameiginlegt að heita Jón og burðast með sannleika sem þá hefur skort hugrekki til að opinbera.

184 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Högni

**Höf: Auður Jónsdóttir**

Högni starfar á Framtíðarstofnun við að meta áhrif loftslagsbreytinga á umhverfi og skipulag Reykjavíkur. Í einkalífinu hefur aftur á móti hallað undan fæti eftir erfiðan skilnað. Hann leitar svölunar í faðmi kvenna á börum bæjarins – og skyndilega er Högni orðinn umdeildasti maður landsins og er knúinn til að horfast í augu við sjálfan sig.

220 bls.

**Bjartur**

IB




## Kjöt

**Höf: Bragi Páll Sigurðarson**

Sturlaugur var ein skærasta stjarna íslenska myndlistarheimsins á yngri árum og stefndi á heimsfrægð þegar hann hvarf af hinu opinbera sviði. Fimmtán árum síðar snýr hann aftur með verk sem setur alla heimsbyggðina á hliðina. – Bragi Páll hristir hér hressilega upp í lesendum eins og í fyrri bókum sínum með beittum húmor og áleitnum spurningum.

252 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Kletturinn

**Höf: Sverrir Norland**

Tuttugu ár eru síðan Gúi hrapaði í klettinum og síðan hafa vinir hans, Einar og Brynjar, þurft að lifa með því áfalli. Hvað gerðist? Það hafa þeir aldrei rætt, en nú verður ekki lengur komist undan uppgjörinu. Heillandi og spennandi skáldsaga um fyrirgefningu, siðferðisspurningar og vináttu karla.

212 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Kuldi

**Höf: Yrsa Sigurðardóttir**

Ung stúlka ræðst til starfa á unglingaheimili á áttunda áratug liðinnar aldar en dvöl hennar þar á eftir að umbylta lífi hennar.

Þegar ungur maður fer löngu síðar að rannsaka starfsemi heimilisins taka undarlegir atburðir að skekja tilveru hans og dóttur hans.

367 bls.

**Veröld**

KIL




## Kyrr kjör

**Höf: Þórarinn Eldjárn**

Fyrsta skáldsaga Þórarins Eldjárns endurútgefin með nýjum eftirmála Bergsveins Birgissonar. Söguleg og þjóðsöguleg skáldsaga frá 1983 byggð á ævi kraftaskáldsins Guðmundar Bergþórssonar (1657-1705). Þrátt fyrir fátæktarbasl og erfiða líkamlega fötlun náði Guðmundur miklum áhrifum og vinsældum sem eitt afkastamesta rímnaskáld allra tíma.

190 bls.

**Gullbringa ehf.**

SVK




## Land næturinnar

**Höf: Vilborg Davíðsdóttir**

Eftir þungt áfall á Íslandi hafa örlögin beint Þorgerði í faðm Herjólfs kaupmanns sem er á leið með varning sinn austur til Garðaríkis. Þar bíða þeirra launráð og lífsháski og brátt skilur Þorgerður að það getur krafist meira hugrekkis að lifa en deyja. Áhrifarík og æsispennandi saga að hætti Vilborgar, ævintýraför á slóðir víkinga í Austur-Evrópu.

329 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Lexíurnar

***stafrófskver***

**Höf: Magnús Sigurðsson**

Hér er tekið mið af bókmenntaformi stafrófskveranna gömlu, kennslubóka sem höfðu það hlutverk að vígja börn og ungmenni inn í töfraheima leslistarinnar. Með óvanalegum verkum sem leika á mörkum hins uppdiktaða og sanna, skáldskapar og fræða, hefur höfundurinn skapað sér sérstöðu í íslenskum bókmenntum.

185 bls.

**Dimma**

SVK




## Lindarbrandur

**Höf: Hjálmar Þór Jensen**

Lindarbrandurinn hefur staðið fastur í svörtum steini svo árþúsundum skiptir. Þegar sverðið hverfur svo með dularfullum hætti bendir allt til þess að Malena hafi tekið það...en hvar er hún?

Amma hennar Rúna og málaliðinn Hervar hefja leit að henni - því hver ætti annars að gera það?

**Bókasamlagið**

IB




## Litir í myrkrinu

**Höf: Ólöf Dóra Bartels Jónsdóttir**

Áratugum saman hefur Þórunn dvalið á Kleppi vegna sálarmeins sem gróf hægt en örugglega undan tilveru hennar og lífsvilja. Umhverfið er hávaðasamt og krefjandi, herbergisfélagar óútreiknanlegir og einangrunin mikil.

255 bls.

**Krónika**

IB




## Læknir verður til

**Höf: Henrik Geir Garcia**

Í skáldsögunni er skyggnst á bak við tjöldin innan heilbrigðiskerfis á þolmörkum sem svipar um margt til þess sem við þekkjum hér á landi. Með blöndu raunverulegra frásagna og skáldskapar spyr sagan áleitinna spurninga jafnt um stöðu og framtíð heilbrigðismála.

230 bls.

**Krónika**

IB




## Löngu horfin spor

***Njósnari nasista á Íslandi?***

**Höf: Guðjón Jensson**

Í þessari skáldsögu er fjallað um örlög ungs Þjóðverja, Carls Reichsteins, sem kom hingað til lands árið 1937 til að kenna Íslendingum svifflug. Hann lést á dularfullan hátt tæpu ári eftir komu sína til landsins. Andlát hans var aldrei rannsakað til hlítar en ótal margar spurningar vakna við lesturinn.

352 bls.

**Skrudda**

IB




## Maðurinn frá São Paulo

***Frá handhafa Blóðdropans 2022.***

**Höf: Skúli Sigurðsson**

Spennusaga um launmorð, njósnir og nasista á flótta. Í þessari annarri bók sinni fléttar Skúli Sigurðsson skáldskap saman við sögulega atburði og raunverulegar persónur svo úr verður magnaður hildarleikur – sem heldur lesendum í heljargreipum til síðustu síðu.

432 bls.

**Drápa**

IB




## Maður í eigin bíómynd

**Höf: Ágúst Guðmundsson**

Árið er 1949. Ingmar Bergman, 31 árs gamall og fimm barna faðir, fer til Suður-Frakklands að skrifa kvikmyndahandrit. Það veldur uppnámi í hjónabandinu. Í sólinni fer handritið æ meir að fjalla um þetta stormasama hjónaband.

153 bls.

**Ormstunga**

IB




## Málleysingjarnir

***Ný og endurskoðuð útgáfa***

**Höf: Pedro Gunnlaugur Garcia**

*Málleysingjarnir*, fyrsta skáldsaga höfundar, er óvenjulegt skáldverk í íslenskum bókmenntum og var afar vel tekið þegar hún kom fyrst út árið 2019. Hún kemur hér í nýrri og endurskoðaðri útgáfu. Pedro Gunnlaugur Garcia hlaut Íslensku bókmenntaverðlaunin árið 2022 fyrir skáldsögu sína *Lungu*.

434 bls.

**Bjartur**

KIL




## Megir þú upplifa

**Höf: Bjarni Þór Pétursson**

Í Vesturbænum býr breyskur maður í eilífri leit að fegurð lífsins um leið og hann tekst á við persónulegan harm. Hann þráir frelsi æskunnar og hina brothættu fullkomnun sem er rétt utan seilingar. Við fylgjum honum í gegnum ferðalög, endurminningar og hjákátleg samskipti við konurnar í lífi hans.

152 bls.

**Króníka**

IB




## Melankólía vaknar

**Höf: Sölvi Björn Sigurðsson**

Embla fer í ferðalag á heilsuhæli í afskekktum dal við nyrstu strendur Íslands. Á leið þangað taka málin óvænta stefnu. Í faðmi fjallanna á Fagraskaga sækja á Emblu spurningar sem krefja hana um að leita aftur til upphafsins. – Nútímaævintýri frá einum af okkar áhugaverðustu höfundum.

224 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Men

***Vorkvöld í Reykjavík***

**Höf: Sigrún Pálsdóttir**

Ungur menningarblaðamaður með drauma um einleikaraferil sem flautuleikari er sendur á fund fyrrum utanríkisráðherra til að taka viðhafnarviðtal. Heimsóknin tekur hins vegar fljótlega óvænta stefnu inn í myrk skúmaskot. Fyndin, snörp og spennandi saga um leit að ljósi, heigulshátt og hugrekki, listsköpun og vald.

145 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB RAF




## Miðillinn

**Höf: Sólveig Pálsdóttir**

Á köldum vetrarmorgni er rannsóknarlögreglan kölluð út að Hólavallagarði. Innan um þá sem þar hafa verið lagðir til hinstu hvílu finnst lík eldri konu og fljótt er ljóst að dauðdaga hennar hefur borið að með saknæmum hætti. Hver getur hafa átt eitthvað sökótt við þessa konu sem virðist hafa verið hlédræg, vanaföst og einförul?

288 bls.

**Salka**

IB




## Móðurást: Oddný

**Höf: Kristín Ómarsdóttir**

Oddný Þorleifsdóttir, fædd 1863, elst upp í Bræðratungu, í hópi duglegra og glaðsinna systkina. Lífsbaráttan er hörð. „Móðurfólk mitt hélt ekki dagbækur sem ég veit af, það afmáði ummerki, gekk svo snyrtilega um að það skildi ekki eftir sig efniskennd spor. Að skrifa söguna eru því drottinssvik við móðurfólk mitt, einnig skuld við það og þökk."

208 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK




## Náttúrulögmálin

**Höf: Eiríkur Örn Norðdahl**

Árið 1925 kallar biskup Íslands til prestastefnu á Ísafirði. Megintilgangurinn virðist vera að storka þjóðtrú landans og sýna mátt kristindómsins frammi fyrir hindurvitnum, spíritisma og náttúruöflum. Hér er brugðið á leik með heimildir og staðreyndir í bráðskemmtilegri frásögn af umbreytingatímum í sögu þjóðarinnar og heimsbyggðarinnar allrar.

597 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Næturheimsókn

**Höf: Jökull Jakobsson**

Jökull Jakobsson var eitt vinsælasta leikskáld landsins og ástsæll útvarpsmaður. Ferilinn hóf hann hins vegar sem sagnaskáld og árið 1962 sendi hann frá sér smásagnakverið *Næturheimsókn*. Jökull hefði orðið níræður á árinu og af því tilefni kemur bókin út í nýrri útgáfu. Sögurnar gefa glögga innsýn í íslenskt samfélag á mótunarskeiði.

107 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK RAF




## Óbragð

**Höf: Guðrún Brjánsdóttir**

Grátbrosleg ástar- og ferðasaga um Hjalta, sem hefur siglt í strand í lífinu og leitar á náðir sjálfshjálparhópsins Kakófylkingarinnar. Áður en varir er hann kominn á bólakaf í hugleiðslu og kakódrykkju, en ekki er allt sem sýnist í þessum ágæta félagsskap.

251 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Óspakseyrargátan

**Höf: Finnbogi Hermannsson**

Óspakseyrargátan gerist á Vestfjörðum árið 1910 og á sér svipleg endi eftir löng og þrúgandi réttarhöld, bæði á Ströndum og í Reykhólasveit.

120 bls.

**Finnbogi Hermannsson**

IB




## Prestsetrið

***saga um glæp***

**Höf: Ármann Jakobsson**

Sjötta bók Ármanns um lögregluteymi Kristínar og Bjarna, en hver þeirra er sjálfstæð. „Prestsetrið er bráðskemmtileg og vel uppbyggð sakamálasaga, Ármanni er líka lagið að skapa áhugaverðar persónur og sá hæfileiki nýtur sín vel í þessari sögu.“ *Vikan*

280 bls.

**Bjartur**

KIL




## Rambó er týndur

**Höf: Yrsa Þöll Gylfadóttir**

Kennarinn og karókídrottningin Sandra sinnir unglingum af natni á daginn og stundar kaup og sölu á notuðum húsgögnum á kvöldin. Þegar huggulegur maður blikkar hana um hábjartan dag í Sorpu verður hún strax gagntekin og sannfærð um að hrifningin sé gagnkvæm. Þegar hún kemst að því að smáhundurinn hans er týndur veit Sandra að örlögin hafa talað.

232 bls.

**Bókabeitan**

IB RAF HLB




## Sextet

**Höf: Sigurður Guðmundsson**

Í *Sextet* heimsækir Sigurður Guðmundsson gömul verk (*Tabúlarasa*, *Ósýnilega konan*, *Dýrin í Saigon* og *Musa*) og horfir á þau frá nýju sjónarhorni. Lesandinn fær aðra sýn á verkin sem mynda nú nýja heild. Sextet er frumlegt skáldverk listamanns, gegnum lífið, ástina og listina.

620 bls.

**ars longa forlag**

IB




## Reykjavík

**Höf: Ragnar Jónasson og Katrín Jakobsdóttir**

Í ágúst 1956 hverfur ung stúlka, Lára Marteinsdóttir, úr vist í Viðey og eftir það spyrst ekkert til hennar. Áratugum saman hvílir mál Láru þungt á íslensku þjóðinni og engin skýring kemur fram á hvarfi hennar. Í ágúst 1986 fer ungur blaðamaður að grafast fyrir um þetta dularfulla mannshvarf – með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

325 bls.

**Veröld**

KIL RAF




## Sigurverkið

**Höf: Arnaldur Indriðason**

Söguleg skáldsaga sem gerist á Vestfjörðum og í Kaupmannahöfn á 18. öld; margslungin frásögnin lýsir á áhrifaríkan hátt beiskum örlögum alþýðufólks og valdinu sem það verður að lúta. Sagnameistarinn Arnaldur fetar hér nýja slóð, því bókin er að hluta byggð á raunverulegum atburðum og persónum sem stíga fram á sviðið í trúverðugri og mergjaðri sögu.

315 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

KIL




***Hrímland***

## Seiðstormur

**Höf: Alexander Dan**

Síðari bókin í Hrímlandstvíleiknum, sem hefur notið vinsælda í Bretlandi og Bandaríkjunum. Samveldið Kalmar riðar til falls og hungrið sverfur að í Reykjavík. Elka flýr til Vestmannaeyja og kemst þar í kynni við skuggalegan sértrúarsöfnuð. Seiðskrattinn Kári tekur þátt í leynilegum leiðangri á hálendinu en órar ekki fyrir ógeðfelldum tilgangi hans.

603 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Sjávarhjarta

**Höf: Ása Marin**

Ása Marin er að góðu kunn fyrir heillandi skáldsögur sínar um ævintýri á framandi slóðum. Hér segir frá Díu sem fer í sannkallaða draumasiglingu um Karíbahafið með sínum ástkæra Viðari. Litríkt mannlíf og gómsætur matur eyjanna standa sannarlega undir væntingum, en dularfull og daðurgjörn kona úr fortíðinni setur strik í reikninginn.

223 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




## Serótónínendurupptökuhemlar

**Höf: Friðgeir Einarsson**

Reynir býr við allar aðstæður til að vera hamingjusamur, en er það ekki. Nú hefur hann fengið nóg. Reynir er orðinn leiður á að vera leiður. Hvernig vindur maður ofan af slíku óyndi, rótlausum beyg? Og hvað tekur við þegar skrefið er stigið og hjálpin berst? Friðgeir tekst hér á við hversdagslega angist með sínum ísmeygilega húmor.

176 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

IB




## Snjór í paradís

**Höf: Ólafur Jóhann Ólafsson**

Meginstef þessarar áhrifamiklu bókar eru nánustu sambönd fólks; hjóna, foreldra og barna, elskhuga og vina; og hvernig hið leyndasta í lífi sérhvers manns, það sem hugur einn veit, getur breytt öllu komi það upp á yfirborðið.

Mögnuð bók um ást og von, blekkingu og afhjúpun, hliðarspor og heiðarleika.

240 bls.

**Veröld**

IB RAF

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun

Við erum sérfræðingar í prentun bóka og bjóðum upp á Svansvottaða framleiðslu

**Kiljur og harðspjaldabækur**



Umbúðir Almenn prentun Bækur Límmiðar Stimplar

Lynghals 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
JAFNLAUNAVOTTUN




## Sólskinshestur

**Höf: Steinunn Sigurðardóttir**

Áhrifamikil saga um ástlausan uppvöxt í stóru húsi og óhöndlanlega hamingju, um draumóra og kaldan veruleika, æskuást sem týnist og birtist á ný, djúpa sorg – og um dauðann. Þessi einstaka skáldsaga, í senn bráðfyndin og nístandi sár, kom fyrst út 2005 og er ein skærasta perlan í höfundarverki Steinunnar. Guðrún Steinþórsdóttir skrifar eftirmála.

**Forlagið**

KIL RAF HLB

---




## Steinninn

**Höf: Ragnheiður Gestsdóttir**

Steinunn Sumarliðadóttir hefur boðið til veislu, enda á hún sjötugsafmæli og því ber að fagna. Á svona tímamótum er til siðs að líta yfir farinn veg en óvænt afmælisgjöf verður til þess að Steinunn kýs að rífa af sér alla fjötra síns fyrra lífs og fljóta á vit hins óvænta.

192 bls. / klst.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

IB RAF HLB

---




## Stjörnufallseyjur

**Höf: Jakub Stachowiak**

**Myndh: Marta María Jónsdóttir**

Draumkennd frásögn um söknuð og sorg dregur fram andstæður í hverfulum heimi. Líkamar skjálfa, borgir verða að lófum, hornlausir einhyrningar birtast og gamlar konur baða sig við ljósið í myrkrinu. Og svo eru líka leyndardómsfullar dyr, hvít hús sem fljóta á nætursvörtu vatni og hvíslandi trjágreinar.

71 bls.

**Dimma**

SVK

---




## Strákar sem meiða

**Höf: Eva Björg Ægisdóttir**

Maður finnst myrtur í sumarbústað í Skorradal. Á veggnum fyrir ofan hann hafa verið skilin eftir blóðug skilaboð. Elma, sem aðdáendur Evu Bjargar þekkja úr fyrri bókum hennar, glímir hér við sérlega erfitt mál sem teygir anga sína víða um samfélagið og tugi ára aftur í tímann – ekki síst eftir að gömul dagbók ungs drengs finnst.

370 bls.

**Veröld**

KIL

---




## Sumarblóm og heimsins grjót

**Höf: Sigrún Alba Sigurðardóttir**

Grípandi örlagasaga um ást og vináttu, flókin fjölskyldubönd og aðferðir fólks til að bjarga sér á fyrri hluta 20. aldar. Þegar Sóley stendur ein uppi með nýfætt barn þarf hún að gangast undir samkomulag sem færir henni bæði frelsi og fjötra. Áföllin dynja yfir en seiglan fleytir henni langt. Fyrsta skáldsaga höfundar, innblásin af sönnum atburðum.

295 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB

---




## Sumar með Rebekku

**Höf: Þórarinn Örn Þrándarson**

Listmálarinn Erik býr í foreldrahúsum undir ströngu eftirliti móður sinnar. Eitt sumar verður Erik yfir sig ástfanginn af Rebekku. Þrátt fyrir vanþóknun móður Eriks á ástarsambandinu upplifir Erik hamingjusömustu daga ævi sinnar. Á mörkum bjartrar framtíðar og nýs lífs á Langafirði er Erik jafnframt á barmi myrkurs sem á eftir að umsnúa lífi hans.

221 bls.

**Viðja Jewelry**

IB

---




## Svikabirta

**Höf: Ingi Markússon**

Fáeinum árum eftir að himnarnir opnuðust eru grimmileg morð framin á heimskautinu. Sú eina sem getur stöðvað morðingjann er norn sem er fangelsuð í fjarlægu landi. Í *Svikabirtu* dregur Ingi Markússon lesendur enn lengra inn í hélaðan heiminn sem hann skóp með fyrstu skáldsögu sinni, *Skuggabrúnni*, sem vakti mikla athygli og einróma lof gagnrýnenda.

312 bls. / klst.

**Sögur útgáfa**

KIL HLB

---




## Sæluríkið

**Höf: Arnaldur Indriðason**

Mögnuð og áleitin saga um brostna drauma, kalda grimmd og fólk sem á stórra harma að hefna. Líkfundur við Hafravatn hleypir af stað óvæntri atburðarás og upprifjun gamalla frétta og sakamála verður til þess að heiftúðugt andrúmsloft kaldastríðsáranna leitar á huga Konráðs sem var lengi í lögreglunni. Geysivel fléttuð bók frá meistara glæpasögunnar.

286 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF HLB

---




## Töfrar duftsins

**Höf: Sveinn Snorri Sveinsson**

Fyrir um tíu þúsund árum býr ættbálkur sem kallar sig Nútímafólkið í Vestur-Evrópu. Á meðal þeirra er ungur maður sem heitir Sindros sem kemst í kynni við Baldar töfralækni Bláa fólksins. Hann varðveitir leyndardóm sem reynist örlagavaldur í lífi Sindrosar eftir að hann tekst á hendur hlutverk sem enginn veit hvort hann getur uppfyllt.

220 bls.

**Deus**

KIL

---




## Umbrot

**Höf: Sigurjón Bergþór Daðason**

Pétur lifir kyrrlátu lífi, vinnur við að smíða gervilimi og aðstoðar vin sinn sem hannar íslenskan talgervil. Hann er flæktur í heim eftirlíkinga, en þegar hann neyðist skyndilega til að horfast í augu við fortíð sína sækja að honum erfiðar spurningar sem hann hefur hingað til látið ósvarað.

200 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Urðarhvarf

**Höf: Hildur Knútsdóttir**

Spennandi saga sem heldur lesanda í heljargreipum. Eik tilheyrir hópi sjálfboðaliða sem leitar uppi flækingsketti og kemur þeim í skjól. Við Urðarhvarf situr hún fyrir læðu með kettlingahóp þegar skyndilega birtist skrímsli úr fortíðinni sem rótar upp óþægilegum minningum. Skepna sem Eik hafði talið sjálfri sér trú um að væri bara hugarburður.

90 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK RAF HLB

---




## Utan garðs

**Höf: Unnur Lilja Aradóttir**

Eftir 27 ár neyðast Júlía og bróðir hennar til að halda aftur heim á æskuslóðirnar. Sem unglingum var þeim útskúfað úr þessu litla samfélagi og Júlía kemst fljótlega að því að það hefur ekkert breyst – þau eru enn talin hafa framið alvarlega glæpi. En minningabrotin raðast saman og afhjúpa hvað gerðist og hverjir frömdu þessa hrottalegu glæpi.

271 bls.

**Veröld**

SVK RAF

---




## Valskan

**Höf: Nanna Rögnvaldardóttir**

Prestsdóttirin Valka á sér ýmsa drauma en náttúran grípur í taumana – bæði sú sem sýnir mátt sinn með veðurofsa og harðindum en líka sú sem býr innra með henni og kveikir ástríðu og losta. Frásögnina byggir höfundur á lífi formóður sinnar og fléttar saman heimildum og skáldskap svo úr verður grípandi saga um harða lífsbaráttu, þrautseigju og ástir.

419 bls.

**Forlagið - Iðunn**

IB RAF HLB

---




## Vektu ekki barnið

**Höf: Ágúst Borgþór Sverrisson**

Ung móðir og eiginkona hverfur sporlaust vorið 1969. Smám saman afhjúpast fyrir lesendum glæpurinn sem hefur verið framinn en sögupersónurnar fá hver sína innsýn í málið, hluta af sannleikanum. Vektu ekki barnið – áleitin spennusaga með erindi.

95 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL

---




## Vordagar í Prag

**Höf: Þorsteinn Jónsson**

Íslenskur námsmaður upplifir hið sögulega Vor í Prag og horfir á hlutina með gests augum. Hann er í hringiðu ólgandi uppreisnar með skrautlegum samnemendum sínum af ýmsum þjóðernum, kynnist ástinni og sósíalismanum, sem hvort um sig vekur með honum mótsagnakenndar tilfinningar. Innfæddir skora á hann að fylgjast með og bera vitni um atburðina.

185 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK

---



## Þrenna

***ár og sprænur; hulda ráðgátan, litlu sögurnar í hálfa samhenginu og ranimosk***

**Höf: Einar Guðmundsson**

*Þrenna* samanstendur af bókunum Ár og sprænur; hulda ráðgátan, Ranimosk og Litlu sögurnar í hálfa samhenginu. Í bókunum má finna prósa í hugleiðingaformi sem hverfist um vangaveltur höfundar um málefni líðandi stundar, texta sem ekki varð að sjálfstæðum bókum ásamt endurminningum sem dansa á línu raunveruleika og skáldskapar.

408 bls.

**ars longa forlag**

KIL

---




## Þvingun

**Höf: Jónína Leósdóttir**

Maður finnst myrtur í bústað við Laugarvatn og sú sem kemur að honum er Magga, dóttir Adams sálfræðings og Soffíu rannsóknarlögreglukonu. Mál fara að flækjast þegar í ljós kemur að einn skjólstæðingur Adams hefur fundið hótunarbréf sem tengist morðinu og fyrr en varir er Adam enn á ný kominn í hlutverk aðstoðarmanns fyrrverandi eiginkonu sinnar.

304 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF

---




## Því dæmist rétt vera

**Höf: Einar Már Guðmundsson**

Í Tangavík ríða húsum hættulegar hugmyndir um réttlæti og jöfnuð en yfirvöldum er í mun að bæla niður alla uppreisn. Safarík saga um glæp og refsingu í litlu sjávarþorpi á 19. öld – þorpi sem þó kann að vera nafli heimsins. Þræðir spinnast til allra átta og sagnfræði og skáldskapur togast á um satt og logið, rétt og rangt í litríkum vef Einars Más.

271 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF

---




## Ævintýrið

**Höf: Vigdís Grímsdóttir**

Í heitasta landi heims skríða eðlur á veggjum, höfrungar leika listir sínar í sjónum og ljón standa á vegum. Þar búa vinirnir Drengur og Fiskur sem eru líkari en margan gæti grunað. Djúpvitur og hrífandi saga um óvænta vináttu, misskiptingu valds og auðs og fegurðina í óhugnaðinum; skrifuð af einstakri frásagnargleði og næmi fyrir mannlegu eðli.

171 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK

---




## Ævintýri fyrir fullvaxna

**Höf: Ingimundur Gíslason**

Í þessu smásagnasafni birtast tuttugu stuttar sögur af ýmsu tagi. Sumar sverja sig í ætt við ævintýri en aðrar má líta á sem minningabrot úr lífi höfundar. Sögurnar eiga það allar sameiginlegt að nálgast viðfangsefnið af nærgætni og virðingu fyrir öllu sem lifir.

81 bls.

**Skrudda**

IB

# Skáldverk

## ÞÝDD




### Bernska

**Höf: Tove Ditlevsen**
**Þýð: Þórdís Gísladóttir**

Tove Ditlevsen ólst upp í verkamannafjölskyldu á Vesturbrú í Kaupmannahöfn. Hún þykir með merkari höfundum Dana og hefur notið vinsælda hjá mörgum kynslóðum. Verk hennar gefa einstaka innsýn í líf kvenna á 20. öld og eru nú lesin sem sígildar bókmenntir. Bernska er fyrsti hlutinn í endurminningaþríleik en Gift, lokahlutinn, er þegar kominn út.

112 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL

---




### 9. nóvember

**Höf: Colleen Hoover**
**Þýð: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**

Fallon kynnist Ben, upprennandi rithöfundi, daginn áður en hún hyggst flytja þvert yfir landið. Þau laðast hvort að öðru og ákveða að verja saman síðasta deginum hennar í Los Angeles. Viðburðarík ævi Fallon veitir Ben innblástur að hans fyrstu skáldsögu og þau ákveða að hittast árlega á þessum sama degi til að fylla inn í söguþráðinn.

368 bls.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

SVK RAF HLB

---




### Betri maður

**Höf: Louise Penny**
**Þýð: Friðrika Benónýsdóttir**

Mitt í hrikalegum vorflóðum, sem verða til þess að lýst er yfir neyðarástandi í héraðinu, kemur faðir að máli við lögregluforingjann Armand Gamache. Dóttir mannsins hefur horfið með dularfullum hætti. Gamache hefur öðru að sinna en samúð hans með manninum verður til þess að hann fer að huga að málinu.

554 bls.

**Ugla**

KIL

---




*Doggerland*

### Að duga eða drepast

**Höf: Maria Adolfsson**
**Þýð: Ísak Harðarson**

Á sólríkum degi koma íbúar Doggerlands saman við höfnina. Gleðin breytist í martröð þegar skotið er á fólk en byssumaðurinn finnst síðan látinn. Karen Eiken Hornby, sem er komin átta mánuði á leið, er ákveðin í að komast að því hvað bjó að baki árásinni. Um leið stofnar hún lífi sínu og annarra í hættu. Þetta er fjórða bókin í Doggerland-seríunni.

372 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB

---




### Blekkingin

**Höf: Camilla Läckberg og Henrik Fexeus**
**Þýð: Sigurður Þór Salvarsson**

Hörkuspennandi saga eftir glæpasagnadrottninguna Camillu Läckberg og sjáandann Henrik Fexeus – sjálfstæð bók í æsispennandi þríleik um lögreglukonuna Mínu Dabiri og sjáandann Vincent Walder. *Kassinn* og *Gátan* hafa slegið rækilega í gegn – nú er það *Blekkingin* sem þenur taugar lesandans.

**Sögur útgáfa**

KIL

---




### Að hálfu horfin

**Höf: Brit Bennett**
**Þýð: Ragna Sigurðardóttir**

Bandaríska metsölubókin *Að hálfu horfin* gerist á sjötta áratug 20. aldar og fjallar um tvíburasysturnar Stellu og Desirée sem eru af blönduðum uppruna. Þegar þær strjúka að heiman á táningsaldri tekur önnur systirin skrefið yfir í veröld hvíta fólksins og afneitar uppruna sínum. En örlög þeirra fléttast óvænt saman aftur með næstu kynslóð.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF

---




### Blóðmáni

**Höf: Jo Nesbø**
**Þýð: Halla Kjartansdóttir**

Harry Hole ætlar að drekka sig í hel því líf hans er í rúst. Þegar velgjörðarkona hans lendir í klandri ákveður hann að bjarga henni og á sama tíma fær hann tilboð um að vinna fyrir norskan auðmann. Tvær konur hafa fundist myrtar og er hann meðal grunaðra. Harry hefur nauman tíma til að leysa málið og flestir í lögreglunni eru andsnúnir honum.

544 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB

---




### Arfur og umhverfi

**Höf: Vigdis Hjorth**
**Þýð: Ísak Harðarson**

Þegar foreldrar Bergljótar ákveða að yngri dæturnar fái sumarbústaði fjölskyldunnar í fyrirframgreiddan arf, en í staðinn fái hún og bróðir hennar peninga langt undir virði bústaðanna, fara í gang erfðadeilur sem leiða af sér átakamikið fjölskylduuppgjör. Þekktasta verk Vigdisar Hjorth sem hefur hlotið fjölmörg verðlaun.

344 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB






## Blómadalur

**Höf: Niviaq Korneliussen**

**Þýð: Heiðrún Ólafsdóttir**

Á yfirborðinu virðist bjart framundan; Ný kærasta, umhyggjusöm fjölskylda í Nuuk og skólavist í Árósaháskóla í Danmörku. Samt er eins og allt sé á skjön, heimurinn þrengir smám saman að og niðurtalningin hefst. *Blómadalur* er ágeng saga, næstum ofsafengin og full af svörtum húmor. Þetta er saga um sjálfsmyndarleit, ást, vináttu og fordóma.

280 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Brúðkaup í Paradís

**Höf: Sarah Morgan**

**Þýð: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**

Catherine Swift er drottning ástarsagnanna og hefur trónað á toppi metsölistanna í áratugi. Hennar eigið ástarlíf hefur ekki verið eins farsælt og hefur það valdið álagi á samband hennar við dæturnar tvær. Catherine býður dætrum sínum í fjórða brúðkaupið sitt og þegar systurnar koma á eyjuna hafa þær afar ólíkar væntingar til þess sem í vændum er.

386 bls. / klst.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Blómaskeið ungfrú Jean Brodie

**Höf: Muriel Spark**

**Þýð: Árni Óskarsson**

Ungfrú Jean Brodie er enginn venjulegur kennari. Hún er ástríðufull, sjálfstæð, innblásin af rómantík og ber ekki minnstu virðingu fyrir ýmsum venjum og siðum sem skólastjórnin vill halda í heiðri. Hún laðar að sér dygga fylgjendur meðal nemenda í Marcia Blaine-stúlknaskólanum í Edinborg og þær fá brátt viðurnefnið Brodie-klíkan.

196 bls.

**Ugla**

KIL




## Bölvunin

**Höf: Christoffer Carlsson**

**Þýð: Páll Valsson**

*Bölvunin* er saga um morð og þá sem lifa áfram. Um arfleifð og sekt, tímann og ástina. Hún hlaut frábærar viðtökur við útkomu í Svíþjóð, var tilnefnd sem spennusaga ársins og hefur síðan komið út víða um heim við mikið lof. „Stórkostlega byggð skáldsaga." *Aftonbladet*.

423 bls.

**Bjartur**

KIL




## Borgirnar ósýnilegu

**Höf: Italo Calvino**

**Þýð: Brynja Cortes Andrésdóttir**

Í þessari einstöku skáldsögu ræða saman Marco Polo og kínverski keisarinn Kublai Khan. Ítalski landkönnuðurinn lýsir fyrir gestgjafa sínum með töfrandi hætti hverri borginni af annarri í ríki keisarans – en smám saman kemur í ljós að hann er í raun aðeins að lýsa einni borg, hinni undursamlegu heimabyggð hans sjálfs, Feneyjum.

192 bls.

**Ugla**

KIL




***Österlen-morðin***

## Dauðinn á opnu húsi

**Höf: Anders De La Motte og Måns Nilsson**

**Þýð: Nanna Brynhildur Þórsdóttir**

Þegar glæpasagnahöfundur og grínisti skrifa saman krimma í anda Agöthu Christie, getur útkoman varla orðið annað en góð. Ferkantaður rannsóknarlögreglumaður frá Stokkhólmi rannsakar morð í smábæ á Skáni. Sveitalubbaháttur lögreglunnar á staðnum fer mjög í taugarnar á honum en hann á jafnbágt með að þola broddborgarana sem verja sumarfríinu þar.

377 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Bókafárið mikla

**Höf: Tom Sharpe**

**Þýð: Helgi Ingólfsson**

Rithöfundurinn Peter Piper er sannfærður um eigin snilli en gengur illa að fá gefna út sína fyrstu bók. Dag einn fær hann tilboð sem hann getur ekki hafnað. Honum býðst gegn ríflegri greiðslu og loforði um útgáfu eigin verka að gerast staðgengill höfundar, sem vill ekki láta nafn síns getið, að svæsinni skáldsögu sem slær í gegn á heimsvísu.

374 bls.

**Ugla**

KIL




## Draumur um Babýlon

***Einkaspæjarasaga frá 1942***

**Höf: Richard Brautigan**

**Þýð: Þórður Sævar Jónsson**

Þegar einkaspæjarinn C. Card er ráðinn til að ræna líki úr líkhúsi neyðist hann til að láta af dagdraumunum, finna kúlur í byssuna sína og hefjast handa svo aðrir skjóti honum ekki ref fyrir rass.

Í þessari drepfyndnu skopstælingu á harðsoðna reyfarastílnum verða ævintýri hins subbulega og vitgranna C. Card að sannri lestrardásemd ...

237 bls.

**Ugla**

KIL




## Bóksalinn í Kabúl

**Höf: Åsne Seierstad**

**Þýð: Erna Árnadóttir**

Vorið 2002, skömmu eftir að talibanar misstu völd í Afganistan, dvaldi norska blaðakonan Åsne Seierstad um skeið hjá fjölskyldu í Kabúl og skrifaði í kjölfarið þessa mögnuðu frásögn af landi í rústum og fólki sem togast á milli rótgróinna hefða og nýrra hugmynda í leit sinni að frelsi og betra lífi. Bókin fór sigurför um heiminn og er orðin sígild.

246 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL




## Effi Briest

**Þýð: Arthúr Björgvin Bollason**

**Höf: Theodor Fontane**

Skáldsagan *Effi Briest* eftir þýska rithöfundinn Theodor Fontane (1819–1898), sem kom fyrst út 1895, er eitt af kunnustu stórvirkjum þýskra bókmennta. Það er til marks um vægi sögunnar að henni hefur verið skipað á bekk með *Frú Bovary* eftir Gustave Flaubert og *Önnu Kareninu* eftir Leo Tolstoj.

**Háskólaútgáfan**

SVK



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa



## Flóttamaður á krossgötum eigin slóðar

**Höf: Aksel Sandemose**
**Þýð: Sigurður Á. Friðþjófsson**

„Nú ætla ég að segja frá öllu. Og ég verð að byrja á endanum. Annars þori ég aldrei að fara alla leið. Ég myrti einu sinni mann. Hann hét John Wakefield og ég drap hann að næturlagi fyrir sautján árum í Misery Harbor.“

Á þessum orðum hefst bókin um Jantalögin, *Flóttamaður á krossgötum eigin slóðar*, eftir dansk-norska rithöfundinn Axel Sandemose.

490 bls.

**Ugla**

KIL



## Grafreiturinn í Barnes

**Höf: Gabriel Josipovici**
**Þýð: Gyrðir Elíasson**

Stutt og seiðmögnuð skáldsaga sem gerist á þremur ólíkum sviðum og kemur lesandanum oftar en ekki í opna skjöldu. Þrátt fyrir lágstemmdan stíl á yfirborðinu er ólgandi og stundum ógnvekjandi undiralda í verkinu.

140 bls.

**Dimma**

SVK



## Fólk sem við hittum í fríi

**Höf: Emily Henry**
**Þýð: Harpa Rún Kristjánsdóttir**

Poppy og Alex eiga ekkert sameiginlegt. Hún er óhemja og hann klæðist kakíbuxum. Hún er haldin óforbetranlegri útþrá, honum líður best heima með bók. Þó hafa þau verið bestu vinir, síðan örlagarík bílferð leiddi þau saman á leið heim úr skólanum fyrir löngu síðan.

410 bls.

**Króníka**

KIL



## Gráar býflugur

**Höf: Andrej Kúrkov**
**Þýð: Áslaug Agnarsdóttir**

Sergej Sergejítsj er fyrrverandi öryggisvörður um fimmtugt sem einbeitir sér nú að því að rækta býflugur. Hann býr í Úkraínu þar sem harðar deilur, ofbeldi og áróður hafa geisað árum saman.

407 bls.

**Bjartur**

KIL



## Fulltrúi afbrýðinnar og fleiri sögur

**Höf: Jo Nesbø**
**Þýð: Jón St. Kristjánsson**

Sjö eitursnjallar glæpasmásögur eftir norska krimmakónginn Nesbø. Sterk persónusköpun, hugvitssamar söguflettur og óvænt endalok einkenna þessar knöppu og vel byggðu frásagnir – sögumennirnir leyna á sér. Í brennidepli eru heitar tilfinningar og mannlegir brestir: afbrýðisemi, þrá, óþol og ótryggð. Grípandi sögur sem koma rækilega á óvart.

269 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF



## Gömlu ævintýrin löguð að rétthugsun samtímans

**Höf: James Finn Garner**
**Þýð: Ragnar Hauksson**

Í þessari frægu metsölubók hefur James Finn Garner endurskrifað sígildu ævintýrin fyrir upplýstari tíma – allt frá sambandi Mjallhvítar við sjö hávaxtarhamlaða karla og Rauðhettu, ömmu hennar og klæðskiptahneigða úlfsins til keisarans sem var ekki allsber heldur hlynntur klæðnektarvalfrelsi.

149 bls.

**Ugla**

IB



## Goðsögur frá Kóreu og Japan

**Endurs: Unnur Bjarnadóttir**
**Myndh: Elías Rúni**

*Goðsögur frá Kóreu og Japan* er endursögn tíu valinna goðsagna á íslensku, fimm kóreskra og fimm japanskra. Þær fjalla um stofnun ríkja, samskipti guða og manna, og sýna að skilin milli mannfólksins og þess yfirnáttúrulega eru oft óljós. Gerð er grein fyrir sögu og menningu landanna og hvernig sögurnar hafa varðveist fram á okkar daga.

**Bókaútgáfan Asía**

KIL



## Heaven

**Höf: Mieko Kawakami**
**Þýð: Jón St. Kristjánsson**

Sögumaðurinn er fjórtán ára. Hann hefur lengi mátt þola einelti jafnaldra sinna. Dag einn berst honum óvænt bréf frá bekkjarsystur sinni. Það er upphafið að vináttu byggðri á sameiginlegri reynslu þeirra. En hvers virði er vinátta sem á sér rætur í ótta og sársauka? Og hefur þjáningin merkingu? Magnað verk frá einum áhugaverðasta höfundi Japan.

224 bls.

**Angústúra**

KIL






## Hinstu blíðuhót

***Augnablik í eilífðinni***
**Höf: Kjersti Anfinnsen**
**Þýð: Anna Kristín Hannesdóttir**

Hjartaskurðlæknirinn Birgitte Solheim er komin á eftirlaun. Þegar endalokin færast nær virðist henni sem allt rakni upp og losni. Hún er orðin öldruð og flestir í vinahópnum hafa safnast til feðra sinna.

229 bls.

**Króníka**

KIL




## Hlébarði í kjallaranum

**Höf: Amos Oz**
**Þýð: Árni Óskarsson**

Í þessari skáldsögu segir af 12 ára dreng sem elst upp í Jerúsalem á árunum eftir síðari heimsstyrjöld. Breskir hermenn standa vörð á götunum. Sprengjur og skothvellir halda vöku fyrir fólki á nóttunni. Drenginn dreymir um að vinna hetjudáðir en raunveruleikinn er annar.

196 bls.

**Ugla**

KIL




## Kona

**Höf: Annie Ernaux**
**Þýð: Þórhildur Ólafsdóttir**

Við andlát móður sinnar úr alzheimer-sjúkdómnum heldur Nóbelsskáldið Annie Ernaux í ferðalag aftur í tímann til að reyna að bregða upp sannferðugri mynd af konunni sem mótaði líf hennar.

112 bls.

**Ugla**

KIL




## Hundaheppni

**Höf: Lee Child**
**Þýð: Jón Hallur Stefánsson**

Jack Reacher kynnist eldri hjónum sem eru lent í klónum á okurlánara. Þar sem okkar maður er ávallt reiðubúinn að taka bófa í bakaríið, býður hann fram aðstoð sína. Og áður en langt um líður er hann búinn að egna upp bæði úkraínsku og albönsku mafíuna í plássinu – með verulega blóðugum afleiðingum.

394 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Kramp

**Höf: María José Ferrada**
**Þýð: Jón Hallur Stefánsson**

Hin sjö ára M slæst í för með föður sínum D milli bæja þar sem hann selur byggingarvörur frá framleiðandanum Kramp á tímum Pinochet-harðstjórnarinnar í Chile. Saklaust barnið heillast af heimi farandsölumannanna og gerir sér aðeins óljósa grein fyrir þeirri pólitísku spennu sem kraumar undir niðri í samfélaginu.

128 bls.

**Angústúra**

KIL




## Í hennar skóm

**Höf: Jojo Moyes**
**Þýð: Herdís M. Hübner**

Sam dreymir um betra líf, þar sem hún er laus við áhyggjur og erfiðan eiginmann. Einn morguninn tekur hún vitlausa tösku í ræktinni og í henni reynast vera rándýrir hönnunarskór. Hún klæðir sig í skóna og finnst hún vera orðin allt önnur kona.

Nisha á töskuna. Líf hennar virðist fullkomið en þegar hún glatar töskunni umbreytist veruleiki hennar.

428 bls.

**Veröld**

KIL RAF




## Kvæði & sögur

**Höf: Edgar Allan Poe**

Loksins á íslensku! Myndarlegt úrval af kvæðum og sögum þessa brautryðjanda vestrænna nútímabókmennta, sannkölluð stórbók með þýðingum frá fyrri tíð, en líka glænýjum þýðingum eftir marga kunna þýðendur. Ástráður Eysteinsson bókmenntafræðingur ritar ítarlegan inngang um höfundarverkið og þýðingarnar.

498 bls.

**Dimma**

IB SVK



## Jerúsalem

**Höf: Gonçalo M. Tavares**
**Þýð: Pedro Gunnlaugur Garcia**

Kona, morðingi, læknir, strákur, vændiskona, geðsjúklingur. Og nóttin. Jerúsalem er margverðlaunuð skáldsaga eftir einn helsta núlifandi rithöfund portúgalska málheimsins. Í þessari gáskafullu og frumlegu frásögn er tekist á við einhver stærstu mál mannlegs samfélags af léttleika í bland við alvöru — enda er hryllingurinn hluti af mennskunni.

213 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Köngulóin

**Höf: Lars Kepler**
**Þýð: Hilmar Helgu- og Hilmarsson**

Lars Kepler er einn vinsælasti glæpasagnahöfundur Svíþjóðar en á bak við höfundarnafnið eru hjónin Alexandra og Alexander Ahndoril. *Köngulóin* var mest selda bókin í Svíþjóð árið 2022 og er sú níunda um finnsk-sænska lögreglumanninn Joona Linna. Hver er þessi raðmorðingi sem kallar sig Köngulóna og hvernig tengist hann Joona?

576 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF




## Jólabókaklúbburinn

**Höf: Sarah Morgan**
**Þýð: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**

Maple Sugar gistihúsið er fullkomið fyrir jóladekurferð enda er það fullbókað allan desember. Hótelstýran Hattie Coleman er kornung ekkja og einstæð móðir og hennar eina ósk er að komast klakklaust gegnum jólavertíðina. Þegar Erica, Claudia og Anna mæta í vikulanga bókaklúbbadvöl á gistihúsið grípa örlögin í taumana.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Litla kaffihúsið í Kaupmannahöfn

**Höf: Julie Caplin**
**Þýð: Kristín V. Gísladóttir**

Kate Sinclair finnst líf hennar í London vera fullkomið. Hún á hrífandi kærasta og nýtur velgengni í starfi. En þá svíkur kærastinn hana og hreppir sjálfur stöðuhækkunina sem hún hafði sóst eftir. Niðurbrotin fer hún að efast um sjálfa sig og allt – og verður einfaldlega að komast burt.

435 bls.

**Ugla**

KIL



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Lokasuðan
**Höf: Torgny Lindgren**
**Þýð: Heimir Pálsson**
Torgney Lindgren heldur áfram sagnagerð sinni um heim bernskuslóðanna í Vesturbotni í Norður-Svíþjóð. Nú með aðstoð sögumanns sem hefur lifað ellina af og er kominn á aðra öld ...
269 bls.
**Ugla**

KIL




## Miðnætti í Litlu jólabókabúðinni
**Höf: Jenny Colgan**
**Þýð: Helga Soffía Einarsdóttir**
Þótt Carmen hafi bjargað bókabúðinni frá gjaldþroti síðustu jól er staðan enn tvísýn. Að auki er enginn hægðarleikur að finna húsnæði á viðráðanlegu verði fyrir fátækan bóksala. En Edinborg er ævintýraborg og aldrei að vita hvaða tækifæri leynast í iðrum hennar. Ekta jólabók eftir skoska metsöluhöfundinn Jenny Colgan.
364 bls.
**Angústúra**

KIL




## Makaskiptin
**Höf: Robyn Harding**
**Þýð: Sigurlína Davíðsdóttir**
Makaskiptin er hörkuspennandi bók úr smiðju kanadíska rithöfundarins Robyn Harding. Það sem átti að vera græskulaust gaman og saklaust hliðarskref tveggja para vindur upp á sig með afdrifaríkum afleiðingum.
332 bls. / klst.
**Bókafélagið**

KIL




## Miðnæturrósin
**Höf: Lucinda Riley**
**Þýð: Herdís H. Húbner**
Sagan segir frá einstöku lífshlaupi Anahitu Chaval, frá upphafi tuttugustu aldar til dagsins í dag. Lesandinn kynnist fjórum kynslóðum í tveimur ólíkum menningarheimum, glitrandi höllum fursta á Indlandi og höfðingjasetrum á Englandi. Lucinda Riley sló í gegn með bókaflokknum um systurnar sjö, þetta er hennar fyrsta sjálfstæða skáldsaga á íslensku.
612 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Malibu brennur
**Höf: Taylor Jenkins Reid**
**Þýð: Sunna Dís Másdóttir**
Það er komið að árlegu sumarlokapartíi Ninu Riva og tilhlökkunin er næstum áþreifanleg enda vilja allir vera í návist Riva-systkinanna fjögurra. Þegar óvæntur gestur skýtur upp kollinum fer allt á annan endann og á miðnætti er partíið algjörlega farið úr böndunum. Ógleymanleg fjölskyldusaga.
348 bls.
**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Mæður og synir
**Höf: Theodor Kallifatides**
**Þýð: Hallur Páll Jónsson**
Theodor Kallifatides heldur hér sínu striki og er sjálfur í miðju frásagnarinnar. Að þessu sinni fer hann frá Svíþjóð til gamla heimalandsins, Grikklands, og heimsækir móður sína á tíræðisaldri í Aþenu. Um leið rifjar hann upp endurminningar föður síns og tengir uppruna- og ættarsögu við samtal þeirra mæðgina um lífið og tilveruna.
239 bls.
**Dimma**

SVK




## Mánasystirin
***Fimmta bókin í bókaflokknum um systurnar sjö***
**Höf: Lucinda Riley**
**Þýð: Arnar Matthíasson**
Eftir dauða Pa Salt, milljarðamæringsins sem ættleiddi sex dætur allsstaðar að úr heiminum, lætur ein þeirra, Tiggy D'Aplièse, innsæið ráða og flytur á afskekktan stað í skosku hálöndunum til að hugsa um villt dýr á landareign héraðshöfðingjans fjallmyndarlega Charlie Kinnaird sem er í óhamingjusömu hjónabandi og á í baráttu um landareignina.
612 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Nokkuð óvenjulegur lögmaður
**Höf: Yves Ravey**
**Þýð: Jórunn Tómasdóttir**
Frú Rebernak vill ekki veita frænda sínum skjól þegar honum er sleppt úr fangelsi. Hann hafði setið inni í fimmtán ár sakaður um nauðgun á lítilli stúlku. Hún óttast að hann kunni að gera dóttur hennar mein. Hún leitar því ráða hjá Montussaint lögmanni sem hafði verið henni innan handar eftir að maður hennar dó.
122 bls.
**Ugla**

KIL




## Mér líður ágætlega en mér gæti liðið betur
**Höf: Lydia Davis**
**Þýð: Berglind Erna Tryggvadóttir**
Úrval sagna eftir Lydia Davis, einn frumlegasta og virtasta rithöfund Bandaríkjanna. Sögurnar eru hnyttnar og átakanlegar í senn og einkennast af glettni og innsæi. Viðfangsefnin eru margvísleg: Barneignir, vínkjallarar og tryggingar, hvort sælla sé að gefa en að þiggja, forsendur langlífis, fiskiát heima við eða á veitingastöðum og gæði vináttu.
220 bls.
**Benedikt bókaútgáfa**

KIL






## Norrænar goðsagnir

**Höf: Neil Gaiman**
**Þýð: Urður Snædal**

Goðin í Ásgarði eru ekki fullkomin frekar en mannfólkið. Hér er sagt frá afrekum þeirra og uppátækjum, dáðum og djörfung en einnig lygum og undirferli. Fantasíuhöfundurinn Neil Gaiman er trúr sögunum sem við þekkjum, af Óðni hinum vitra, þrumuguðinum Þór, hinum viðsjárverða Loka, en færir goðin nær lesandanum.

200 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Pálmavínsdrykkjumaðurinn

**Höf: Amos Tutuola**
**Þýð: Janus Christiansen**

Þegar tappari pálmavínsdrykkjumanns fellur óvænt frá leggur drykkjumaðurinn í leiðangur til að hafa uppi á honum í Dauðramannaþorpinu. En leiðin þangað er alls ekki greið og ýmsar goðsögulegar verur tefja för hans. Ævintýraleg frásögn í anda nígerískra munnmælasagna.

162 bls.

**Angústúra**

KIL




## Orðabók hinna týndu orða

**Höf: Pip Williams**
**Þýð: Uggi Jónsson**

Esme Nicoll er viðstödd þegar fyrsta Enska Oxford-orðabókin er rituð. Hún ákveður að safna saman öllum orðunum sem rata ekki í útgáfuna sem fylgir ströngum reglum og hefðum Viktoríutímans. Í kjölfarið fæðist hugmyndin um Orðabók hinna týndu orða. Heillandi uppvaxtarsaga um tungumál og valdakerfi, ástir og örlög.

496 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Perlusystirin

***Fjórða bókin í bókaflokknum um systurnar sjö***

**Höf: Lucinda Riley**
**Þýð: Valgerður Bjarnadóttir**

CeCe, fjórða systirin hefur ætíð fundist hún utangarðs. Eftir lát Pa Salt upplifir hún sig meiri einstæðing en nokkru sinni. Hún hefur engu að tapa og sökkvir sér ofan í leyndardómsfullan uppruna fjölskyldu sinnar. Einu vísbendingarnar eru svarthvítar ljósmyndir og nafn kvenkyns frumherja sem ferðaðist alla leið frá Skotlandi til Ástralíu.

612 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL RAF HLB




## Paradís

**Höf: Abdulrazak Gurnah**
**Þýð: Helga Soffía Einarsdóttir**

Yusuf er barn að aldri þegar auðugur kaupmaður af ströndinni tekur hann upp í skuldir foreldra hans. Hættuleg fegurð drengsins verður til þess að hann fylgir kaupmanninum í leiðangur inn í Tansaníu þar sem Yusuf kynnist töfrum fjallanna, víðáttu vatnanna, framandi siðum og hversu óvægið lífið getur verið. Merkilegt verk eftir Nóbelsverðlaunahafa.

328 bls.

**Angústúra**

KIL




## Pons frændi og Kötturinn Keli

**Höf: Honoré de Balzac**
**Þýð: Sigurjón Björnsson**

Sagan af Pons frænda er tvíburasaga Betu frænku. Pons fellur í ónáð hjá ættingjum sínum og tekur það svo nærri sér að hann veikist og deyr. Tekur þá við vægðarlaus barátta um hinar dýrmætu eigur hans þar sem einskis er svifist.

330 bls.

**Skrudda**

IB




## Paradísarmissir

**Höf: John Milton**
**Þýð: Jón Erlendsson**

Stórbrotið söguljóð frá 17. öld eftir eitt af höfuðskáldum Englendinga. Frásögnin spannar alla heimssöguna, frá sköpun til dómsdags, en kjarni hennar er syndafallið og klækjabrögð Satans þegar hann freistar Adams og Evu í aldingarðinum. Jón Erlendsson þýðir kvæðið af eljusemi og listfengi og skrifar skýringar, en inngang ritar Ástráður Eysteinsson.

519 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Rangur staður, rangur tími

**Höf: Gillian McAllister**
**Þýð: Magnea J. Matthíasdóttir**

Jen verður vitni að því er sonur hennar vegur ókunnan mann. Þetta kvöld sofnar hún full örvæntingar – en næsti dagur reynist vera gærdagurinn ... svo vaknar hún aftur daginn þar á undan. Jen þarf að nýta tímann til að koma í veg fyrir að voðaverkið eigi sér stað. Eitursnjall og æsispennandi sálfræðitryllir, sem slegið hefur í gegn um víða veröld.

388 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF









## Réttarhöldin

**Höf: Franz Kafka**
**Þýð: Ástráður Eysteinsson og Eysteinn Þorvaldsson**

Sagan af Jósef K., bankamanninum sem er óvænt kvaddur fyrir dularfullan dómstól til að svara til ókunnra saka, er meðal þekktustu bókmenntaverka 20. aldar. Franz Kafka lauk bókinni raunar ekki til fulls og hún kom fyrst út 1925, ári eftir dauða hans. Hér er á ferð endurskoðuð þýðing þessarar víðfrægu sögu með nýjum eftirmála Ástráðs Eysteinssonar.

308 bls.

**Forlagið**

KIL RAF



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Rúmmálsreikningur

**Höf: Solvej Balle**
**Þýð: Steinunn Stefánsdóttir**

Þessi verðlaunasaga er um ástina og hverfulleika heimsins. Það er 18. nóvember. Á hverju kvöldi þegar Tara Selter fer að sofa er 18. nóvember og á hverjum morgni þegar hún vaknar er 18. nóvember. Hún á ekki lengur von á að það sé kominn 19. nóvember þegar hún vaknar og hún man ekki lengur eftir 17. nóvember eins og hann hafi verið í gær.

180 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Sjáið okkur dansa

**Höf: Leïla Slimani**
**Þýð: Friðrik Rafnsson**

Annað bindið í þríleik Leïlu Slimani sem hún byggir á ættarsögu sinni en fyrsta bókin, *Í landi annarra*, kom út á íslensku árið 2021. Hér segir frá Aishu sem er augasteinn foreldra sinna, hins marokkóska Amins og Mathilde sem kemur frá Frakklandi. Lýst er átökum, umbrotum og ástríðum með húmor, kærleika og ísköldu raunsæi.

332 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF




## Smáatriðin

**Höf: Ia Genberg**
**Þýð: Þórdís Gísladóttir**

Skáldsaga í fjórum þáttum sem lýsir fáeinum manneskjum og óteljandi smáatriðum. Saga um afhjúpandi samskipti, stórar tilfinningar og forvitnilegt fólk.

Veröld sem lesandinn mun sakna um leið og síðasta blaðsíðan er lesin.

140 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Smámunir sem þessir

**Höf: Clarie Keegan**
**Þýð: Helga Soffía Einarsdóttir**

Árið er 1985 í litlu þorpi á Írlandi. Jólin nálgast og þar með mesti annatími Bills Furlong, kolakaupmanns og fjölskyldu hans. Snemma morguns, þegar Bill er að afhenda kol í klaustrið við bæinn, gerir hann uppgötvun. "Bók sem allir verða að lesa." Kolbrún Bergþórsdóttir, Kiljan

108 bls.

**Bjartur**

KIL




## Sólarsystirin

***Sjötta bókin í bókaflokknum um systurnar sjö***
**Höf: Lucinda Riley**
**Þýð: Valgerður Bjarnadóttir**

Electra er yngst systranna sem dularfulli auðkýfingurinn, Pa Salt, ættleiðir. Hún er ódæll unglingur, hættir í skóla, en er uppgötvuð á götum Parísar og verður heimsfræg ofurfyrirsæta. *Sólarsystirin* er sjötta bókin í bókaflokknum sem nefndur er eftir fyrstu bókinni, *Sjö systur*, og eru einhverjar vinsælustu skáldsögur í heimi.

820 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Sólarupprás við sjóinn

**Höf: Jenny Colgan**
**Þýð: Helga Soffía Einarsdóttir**

Þegar örlögin feykja örmagna Marisu á afskekkta eyju úti fyrir ströndum Cornwall vonast hún til að fá að jafna sig í friði. Fyrr en varir er hún farin að hjálpa til í vitanum hjá Polly og Huckle og leggja á ráðin um að blása nýju lífi í Litla bakaríið. Getur verið að hún hafi frekar þörf fyrir nánd en næði? Ljúflestur eftir skoska metsöluhöfundinn.

432 bls.

**Angústúra**

KIL




## Spænska ástarblekkingin

**Höf: Elena Armas**
**Þýð: Sunna Dís Másdóttir**

Catalina þarf að mæta í brúðkaup systur sinnar. Kærastanum hennar er boðið líka. Vandinn er bara sá að það er enginn kærasti – hún skáldaði hann! Þegar hinn óþolandi vinnufélagi hennar, Aaron, býðst til að koma með henni ákveður hún því að láta á það reyna. Þau hafa þrjá daga til að sannfæra fjölskylduna um að þau séu brjáluð hvort í annað …

496 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Systraklukkurnar

**Höf: Lars Mytting**
**Þýð: Jón St. Kristjánsson**

Í fornri stafkirkju í norskum afdal hanga Systraklukkurnar sem eru sagðar hringja þegar hætta steðjar að. Þegar nýr prestur kemur í sóknina vaknar von í brjósti Astridar um betra líf. Hann reynir að koma á nýjum siðum en þegar ungur þýskur arkitekt birtist breytist líf Astridar og hún þarf að velja á milli prestsins og framtíðar í öðru landi.

450 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB






## Tíundi maðurinn

**Höf: Graham Greene**
**Þýð: Árni Óskarsson**

Í heimsstyrjöldinni síðari er hópi manna haldið föngnum í þýskum fangabúðum. Dag einn fá fangarnir að vita að þrír þeirra verði teknir af lífi. Í hópnum er franskur lögfræðingur sem leggur á ráðin um að komast undan aftöku. Honum tekst það. En brátt kemur í ljós að hann muni þurfa að súpa seyðið af ráðabrugginu það sem eftir er ævinnar.

182 bls.

**Ugla**

KIL




## Ungi maðurinn

**Höf: Annie Ernaux**
**Þýð: Rut Ingólfsdóttir**

Í þessari litlu bók segir Nóbelsskáldið Annie Ernaux í fáum orðum eftirminnilega sögu af sambandi sínu við mann sem var þrjátíu árum yngri en hún. Meðan á sambandinu stóð fannst henni sem hún væri aftur orðin unglingsstelpan sem olli hneykslun endur fyrir löngu.

48 bls.

**Ugla**

KIL




## Veðrafjall

**Höf: Liza Marklund**
**Þýð: Friðrika Benónýsdóttir**

Í miðjum Jónsmessufagnaði í bænum Stenräsk flýtur lík upp úr Köldumýri. Í fyrstu er talið að þetta sé lík eiginkonu lögreglustjórans Wikings Stormberg sem hafði horfið fyrir mörgum árum. En svo kemur í ljós að líkið er af karlmanni. Það hafði verið fest við botn mýrinnar með stiku í gegnum hjartað – eins og í vampírusögu.

284 bls.

**Ugla**

KIL




## Verity

**Höf: Colleen Hoover**
**Þýð: Birgitta Elín Hassell og Marta Hlín Magnadóttir**

Rithöfundurinn Lowen Ashleigh er í fjárhagskröggum þegar hún fær tilboð sem hún getur ekki hafnað. Jeremy Crawford, eiginmaður metsöluhöfundarins Verity Crawford, ræður Lowen til að klára síðustu bækurnar í afar vinsælum bókaflokki sem rúmföst eiginkona hans er ekki fær um að ljúka.

330 bls. / klst.

**Björt bókaútgáfa - Bókabeitan**

KIL RAF HLB




## Violeta

**Höf: Isabel Allende**
**Þýð: Sigrún Á. Eiríksdóttir**

Violeta fæðist í Chile árið 1920 og allt sitt líf berst hún fyrir sjálfstæði sínu. Örlög hennar mótast af byltingum, kúgun, frelsisbaráttu og ekki síst baráttu kvenna gegn ofbeldi. Margbrotin og ómótstæðileg skáldsaga, byggð á sögu móður Isabel Allende, um ríkidæmi og fátækt, djúpan harm og óbilandi ást.

377 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

KIL RAF HLB




## Þannig var það

**Höf: Jon Fosse**
**Þýð: Kristrún Guðmundsdóttir**

*Þannig var það* er nýtt leikrit eftir hinn nafnkunna, norska rithöfund Jon Fosse sem nú hefur hlotið Nóbelsverðlaun í bókmenntum. Aldraður maður íhugar líf sitt og sögu við leiðarlok. Hann veltir fyrir sér stöðu sinni í dag og hvort lífsferillinn hafi verið sá sem hann vildi. „Ég sóaði lífi mínu / í þessar myndir / í þessi málverk."

55 bls.

**Espólín forlag**

KIL




## Þriðja röddin

**Höf: Cilla Börjlind og Rolf Börjlind**
**Þýð: Hilmar Helgu- og Hilmarsson**

Í Stokkhólmi finnst starfsmaður hjá Tollinum hengdur heima hjá sér. Lögreglan úrskurðar að um sjálfsmorð sé að ræða en þegar Olivia Rönning dregst inn í málið áttar hún sig á að ekki er allt sem sýnist. Og allt í einu er hún, þvert gegn vilja sínum, komin á kaf í morðrannsókn sem teygir anga sína til Frakklands en líka á óvænta staði nær henni.

512 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

KIL RAF HLB




## Þýsk sálumessa

**Höf: Philip Kerr**
**Þýð: Helgi Ingólfsson**

Bernie Gunther berst við fláráða herforingja, laumunasista og kommúnista í rústum Evrópu rétt eftir seinna stríð. Einstakar sakamálasögur Philips Kerr hafa fyrir löngu öðlast heimsfrægð og birtast nú íslenskum lesendum í vönduðum þýðingum Helga Ingólfssonar rithöfundar.

436 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL






GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa

# Ljóð og leikhandrit




## Að innan erum við bleik

**Höf: Solveig Thoroddsen**

*Að innan erum við bleik* er önnur ljóðabók höfundar sem hefur hlotið viðurkenningar og tilnefningar fyrir kveðskap sinn. Hér hittum við fyrir nýstárlegan tón þar sem saman fer kímni og hráblaut sýn á veruleika vinnandi fólks sem elskar.

48 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Anatómía fiskanna

**Höf: Sölvi Björn Sigurðsson**

Á samkomustaðnum Glóðarauganu ríkir sundrung eftir að Guðmundur Hafsteinsson hefur að semja smáauglýsingar í mannlífsblöð um líf sitt þar og annarra er staðinn sækja. Póstþjónusta Reykjavíkur sér þess ei annan kost en að gefa út sérrit til skýringar á því hvers vegna útburðarkonan Absentína Valsdóttir kýs að dreifa ekki þeim auglýsingum.

112 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Áður en ég breytist

**Höf: Elías Knörr**

Elías er verðlaunaskáld og þýðandi frá Galisíu sem yrkir á íslensku af ótrúlegu öryggi og innsæi. Sjálfur lýsir hann þessari bók sem „svaðilför í ljóðum þar sem höfundurinn keppist við að bjarga minningum“.

94 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Áttunda Davíðsbók

**Höf: Davíð Hjálmar Haraldsson**

Fátt er áhrifameira en að lesa ljóð undir flóknum bragarhætti og sjá og finna að allt komist til skila, verða vitni að því hvernig orðfærnin ljómar af hverri braglínu. Davíð Hjálmar er meistari hins hefðbundna ljóðs. Þessi bók er samfelld veisla fyrir hvern þann sem ann íslenskri braglist.

158 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Bakland

**Höf: Hanna Óladóttir**

Líf þriggja gjörólíkra kvenna fléttast óvænt saman þegar dætur þeirra lenda á villigötum. Þær eru bakland barna sinna en bera sjálfar bagga úr eigin uppvexti. Áhrifamikil ljóðsaga um áföll, fíkn og kerfið sem bregst þegar á reynir. *Bakland* er þriðja ljóðabók Hönnu Óladóttur.

108 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Byggð mín í norðrinu

**Höf: Hannes Pétursson**

Í þessari bók eru samankomin mörg af ástsælustu ljóðum Hannesar Péturssonar sem sjálfur hefur sett saman þetta úrval. Ljóðin tengjast öll Skagafirði, geyma sum æskuminningar skáldsins eða fjalla um sögulega atburði. Annar Skagfirðingur, Sölvi Sveinsson, ritar eftirmála og segir frá tildrögum einstakra ljóða.

91 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB




## Dóttir drápunnar

**Höf: Gunnhildur Þórðardóttir**

*Dóttir drápunnar* er sjötta ljóðabók höfundar. Ljóðin eru hugleiðingar allt árið um kring um viðburði, persónur og náttúruna. Þetta eru rómantískar lýsingar á landslagi, manneskjunni, menningu og hlutum en einnig kemur við sögu feminismi loftslagsumræða og jafnrétti.

42 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Dulstirni / Meðan glerið sefur

***ljóðatvenna***

**Höf: Gyrðir Elíasson**

Ljóðheimur Gyrðis Elíassonar er í senn víðfeðmur og nærtækur. Þar skarast innri og ytri öfl, draumur og veruleiki, orð og athafnir. Líf mannsins í hverfulum heimi er nú sem fyrr höfuðviðfangsefni skáldsins og yrkisefnin óþrjótandi. Í þessari myndarlegu ljóðatvennu birtast rúmlega 200 ný og fersk ljóð sem eiga erindi við samtímann.

232 bls.

**Dimma**

SVK




***Eiginkona Bipolar 2 - Ljóðasaga***

## Eiginkona Bipolar 2

***Ljóðsaga***

**Höf: Elín Kona Eddudóttir**

Ljóðabókin *Eiginkona Bipolar 2*, eftir Elínu Konu Eddudóttur, inniheldur fimmtíu ljóða sögu sem hún skrifaði á árunum 2016-2018 þegar eiginmaður hennar til 26 ára hóf að glíma við Bipolar 2. Hún skrifaði ljóðin eins og dagbók, til að ná utan um líðan sína á þessu tímabili og hina hröðu atburðarás og koma henni í orð.

105 bls.

**Elín Kona Eddudóttir**

KIL




## Eina hverfula stund

**Höf: Njörður P. Njarðvík**

Bók sem geymir hugnæm og djúpskyggn ljóð sem fá lesandann til að staldra við og hugleiða tímann og mannsævina, eilífðina og andartakið. Þetta er sjötta ljóðabók Njarðar en hálf öld er nú liðin síðan sú fyrsta kom út. Hann hefur á sextíu ára höfundarferli sent frá sér frumsamdar bækur af ýmsu tagi og fjölda þýðinga, ekki síst á ljóðum.

45 bls.

**Forlagið - Iðunn**

SVK




## Einræður

***Ljóð***

**Höf: Finnur Torfi Hjörleifsson**

Höfundur sem er íslenskufræðingur og lögfræðingur hefur sent frá sér fjölda bóka, kennslubækur, barnabók og endurminningar, auk nokkurra ljóðabóka.

69 bls.

**Skrudda**

KIL




## Fegurðin í flæðinu

**Höf: Ester Hilmarsdóttir**

*Fegurðin í flæðinu* fjallar um blæðingar, allt frá fyrsta dropa til hins síðasta. Hér er farið yfir allt frá eftirvæntingunni sem því fylgir að byrja á fyrstu blæðingum til ergelsis, bakverkja og magakrampa. Ekkert er dregið undan.

42 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Fjörusprek og Grundargróður

**Myndir: Rúnar Kristjánsson**

Rúnar Kristjánsson er baráttuskáld. Hann yrkir ljóð til þess að vekja athygli á því sem betur má fara og kveikja von í brjósti þeirra sem minna mega sín. Í ljóðunum má finna trúarhita skáldsins, væntumþykju og von um betri og bjartari veröld, en líka illan grun um að maðurinn sé að villast á vegferð sinni. Rúnar er skáld hins hefðbundna ljóðforms.

184 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Flagsól

**Höf: Melkorka Ólafsdóttir**

**Myndir: Hlíf Una Bárudóttir**

Í þessari undurfallegu myndskreyttu ljóðabók fáum við að kynnast leyndarlífi íslenskra sveppa. Raddir þeirra berast okkur úr skógarbotninum og vegkantinum, af trjábolum, greinum og steinum; við kynnumst sveppum sem skjóta, springa, seyta, fettast og brettast, trega og syrgja, daðra og elska. Á fjórða tug vatnslitamynda eru í bókinni.

80 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Fuglamjólk

**Höf: Steinunn Ásmundsdóttir**

Í sjöundu ljóðabók sinni heldur Steinunn Ásmundsdóttir uppteknum hætti og yrkir af næmleika og skilningi um líf og tíma, tengsl við náttúruna, ójöfnuð og firringu, en fyrst og fremst um manneskjuna sjálfa í flóknum vefnaði tilverunnar.

115 bls.

**Dimma**

SVK




## Grænir Grasadraumar

**Höf: Brynhildur María Ragnarsdóttir**

Bókin er vísun í orðatiltækið "grasið er alltaf grænna hinumegin" og gagnrýni á kapítalískt samfélag, heimspekilegar pælingar um Dauðann, dagdrauma og tengingu mannfólksins við náttúruna.

64 bls.

**Brynhildur María Ragnarsdóttir**

KIL




***Austfirsk ljóðskáld***

## Handan blárra fjalla

**Höf: Iðunn Steinsdóttir**

Iðunn Steinsdóttir hefur stundað ljóðagerð frá unga aldri og varð snemma þekkt fyrir vandaða söngtexta sína. Hún er þekktur rithöfundur og hefur skrifað jafnt fyrir unga sem eldri lesendur, meðal annars vinsæl leikrit. Hér birtist fyrsta ljóðabók Iðunnar og geymir úrval kveðskapar hennar. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson skrifar inngang.

111 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

IB



## Harmaborgin

***Ljóð úr kirkjugarði***

**Höf: Helgi Jónsson**

Efni þessara ljóða, sem er fremur dulúðlegt, á sér stað á friðsælum reit, kirkjugarði, sem getur tekið á sig hrollvekjandi myndir þegar svo ber undir. Flest eru ljóðin fram sett af nokkurri mildi, með undantekningum, og stemningarnar ná að snerta huga og hjarta lesandans.

128 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

KIL



## Hlustum frekar lágt

**Höf: Þórarinn Eldjárn**

Þrjátíu og tvö áður óbirt háttbundin ljóð. Flest þeirra tvöföld eða þreföld í roðinu, þannig að í raun fylla þau næstum hundraðið. Hér er meðal annars fjallað um grímur og hornsíli, útfjólur og íslensku kerlinguna, fálka í fjósi og trójuhesta, hraðamet snigils og gildi þess að hlusta lágt, hjólbörur með vængi, tímareim sem fer og guð í augnhæðum.

47 bls.

**Gullbringa ehf.**

SVK



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa



## Hrópað úr tímaþvottavélinni

**Höf: Guðmundur S. Brynjólfsson**

„Í dag eru teknar milljónir mynda. Þær eru helst aldrei skoðaðar. Enda ekki teknar til þess. Heldur til að drepa tímann. Festa tímann. Frysta tímann. Ef tíminn er þá til.“ Hvergi fremur en í þessari angursáru bók ljóða og athugasemda gefur að líta skorinorðari greiningu á stöðu nútímamannsins – þess manns sem virðist úreltur fyrir aldur fram.

72 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Kvæði & sögur

**Höf: Edgar Allan Poe**

Loksins á íslensku! Myndarlegt úrval af kvæðum og sögum þessa brautryðjanda vestrænna nútímabókmennta, sannkölluð stórbók með þýðingum frá fyrri tíð, en líka glænýjum þýðingum eftir marga kunna þýðendur. Ástráður Eysteinsson bókmenntafræðingur ritar ítarlegan inngang um höfundarverkið og þýðingarnar.

498 bls.

**Dimma**

IB SVK




## Hugleiðingar

***Miðaldra, hvítur, íslenskur, sískynja, gagnkynhneigður karlmaður yrkir um samtímann og farinn veg***

**Höf: Gísli Jökull Gíslason**

Hér er ort um miðaldra, hvítan, íslenskan, sískynja, gagnkynhneigðan karlmann sem hefur það ansi gott. Það er of lítið ort um slíka menn. Þemu bókarinnar eru samfélagsskoðun, lífsspeki og minnisstæð augnablik. Sum eru gamansöm en önnur eru alvarlegri. Ljóðin tala sínu máli og best skoða og máta sig við þau. Höf. er rannsóknarlögregla og rithöfundur

60 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Leiðir hugann seiður

**Höf: Bragi Björnsson**

Bragi Björnsson frá Surtsstöðum (1929-2011) var gott og afkastamikið ljóðskáld og í bókinni birtist aðeins hluti af áður óprentuðum kveðskap hans. Yrkisefnin eru fjölbreytt, mannlífið í víðum skilningi og hin lifandi náttúra skipa þar heiðurssæti ásamt ljóðum um sögulegt efni. Áður hafa komið út eftir Braga bækurnar *Agnir* og *Laðar nótt til ljóða*.

167 bls.

**Félag ljóðaunnenda á Austurlandi**

SVK



## Í myrkrinu fór ég til Maríu

**Höf: Sonja B. Jónsdóttir**

Árið 1989 varð Sonja fyrir því skelfilega áfalli að missa 19 ára dóttur sína í bílslysi í blóma lífsins. Í þessari ljóðabók fer hún með lesandann í gegnum það sem beið hennar eftir andlát dótturinnar – allt fram á daginn í dag.

80 bls.

**Veröld**

IB RAF



## Ljóð fyrir klofið hjarta

**Höf: Helen Cova**

**Myndir: Rubén Chumillas**

Skáldið fer með þér í innilegt ferðalag um landslag tilfinninga og endurómar hvísl tveggja heima.

Þessi ljóð blanda fallega saman Íslandi og Venesúela og skapa einstakan samruna sem fagnar bakgrunni skáldsins á sama tíma og skáldið kannar andstæðurnar milli hennar fyrsta og núverandi heimilis.

56 bls.

**Karíba útgáfa**

SVK




## Kurteisissonnettan og önnur kvæði

**Höf: Gunnar J. Straumland**

Frá unglingsárum hefur Gunnar ort, bæði háttbundin kvæði og frjálsari í formi. Undanfarna áratugi hefur hann einbeitt sér að margbreytileika íslenskra bragarhátta og yrkir undir fjölbreyttum háttum. Hann er virkur í starfi Kvæðamannafélagsins Iðunnar og Kvæðamannafélagsins Snorra í Reykholti. *Kurteisissonnettan og önnur kvæði* er önnur bók hans.

236 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




***Myndskreytt ljóðabók***

## Ljósbrot

**Höf: Lísa María Jónsdóttir**

Með því að seilast eftir orðum hugans kafar höfundur dýpra í sína innri verund til að þroska sjálfa sig og efla. Fallega myndskreytt ljóðabók sem jafnframt er þriðja bók höfundar.

120 bls.

**Lísa María Jónsdóttir**

KIL

# Þú verður aldrei yfirgefinn ef þú elskar sjálfan þig




## Maður lifandi

**Höf: Kristinn Óli S. Haraldsson**

Kristinn Óli S. Haraldsson, þekktur sem helmingur dúettsins Jói Pé og Króli, glímdi lengi við þunglyndi og tilvistarangist. Ein leið hans út úr vandanum var að skrifa ljóð og texta þar sem hann tekst á við sjálfan sig og tilveruna. Þeir koma hér á bók ásamt áhrifamiklum myndverkum eftir Axel Magnús, Isak Emanúel Glad og Jóhannes Darmian.

80 bls.

**Bjartur**

IB




## Mannakjöt

**Höf: Magnús Jochum Pálsson**

Ljóðabók sem vekur lesandann til umhugsunar um dökkar hliðar mannkynsins og hvernig kunni að fara fyrir jörðinni breyti mannfólkið ekki hegðun sinni. Höfundur yrkir um manneskjuna, græðgi hennar, fíkn og neyslu en einnig um hringrás lífsins, fjölskylduna, og fórnir á dýrum jafnt sem mönnum.

76 bls.

**pbb**

SVK




## Ró í beinum

***Ljóðaþykkni 1982–2022***

**Höf: Ísak Harðarson**

Úrval ljóða Ísaks sem hann valdi sjálfur og gekk frá til útgáfu skömmu áður en hann lést síðasta vor. Ísak hafði verulega sérstöðu sem ljóðskáld. Hann orti íhugul, trúarleg og heimspekileg ljóð sem stundum lýsa örvæntingu og einmanaleika en einnig von og gleði; í þeim má oft finna óvæntar myndir, gáska og kraft. Andri Snær Magnason ritar eftirmála.

110 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB




## Sjálfshjálparbók hjálparstarfsmannsins

**Höf: Páll Biering**

Veturinn 2015 starfaði Páll Biering geðhjúkrunarfræðingur á vegum Rauða krossins í fjölmennum flóttamannabúðum á landamærum Grikklands og Norður-Makedóníu. Í þessari bók freistar hann þess að fanga í orð reynslu sína frá þessari sendiför.

70 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Sólgarðurinn

**Höf: Beinir Bergsson**

**Þýð: Guðrún Brjánsdóttir**

*Sólgarðurinn* fjallar um allt það sem vex, dafnar og visnar innra með okkur. Bók þessi er tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs árið 2022. Um er að ræða tímamótaverk í færeysku samfélagi sem fjallar á opinskáan og einlægan hátt um hinsegin ástir.

68 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL



## Taugatrjágróður

**Höf: Aðalheiður Halldórsdóttir**

Aðalheiður Halldórsdóttir hefur í áratugi dansað með Íslenska dansflokknum og komið að ótal leikhúsuppfærslum sem dansari, leikkona, danshöfundur og höfundur sviðshreyfinga í leikverki. Hún stígur nú sín fyrstu dansspor inn á svið skáldskaparins.

78 bls.

**Bjartur**

SVK




## Tálknfirðingur

**Höf: Ólafur Sveinn Jóhannesson**

Ólafur Sveinn Jóhannesson sló í gegn með ljóðabók sinni *Klettur – ljóð úr sprungum*, sem fékk afbragðs dóma og var tilnefnd til ljóðabókaverðlaunanna, Maístjörnunnar. Hér heldur hann áfram að yrkja um sína heimabyggð af einlægni og dregur upp áhrifamiklar myndir af mannlífi og tilveru fyrir vestan af næmri tilfinningu og húmor.

82 bls.

**Bjartur**

IB



## Til hamingju með að vera mannleg

**Höf: Sigríður Soffía Níelsdóttir**

Kröftug og falleg, fyndin og átakanleg ástarjátning til lífsins eftir dansarann og danshöfundinn Sigríði Soffíu Níelsdóttur. Ljóðin skrifaði hún á meðan hún gekk í gegnum krabbameinsmeðferð í heimsfaraldri. Vorið 2023 var frumsýnt dansleikverk með sama nafni á stóra sviði Þjóðleikhússins, byggt á textum hennar.

107 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK

**Lífsins mesta yndi verður aðeins upplifað með hjartanu**




## Til minnis:

**Höf: Áslaug Jónsdóttir**

*Til minnis:* er fyrsta ljóðabók Áslaugar Jónsdóttur sem getið hefur sér gott orð sem höfundur myndlýstra barnabóka, leikrita og margs konar bókverka. Ljóðin birta sterkar augnabliksmyndir af náttúru og mannlífi, bæði í iðandi borg og úti í náttúrunni, allan ársins hring.

88 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK

---




## Undir mjúkum væng

***Myndir úr dagbók***

**Höf: Matthías Johannessen**

Um áratuga skeið hefur Matthías Johannessen verið eitt merkasta skáld Íslands. Hann sendi frá sér sína fyrstu ljóðabók árið 1958 og nú, 65 árum síðar, er hann enn að.

Undir mjúkum væng hefur að geyma nýjustu ljóð hans sem ort eru á undanförnum misserum. Þröstur Helgason bjó til prentunar.

75 bls.

**Veröld**

IB RAF

---




## Vandamál vina minna

**Höf: Harpa Rún Kristjánsdóttir**

Vandamál vina minna er fágætlega heilsteypt og meitluð ljóðabók þar sem Harpa Rún Kristjánsdóttir tekst á við það hlutskipti að vera kona, að vera manneskja, að vera vinur ... Myndvísi hennar og traust tök á ljóðmáli leiða til þess að ljóð hennar tjá hughrif og kenndir á óvenju áhrifamikinn hátt og verða lesendum minnisstæð.

80 bls.

**Bjartur**

IB

---



## Vegamyndir

**Höf: Óskar Árni Óskarsson**

Vegamyndir geyma úrval ljóða og smáprósa Óskars Árna frá árunum 1990-2015. Höfundur fer með lesandann á flakk um fásótta jafnt sem fjölsótta staði á Íslandi og skissar upp það sem fyrir augu ber – land og fólk sem verður á vegi hans. Haukur Ingvarsson ritar inngang.

185 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

SVK

---



## Veltigrjót

***ljóð***

**Höf: Sigrún Björnsdóttir**

Frumleg og margræð ljóðabók með særingum og hugleiðingum um steina, lífsháskann, ást og gleymsku.

60 bls.

**Sigrún Björnsdóttir**

SVK

---




## Vöggudýrabær

**Höf: Kristján Hrafn Guðmundsson**

Vöggudýrabær er skáldleg umfjöllun um þær konur sem nauðbeygðar sendu afkvæmi sín á vöggustofur og þau börn sem ólust þar upp.

Kristján Hrafn Guðmundsson yrkir hér af skáldlegu innsæi, húmor og þekkingu um hlutskipti móður sinnar og ömmu og bregður um leið birtu á þjóðfélag þessara tíma og tíðaranda.

88 bls.

**Bjartur**

IB

---




## Þankar

**Höf: Óli Jóhann Ásmundsson**

Þankar Óla Jóhanns Ásmundssonar eru einstakir og eftirminnilegir. Sumir hafa orðið til eftir miklar pælingar en aðrir dottið af himnum ofan, komið ósjálfrátt upp í huga höfundar. Allt frá smellnum orðaleikjum til djúprar speki sem einatt varpar óvæntu ljósi á mannlega tilveru. Bók sem vekur umræðu og hentar öllum aldurshópum.

228 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL

---




## Þannig var það

**Höf: Jon Fosse**

**Þýð: Kristrún Guðmundsdóttir**

*Þannig var það* er nýtt leikrit eftir hinn nafnkunna, norska rithöfund Jon Fosse sem nú hefur hlotið Nóbelsverðlaun í bókmenntum. Aldraður maður íhugar líf sitt og sögu við leiðarlok. Hann veltir fyrir sér stöðu sinni í dag og hvort lífsferillinn hafi orðið sá sem hann vildi. „Ég sóaði lífi mínu / í þessar myndir / í þessi málverk ."

55 bls.

**Espólín forlag**

KIL

---



## Þar sem malbikið endar

**Höf: Magnea J. Matthíasdóttir**

Í þessari ævintýralegu bók stíga borg, náttúra og mannlíf saman dans, ýmist hægan eða trylltan, angurværan eða ágengan. Tónninn er bæði hlýr og beittur í tæpitungulausum ljóðum sem einkennast af húmor og skarpri sýn á samfélag og samtíð. Það er langt síðan Magnea hefur sent frá sér skáldskap en í bókinni eru yfir fjörutíu ljóð frá löngu tímabili.

72 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK

---




## Þú

**Höf: Halla Gunnarsdóttir**

Halla Gunnarsdóttir yrkir hér um fæðingu og fyrstu tilfinningaþrungnu vikurnar í lífi móður og barns. Hún lýsir átökunum, sársaukanum og gleðinni en inn á milli skjóta upp kollinum kómískir atburðir sem eiga sér stað mitt í þessu tilfinningaróti.

60 bls.

**Veröld**

SVK

# Ævisögur og endurminningar




## Born to Run – Sjálfsævisaga

**Höf: Bruce Springsteen**
**Þýð: Magnús Þór Hafsteinsson**

Í þessari mögnuðu bók segir goðsögnin Bruce Springsteen, The Boss, sögu sína og hljómsveitar sinnar, E Street Band, með sama kraftinum, hispursleysinu, einlægninni og húmornum sem einkennir hans frægustu lög.

663 bls.

**Ugla**

KIL




## Að deyja frá betri heimi

***Ævisaga Jónasar Kristjánssonar læknis***

**Höf: Pálmi Jónasson**

Jónas Kristjánsson ákvað að gerast læknir þegar móðir hans dó frá átta börnum í torfbæ í Svínadal árið 1881. Þá var hann 11 ára að aldri. Faðir hans lést nokkru síðar og fjölskyldan var leyst upp. Jónas barðist til mennta og útskrifaðist sem læknir um aldamótin. Fáir ef nokkrir hafa barist eins ötullega fyrir bættu heilbrigði þjóðarinnar en Jónas.

444 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Bréf úr sjálfskipaðri útlegð

**Höf: Gunnlaugur Magnússon**

Söknuðurinn hættir að vera óbærilegur, útlegðin gerir hann hversdagslegan, að munstri á veggfóðrinu, alltaf til staðar og bara truflandi suma daga. …Bréf úr sjálfskipaðri útlegð er safn esseya og ljóða um reynsluna af því að vera búsettur erlendis, langt fjarri heimahögum.

168 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Að verða að manni

**Höf: Sigurður Kristinsson**

Að verða að manni eru bernskuminningar norðan af Ströndum. Söguhetja okkar er þrátt fyrir ungan aldur í baráttu við náttúruöflin, vopnaður að hætti fullorðinna og oft áræðinn um efni fram.

144 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Dr. Bragi

***og skólamálin***

**Höf: Bragi Jósepsson**

Dr. Bragi Jósepsson var skeleggur talsmaður breytinga á íslenska skólakerfinu á síðustu öld. Hér segir hann frá viðskiptum sínum við menntamálaráðuneytið og þeim átökum í skólamálum sem spunnust í kringum hann, glímu sem oft rataði í alla helstu fjölmiðla landsins.

108 bls.

**Dr. Bragi og skólamálin**

IB




## Afi minn stríðsfanginn

**Höf: Elín Hirst**

Skömmu eftir að Bretar hernámu Ísland í síðari heimsstyrjöldinni handtóku þeir alla Þjóðverja sem bjuggu á landinu, skipti þá engu hvort þeir studdu málstað nasista eður ei. Karl Hirst, afi Elínar Hirst, var einn þessara manna og beið hans eins og hinna vist í fangabúðum í Englandi. Og þegar vistinni í fangabúðunum lauk tók við annar hryllingur.

200 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Eiríkur af Pommern

***Konungur Íslands og Norðurlanda***

**Höf: Jón Þ. Þór**

Eiríkur af Pommern var konungur Íslands í 53 ár, frá 1389 - 1442, lengur en nokkur annar að Kristjáni IV einum undanskildum. Hans er þó sjaldan getið rækilega í íslenskum söguritum en í þessari bók er ljósi varpað á sögu hans og forvitnilega þætti í sögu Norðurlanda og Eystrasalts á miðöldum.

104 bls.

**Urður bókafélag**

KIL




## Björn Pálsson

***Flugmaður og þjóðsagnapersóna***

**Höf: Jóhannes Tómasson**

Björn Pálsson var frumkvöðull í sjúkraflugi á Íslandi. Hann vann marga hetjudáðina og var kallaður „bjargvættur landsbyggðarinnar“ en hann var oft eina lífsvon sjúkra og slasaðra úti á landi. Hann fór í loftið þótt veðurútlitið væri allt annað en gott til flugs, svo ekki sé nú minnst á lendingarstaðina sem sumir voru varla meira en „lófastærð“.

192 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Ég verð aldrei ungfrú meðfærileg

***Baráttusaga Guðrúnar Jónsdóttur***

**Höf: Ingibjörg Dögg Kjartansdóttir**

Guðrún Jónsdóttir er með mikilvægustu brautryðjendum kvennabaráttunnar á síðustu öld og fram á þessa. Hún var í hópi þeirra kvenna sem brutu glerþak stjórnmálanna með Kvennaframboðinu og síðar átti hún stóran þátt í því að rjúfa þagnarmúrinn kringum kynferðisofbeldi. Þetta er saga um mikla baráttukonu sem aldrei lét beygja sig.

416 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB RAF



GOR Gormabók · HSP Harðspjalda bók · HLB Hljóðbók · IB Innbundin bók · KIL Kilja · RAF Rafbók · SVK Sveigjanleg kápa




## Fólkið á Eyrinni

***smámyndir og þættir***

**Höf: Örlygur Kristfinnsson**

*Fólkið á Eyrinni, smámyndir og þættir*, er nokkurs konar framhald bókanna *Svipmyndir úr síldarbæ* 1 og 2. Hann leiðir lesandann um tvær götur sem mynda kross á miðri Siglufjarðareyri og segir frá fólkinu sem þar bjó og sérstæðum vegfarendum.

486 bls.

**Söluturninn**

SVK




## Horfinn heimur

***– minningaglefsur***

**Höf: Þröstur Ólafsson**

Þröstur Ólafsson endurskapar í þessum minningum veröld bernskunnar á Húsavík, ungdómsáranna í Berlín í skugga múrsins og svo árin eftir að heim var komið þar sem hann var í hringiðu stjórnmála og bókmennta. Um leið reynir hann að átta sig á brýnustu verkefnum okkar daga.

400 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF




## Gangandi bassi

***Endurminningar djassmanns***

**Höf: Tómas R. Einarsson**

Tómas R. Einarsson er einn af ástsælustu djasstónlistarmönnum landsins, bókmenntamaður, sagnfræðingur, Dalamaður og sagnamaður. Í þessum bráðskemmtilegu minningum segir hann sögur af samferðafólki, af hlýju og húmor, sem beinist ekki síst að honum sjálfum, deilir með lesanda gleði og sorgum í lífi sínu og kyndir undir dynjandi sveiflu.

336 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

IB RAF HLB




## Höfuðdagur

***Sendibréf til móður minnar á 100 ára afmælisdegi hennar***

**Höf: Ingólfur Sverrisson**

Hvað bíður ungs barns sem misst hefur báða foreldra sína? Hvernig varð líf móður minnar eftir að hún varð niðursetningur? Var fólkið gott við hana? Hvernig leið henni á nýjum stað? Hvað varð af hinum systkinunum? Hér bregður höfundur sér aftur í barnæsku móður sinnar á Stokkseyri og svarar þessum spurningum og mörgum fleiri.

152 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

SVK




## Heimtir úr helju

***Sögur 12 skipbrotsmanna***

**Höf: Svava Jónsdóttir**

12 skipbrotsmenn sem lentu í ógnvænlegum sjóslysum segja frá. Sumir biðu lengi í sjónum eftir hjálp og sáu jafnvel látna skipsfélaga sína hverfa í öldurótið. Aðrir komust um borð í björgunarbáta og í einu tilfellinu lágu látnir skipsfélagar á botni bátsins. 12 ára drengur var á einu skipinu.

212 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

IB




## Í spor Sigurðar Gunnarssonar

**Höf: Hjörleifur Guttormsson**

Margir helstu áhrifamenn á Íslandi 19. aldar voru ótrúlega fjölhæfir og afkastamiklir. Einn þeirra er Sigurður Gunnarsson, sálusorgari, ferðagarpur, smiður og húsameistari, náttúrufræðingur, rithöfundur, alþingismaður og læknir.

600 bls.

**Skrudda**

IB




## Hljóðin í nóttinni

***Minningasaga***

**Höf: Björg Guðrún Gísladóttir**

Eymd og niðurlæging í Höfðaborginni í Reykjavík og sársaukafullt uppgjör við margt af því ljótasta sem lífið hefur upp á að bjóða. Björg var fyrst til að greina frá því hvernig Skeggi Ásbjarnarson níddist á börnum sem áttu undir högg að sækja.

Þessi minningasaga Bjargar Guðrúnar Gísladóttur var tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2014.

252 bls.

**Veröld**

KIL




## Í stríði og friði fréttamennskunnar

***eða uppgjörið við alla mína fjölmiðlatíð***

**Höf: Sigmundur Ernir Rúnarsson**

Sigmundur Ernir Rúnarsson fléttar saman æviminningum sínum og uppgjöri við einstaklega litríkan fjölmiðlaferil í návígi við stærstu atburði í lífi þjóðarinnar. Um leið er frásögnin Íslandssaga sem nær frá forpokuðu klíkusamfélagi karlveldisins til frelsis og fjölbreytileika sem þó glímir alltaf við afturhaldið.

232 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Hlutskipti

***Saga þriggja kynslóða***

**Höf: Jóna Ingibjörg Bjarnadóttir og Jón Hjartarson 1944-2023**

Árið 1969 varð það hlutskipti systkinanna í Sænska húsinu að horfa á föður sinn leiddan saklausan í lögreglufylgd út af heimili sínu. Móðirin yfirgaf heimilið skömmu síðar. Hún fór burt með ástmanni sínum eina vornóttina og tók aðeins þrjú yngstu börnin með sér. Fjórum börnum var ráðstafað af barnaverndarnefnd Selfosshrepps.

208 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL






## Katrín

***Málsvari mæðra***

**Höf: Sigurrós Þorgrímsdóttir**

Þegar baráttukona missir mann sinn og yfirvöld vilja taka börnin snýst hún öndverð og verður baráttukona fyrir réttindum mæðra. Katrín Pálsdóttir gekk í Kommúnistaflokk Íslands 1930 og sat um árabil í bæjarstjórn Reykjavíkur. Hér er rakin baráttusaga kvenna á fyrri hluta 20. aldar.

512 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

SVK




## Morðin í Dillonshúsi

***Örlagasaga mæðgnanna Sigríðar Ögmundsdóttur og Huldu Karenar Larsen***

**Höf: Sigríður Dúa Goldsworthy**

Fyrir 70 árum gerðist hræðilegur harmleikur í Dillonshúsi við Suðurgötu 2 í Reykjavík. Að morgni 26. febrúar 1953 gaf heimilisfaðirinn eiginkonu sinni og þremur ungum börnum þeirra eitur og svipti svo sjálfan sig lífi. Í þessari bók er sögð saga þeirra sem við sögu komu.

308 bls.

**Ugla**

IB




## Kleópatra

***Ævi, ástir og örlög síðustu drottningar Egyptalands***

**Höf: Jón Þ. Þór**

Ævi Kleópötru VII, síðustu drottningar Egyptalands, var stórbrotin örlagasaga. Fornar heimildir herma að hún hafi verið íðilfögur og undanfarin tvö þúsund ár hefur verið haft fyrir satt að engin kona hafi nokkru sinni jafnast á við hana að fegurð. Enginn veit hins vegar með vissu hvernig þessi meinta fegurðardís leit út.

133 bls.

**Urður bókafélag**

KIL




## Palli í Hlíð

***Stiklur úr lífshlaupi ævintýramanns***

**Höf: Þórhallur Þorvaldsson og Sævar Guðjónsson**

Hér segir frá mesta vargabana Íslandssögunnar, Páli Leifssyni, og öllum þeim ótal ævintýrum sem hann hefur lent í. Ofan á allt þá vantar síður en svo húmorinn í þessa bók, enda er kappinn þekktur fyrir létta lund og spaugsemi, jafnvel þótt ástandið sé bara nokkuð dökkt.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Konurnar á Eyrarbakka

***sitthvað af konu minni hverri***

**Höf: Jónína Óskarsdóttir**

Hér er viðtalsbók um 38 konur þar sem brugðið er upp myndum úr hversdagslífi og störfum kvenna fram á þennan dag. Lesa má um uppeldi, mat og menntun, kvennabaráttu, verndun húsa, félags- og frumkvöðlastörf, veikindi og missi, lífsbaráttu og sjálfsbjargarviðleitni en líka vináttu og samhjálp góðra granna. Jónína Vålerhaugen á þrjú viðtöl í bókinni.

448 bls.

**Jónína Óskarsdóttir**

SVK




## Sannar sögur af einhverjum helvítis kalli í Mosfellsbæ

**Höf: Gunnlaugur Ólafsson Johnson**

Hér er sagt frá starfsleyfislausri loðfeldaverkun, fegurðarsamkeppnum og fjöldamorðingjum, eltihrellum og erfidrykkjum. Allt tíundað af mikilli nákvæmni og smásmygli svo úr verður bráðfyndin og brotakennd en lifandi mynd af ævi einhvers helvítis karls í Mosfellsbæ.

170 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Lífssaga Didda Frissa

***Kröftugur til sjós og lands***

**Höf: Ásmundur Friðriksson**

Sigurður Friðriksson – öðru nafni Diddi Frissa – er þjóðsagnapersóna suður með sjó. Hann ólst upp við hermang og amerískar drossíur í Sandgerði og lét við það sitja að læra margföldunartöfluna í skóla. Á hverju ári var hann rekinn úr skólanum. Fáir höfðu trú á honum, enda lítill skilningur á lesblindu, ofvirkni og athyglisbresti á þeim árum.

372 bls.

**Ugla**

IB




## Séra Friðrik og drengirnir hans

***Saga æskulýðsleiðtoga***

**Höf: Guðmundur Magnússon**

Í þessari viðamiklu ævisögu segir frá æskulýðsleiðtoganum dáða, séra Friðriki Friðrikssyni (1868–1961). Hann ólst upp við sára fátækt en braust með harðfylgi til mennta og gerðist prestur. Hann bjó yfir miklum persónutöfrum – og drengir og piltar tóku snemma að hópast um hann.

488 bls.

**Ugla**

IB




## Með skýra sýn

**Höf: Guðmundur Magnússon**

Endurminningar Magnúsar Gústafssonar, fyrrum forstjóra Hampiðjunnar og Coldwater Seafood í Bandaríkjunum, eru um margt mjög áhugaverð lesning um líf manns sem var sendur ungur í fóstur en braust af dugnaði til bjargálna. Guðmundur Magnússon sagnfræðingur skrifar hér lipurlega um stórmerkilegan feril manns sem var í mörgu brautryðjandi í viðskiptum.

248 bls.

**Almenna bókafélagið**

IB




## Skuggar

***Saga falls, útskúfunar, upprisu og uppgjörs***

**Höf: Sölvi Tryggvason**

Skuggar segir frá örlagaríkum tímum í lífi Sölva Tryggvasonar. Ósönn slúðursaga fór á flug á samfélagsmiðlum og fjölmiðlar hentu hana á lofti. Við tók hvirfilbylur samfélagsumræðunnar sem jókst enn með tilkynningu um að konur hefðu kært Sölva til lögreglu. Í bókinni reynir Sölvi að skilja hvað gerðist og bregður um leið ljósi á sína dýpstu skugga.

196 bls.

**Sögur útgáfa**

KIL



GOR Gormabók · HSP Harðspjalda bók · HLB Hljóðbók · IB Innbundin bók · KIL Kilja · RAF Rafbók · SVK Sveigjanleg kápa




## Sólgeislar og skuggabrekkur

**Skrás: Svala Arnardóttir**

Margrét Ákadóttir leikkona er mörgum kunn. Hér segir hún frá viðburðaríku lífshlaupi sínu þar sem skipst hafa á skin og skúrir, eins og titill bókarinnar ber með sér. Margrét ræðir æskuárin í austurbæ Reykjavíkur en þau mörkuðust meðal annars af því að hún var dóttir eins umdeildasta stjórnmálamanns þjóðarinnar.

250 bls.

**Almenna bókafélagið**

IB




## Sveinn Benediktsson

***Ævisaga brautryðjanda og athafnamanns***

**Höf: Steinar J. Lúðvíksson**

Um hálfrar aldar skeið var Sveinn Benediktsson einn áhrifamesti maður í sjávarútvegi Íslendinga. Hann var stjórnarformaður Síldarverksmiðja ríkisins, forystumaður í Bæjarútgerð Reykjavíkur, stjórnarmaður í helstu hagsmunasamtökum fyrirtækja í sjávarútvegi og lét mjög að sér kveða á opinberum vettvangi um allt sem laut að sjávarútvegsmálum.

442 bls.

**Ugla**

IB




## Yfir farinn veg með Bobby Fischer

**Höf: Garðar Sverrisson**

Í þessum einstæðu endurminningum birtist lifandi og áhrifamikil mynd af skáksnillingnum Bobby Fischer, allt frá barnæsku hans í Brooklyn til banalegunnar á Íslandi. Lesandinn fær óvænta innsýn í líf og persónuleika Fischers sem lengi hefur verið heiminum ráðgáta. Hér er í fyrsta sinn brugðið upp heildstæðri mynd af manninum á bak við goðsögnina.

234 bls.

**Ugla**

KIL




## Þá breyttist allt

**Höf: Margrét Blöndal og Guðríður Haraldsdóttir**

Heyrðu, elskan, við ætlum að flytja til Íslands!

Hvaða fólk er þetta sem kýs að koma til Íslands, afskekktrar eyju í Norður-Atlantshafi? Hvaðan kemur það og af hverju flytur það búferlum á milli landa? Lesandinn fær að kynnast þessu fólki sem segir hér sögur sínar. Sögur sem eru átakanlegar, erfiðar, ótrúlegar, skemmtilegar og forvitnilegar.

208 bls.

**Drápa**

KIL




## Öll nema fjórtán

***Sögur úr Vesturbænum og víðar***

**Höf: Guðmundur Pétursson**

Sögur úr æsku í Vesturbænum og í Mosfellssveit, um lífið í Meló, Hagó, Versló, Íþróttakennaraskólanum og lagadeildinni, sögur af fjölskyldunni, frá vinnu á sjó og landi. Margt hefur drifið á daga gamla markmannsins í rúma sjö áratugi, og hann kann svo sannarlega að segja sögur þannig að lesandinn leggur við hlustir og vill heyra meira.

448 bls.

**Skrudda**

IB

# *Fræðirit, frásagnir og handbækur*




## Afbrot og refsiábyrgð I

**Höf: Jónatan Þórmundsson**

*Afbrot og refsiábyrgð* I–III eru grundvallarrit um hinn almenna hluta refsiréttar. Fyrsta bindið kemur nú út endurskoðað, verulega aukið og endurbætt.

554 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Afríka sunnan Sahara í brennidepli II

**Ritstj: Jón Geir Pétursson, Geir Gunnlaugsson, Jónína Einarsdóttir og Magnfríður Birnu Júlíusdóttir**

Bókin Afríka sunnan Sahara í brennidepli II dregur fram áhugaverð sjónarhorn fimmtán höfunda á ýmis málefni í sögu, samtíð og framtíðarhorfum þessarar margbreytilegu og heillandi heimsálfu. Bókin, sem félagið Afríka 20:20 stendur að, er ríkulega myndskreytt.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Almanak Háskóla Íslands 2024

**Höf: Gunnlaugur Björnsson**

Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni sem frá Íslandi sjást, stjörnukort, áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir helstu tímabelti heimsins. Yfirlit um hnetti, mælieiningar, veðurfar o.fl. Af nýju efni er m.a. grein um stjörnuna Betelgás.

**Háskólaútgáfan**

KIL




## Almanak HÍÞ 2024

***ásamt árbók 2022***

**Höf: Gunnlaugur Björnsson**

**Ritstj: Arnór Gunnar Gunnarsson**

Auk dagatals flytur almanakið margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla. Lýst er helstu fyrirbærum á himni sem frá Íslandi sjást, stjörnukort, áttavitastefnur á Íslandi og kort sem sýnir helstu tímabelti heimsins. Yfirlit um hnetti, mælieiningar, veðurfar o.fl. Af nýju efni er m.a. grein um stjörnuna Betelgás.

**Háskólaútgáfan**

KIL




## Alþýðuskáldin á Íslandi

***Saga um átök***

**Höf: Þórður Helgason**

Í þessu metnaðarfulla fræðiriti er rakin baráttusaga alþýðuskáldanna á Íslandi frá því að skörp skil voru sett milli þeirra leiku og hinna lærðu sem töldu sig hafa öðlast betri smekk á ljóðlist. Lengi geisuðu mikil og oft heiftúðug átök um rímur en hjöðnuðu þegar mörg lærð skáld og menntamenn gerðu sér grein fyrir gildi þessarar skáldskapargreinar.

424 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB

---




## Ayurveda

***Listin að halda jafnvægi í óstöðugri veröld. Leiðarvísir um indverska lífsvísindin.***

**Höf: Heiða Björk Sturludóttir**

Ayurveda lífsvísindin búa yfir mikilli speki um heilsu, lífsstíl og samhljóm alls. Í bókinni er útskýrt hvernig hægt er að læra á tungumál líkamans. Læra hvernig á að bregðast við þegar einkenni gera vart við sig áður en saklaus veikindi þróast yfir í erfiða sjúkdóma. Þessi bók setur þig í bílstjórasætið í eigin heilsu og kennir þér að keyra.

140 bls.

**Ást og friður**

SVK

---




***Lærdómsrit Bókmenntafélagsins***

## Andkristur

**Höf: Friedrich Nietzsche**

Þýski heimspekingurinn Friedrich Nietzsche er og verður óþekktarormur evrópskrar heimspeki. Andkristur er eitt síðustu verka hans og sameinar marga helstu kosti hans (og galla) í eldskarpri greiningu sem kallast á við niðursallandi yfirlýsingar. Ritið gefur þó fyrst og fremst einstaka innsýn í gagnrýni hans á kristindóminn og evrópska siðmenningu.

208 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB

---




## Á ekrum spekinnar

***Vangaveltur um heimspeki***

**Höf: Stefán Snævarr**

Ég er bara óbreyttur verkamaður á ekrum spekinnar. Eða garðyrkjumaður í víngarði viskugyðjunnar, nema hvort tveggja sé. Samt reyni ég af veikum mætti að marka eigin heimspekistefnu en hana kynnti ég í bók minni *The Poetic of Reason. Introducing Rational Poetic Experimentalism.*

480 bls.

**Skrudda**

IB

---




## Andlit til sýnis

**Höf: Kristín Loftsdóttir**

Á safni á Kanaríeyjum finnast brjóstafsteypur frá 19. öld af fólki frá ólíkum heimshornum. Þær endurspegla kynþáttahyggju og rányrkju nýlenduvelda fyrri tíma og áhuga Evrópubúa að stilla upp líkömum til fróðleiks og skemmtunar. Þ.á m. eru brjóstmyndir sjö Íslendinga.
Ríkulega myndskreytt frásögn af Íslendingunum og nokkrum öðrum einstaklingum.

328 bls.

**Sögufélag**

IB

---




## Á elleftu stundu

***I den ellevte time***

**Höf: Kirsten Simonsen**

Í yfir þúsund ár voru torfhús helstu híbýli Íslendinga. Á 8. áratug síðustu aldar ferðuðust danskir arkitektanemar um landið og mældu upp og teiknuðu einstakan byggingarstíl íslenskra torfhúsa og annarra bygginga sem hætt var við að féllu í gleymskunnar dá. Ríkulega myndskreytt bók sem veitir innsýn í fjölbreytta íslenska byggingararfleifð.

296 bls.

**Þjóðminjasafn Íslands**

KIL

---




## Andvari 2023

**Ritstj: Ármann Jakobsson**

Aðalgrein Andvara 2023 er um Guðrúnu Helgadóttur (1935–2022), alþingismann og rithöfund, eftir Sigþrúði Gunnarsdóttur. 10 aðrar greinar eru í riti ársins.

**Háskólaútgáfan**

SVK

---




## Árangursríki stjórnandinn

**Höf: Peter F. Drucker**

**Þýð: Kári Finnsson**

Sígilt rit fyrir leiðtoga og stjórnendur. Höfundur bókarinnar, Peter F. Drucker, er talinn einn helsti frumkvöðullinn á sviði stjórnunarfræða. Í þessu lykilverki sínu dregur hann fram grundvallaratriði sem reynast ættu öllum stjórnendum gott veganesti. Bókin gagnast öllum sem bera ábyrgð í starfi.

208 bls.

**Salka**

SVK

---




## Auto museums of Iceland

**Höf: Craig Patterson**

Íslensk bílasaga er einstök. Í þessari nýju bók er sögu bílanna á þremur helstu fornbílasöfnum landsins gerð ítarleg skil í máli og myndum. Rakinn er ferill bílanna hér á landi og gerð grein fyrir eigendum þeirra. Bókina, sem gefin er út á ensku, prýðir ógrynni vandaðra ljósmynda – Þetta er ómissandi bók fyrir alla bílaáhugamenn.

144 bls.

**Nýhöfn**

IB

---




## Árangursrík stjórnun

***Gæði - Viðhald - Heilbrigði og öryggi á vinnustað***

**Höf: Sveinn V. Ólafsson**

Tímabær bók um árangursríka stjórnun. Í henni er leitast við að kynna fyrir lesandanum margvísleg viðfangsefni á sviði stjórnunar sem skipta máli í nútíð og framtíð, ekki síst hvað varðar málm- og véltækni. Allmörg verkefni fylgja bókinni sem er bæði ætluð fyrir nemendur á framhaldsskólastigi og almenna lesendur.

127 bls.

**IÐNÚ útgáfa**

GOR




## Betri líðan á breytingaskeiði

***Heilnæmt mataræði og girnilegar uppskriftir***

**Höf: Severine Menem**

**Þýð: Halla Kjartansdóttir**

Konur geta hamið einkenni breytingaskeiðs og aukið lífsgæði sín með því að huga vel að daglegu mataræði. Hér er að finna ráðgjöf um næringu og venjur sem koma jafnvægi á hormón, styrkja bein og vöðva og hafa jákvæð áhrif á geðheilsu. Lífsstíls- og næringarráðgjöf með yfir áttatíu ljúffengum uppskriftum sem auka orku og vellíðan á breytingaskeiði.

224 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




## Brýrnar yfir Eyjafjarðará

***Stiklað á stóru úr 100 ára sögu brúa yfir Eyjafjarðará***

**Höf: Arnór Bliki Hallmundsson**

Yfir Eyjafjarðará liggja alls ellefu brýr en haustið 2023 er liðin öld síðan áin var brúuð á óshólmunum sunnan Akureyrar. Hér er áin rakin frá upptökum til ósa þar sem hver brú fær mynd og stutta umfjöllun: Hvenær var brúin byggð, hvar er hún og hvað má sjá í hennar nánasta umhverfi. Auk annarra fróðleiksmola sem höfundur gaukar að lesendum.

57 bls.

**Arnór Bliki Hallmundsson**

KIL




## Bílar í lífi þjóðar

**Höf: Örn Sigurðsson**

Einstök gjafabók sem bregður skýru ljósi á samband Íslendinga við bílinn, þennan þarfasta þjón sem greitt hefur götu og létt störf, opnað landið og veitt ferðafrelsi. Yfir 900 ljósmyndir og ómetanlegur fróðleikur um flest það sem tengist bílnum og þjóðfélaginu sem hann tók þátt í að byggja upp. Sannkallaður ljósmyndafjársjóður!

320 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

IB




## Búseti 1983–2023

***Baráttusaga***

**Höf: Páll Gunnlaugsson**

Húsnæðissamvinnufélagið Búseti var stofnað 26. nóvember 1983 og er því 40 ára á útgáfuári þessarar bókar, 2023. Stiklað er á stóru í 40 ára baráttusögu Búseta.

178 bls.

**Búseti**

SVK




## Blóðsykursbyltingin

***Komdu jafnvægi á blóðsykurinn og breyttu lífi þínu***

**Höf: Jessie Inchauspé**

**Þýð: Nanna Rögnvaldardóttir**

Með því að ná stjórn á blóðsykrinum má bæta andlega og líkamlega heilsu sína umtalsvert, því sykursveiflur hafa mikil áhrif á líkamann og geta ráðið úrslitum um þróun alvarlegra sjúkdóma. Hér gefur „glúkósagyðjan“ Jessie Inchauspé tíu einföld og aðgengileg hollráð til þess að jafna blóðsykurinn – án þess að hætta að borða það sem manni þykir best!

298 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK RAF



## Dauðinn

***Raunsannar frásögur um sorgir og sigra við leiðarlok lífs***

**Höf: Björn Þorláksson**

Dauðinn fjallar um fólk sem tekst á við feigðina í ýmsum myndum. Höfundur nýtir áratuga reynslu af blaðamennsku til að fjalla efnislega um dauðann. Hann ræðir við dauðavona fólk og þá sem hafa misst ástvini og fléttar saman við rannsóknir og hugleiðingar.

272 bls.

**Bókaútgáfan Tindur**

SVK




## Breytingaskeiðið

***Jákvæður leiðarvísir að nýju upphafi***

**Höf: Davina McCall og Naomi Potter**

**Þýð: Hafsteinn Thorarensen**

Breytingaskeiðið er meira en bók. Hún er bylting. Hún er bjargvættur. Bókin kannar og útskýrir vísindin, afsannar skaðlegar mýtur sem hafa haldið aftur af okkur of lengi og brýtur þagnarmúrinn sem staðið hefur í kringum breytingaskeiðið, aðdraganda þess og afleiðingar. Nú kveðjum við óttann, röngu upplýsingarnar, skömmina og þögnina.

312 bls.

**Salka**

IB




## Dróttkvæði

***Sýnisbók***

**Höf: Gunnar Skarphéðinsson**

Dróttkvæðin voru einkum flutt við hirðir konunga og annarra höfðingja til forna. Orðið drótt merkir hirð og af því orði er nafn þessarar kveðskapargreinar fengið. Hér er þess freistað með allrækilegum skýringum og fræðslu um tilefni hverrar vísu að færa þetta efni nær almenningi.

259 bls.

**Skrudda**

IB



Við erum sérfræðingar í prentun bóka og bjóðum upp á Svansvottaða framleiðslu

**Kiljur og harðspjaldabækur**

prentmet ODDI
heildarlausnir í prentun




Lynghláls 1, 110 Rvk 5 600 600
Eyravegi 25, 800 Selfoss 482 1944
Glerárgötu 28, 600 Akureyri 4 600 700
prentmetoddi.is

SVANSVOTTUÐ PRENTSMIÐJA
JAFNLAUNAVOTTUN




## Ég er þinn elskari

***Bréf Baldvins Einarssonar til Kristrúnar Jónsdóttur 1825–1832***

**Höf: Erla Hulda Halldórsdóttir**

Árið 1826 sigldi Baldvin Einarsson til náms í Kaupmannahöfn. Hann var þá trúlofaður Kristrúnu Jónsdóttur en sveik hana í tryggðum. Við tók flókið bréfasamband ástar, blekkinga og fyrirgefningar. Í bókinni er ástarharmsaga Kristrúnar og Baldvins rakin og bréfin sem hann skrifaði henni 1825–1832 birt með skýringum og færð til nútímastafsetningar.

**Háskólaútgáfan**

SVK




*Krossgátur*

## Frístundarbókin nr. 2

***Krossgátur og athyglisþrautir***

**Ritstj: Guðjón Baldvinsson**

Eitthvað fyrir alla krossgátuunnendur. Í bókinni eru 95 krossgátur og athyglisþrautir af ýmsu tagi, þar af 58 hefðbundnar krossgátur af ýmsum stærðum. Svo fljóta með orðaleitargátur, völundarhús, flísaðir málshættir, sudoku-gátur, orðatvístursgátur, stjörnuleit, felumyndir og krosstölur. Frábær dægradvöl.

64 bls.

**Frístund útgáfa ehf.**

GOR




## Fléttur VI

***Loftslagsvá og jafnrétti***

**Ritstj: Elín Björk Jóhannsdóttir, Auður Aðalsteinsdóttir og Hafdís Anna Ægisdóttir**

Sjötta bókin í ritröð RIKK – Rannsóknastofnunar í jafnréttisfræðum, er þverfaglegt greinasafn um loftslagsvá út frá kynja- og jafnréttissjónarmiðum. Í bókinni eru margþætt tengsl loftslagsbreytinga, kynjajafnréttis og samfélagslegs réttlætis tekin til greiningar og þannig stuðlað að víðtækari skilningi á þessu stærsta viðfangsefni samtímans.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Fullveldisróður í 40 ár

***Sjómannafélag Ólafsfjarðar 1983-2023***

**Höf: Atli Rúnar Halldórsson**

Hér er stiklað á stóru i sögunni, allt frá því sjómenn í Ólafsfirði sögðu skilið við Sjómannafélag Eyjafjarðar og urðu fullvalda í eigin félagsskap. Fjallað er líka um Stígandaslysið, um blómaskeið og hnignun útgerðar og fiskvinnslu í Ólafsfirði og fleira. Sjómannafélag Ólafsfjarðar sinnir hagsmunum síns fólks og styður samfélag sitt myndarlega.

224 bls.

**Svarfdælasýsl forlag**

IB




## Fornbátar á Íslandi

***Sjómennirnir og saga þeirra***

**Höf: Helgi Máni Sigurðsson**

Í þessari bók, *Fornbátar á Íslandi*, eru skipa- og bátaarfi þjóðarinnar gerð skil á mjög áhugaverðan og læsilegan hátt. Fjallað er um 54 fleytur sem varðveist hafa. Bátarnir eru af ýmsum stærðum og gerðum og gegndu mismunandi hlutverkum, meirihlutinn var þó fiskibátar. Sá elsti er frá um 1820 og hinn yngsti frá 1963.

198 bls.

**Skrudda**

IB




## Grikkland hið forna

***Þættir úr sögu fornaldar***

Í Grikklandi hinu forna eru dregin saman meginatriðin í sögu hins gríska menningarheims allt frá tímum Mínóa á Krít og þar til Rómverjar lögðu löndin við austanvert Miðjarðarhaf undir veldi sitt á 1. öld f.Kr. Bókin er prýdd ríkulegu myndefni sem varpar ljósi á þá atburði og persónur sem um er fjallað.

240 bls.

**Ugla**

SVK




## Frasabókin

***Íslensk snjallyrði við hvert tækifæri***

**Höf: Eyþór Wöhler og Emil Örn Aðalsteinsson**

Yfir þúsund frasar, snjallyrði, orðtök og slanguryrði. „Skemmtilegur leiðarvísir sem birtir og skýrir frasa úr öllum áttum og frá öllum tímum. Framtíðin meðtalin.“ / Árni Matthíasson, menningarblaðamaður. „Bók sem hver einasti Íslendingur verður að eiga. Þetta er sko eitthvað ofan á brauð!“ / Ari Eldjárn, grínisti.

208 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Gripla 34 (2023)

***Alþjóðlegt ritrýnt tímarit Árnastofnunar***

**Ritstj: Gísli Sigurðsson**

Gripla er alþjóðlegt, ritrýnt tímarit á sviði norrænna fræða fyrri alda og kemur út í desember á hverju ári. Tímaritið er alþjóðlegur vettvangur fyrir rannsóknir á sviði íslenskra og norrænna fræða, einkum handrita- og textafræða, bókmennta og þjóðfræða.

280 bls.

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

KIL




## Frá sjálfstæðisbaráttu til búsáhaldabyltingar

***Þættir úr Íslandssögu***

**Höf: Guðmundur J. Guðmundsson**

Yfirlitsrit um sögu Íslands frá því að Baldvin Einarsson og samherjar hans hófu baráttu fyrir endurreisn Alþingis og þar til ríkisstjórn Geirs H. Haarde féll í kjölfar bankahrunsins haustið 2008.

226 bls.

**Ugla**

KIL




## Hagfræði daglegs lífs

***í stuttu máli***

**Höf: Gylfi Zoega**

Margir halda að hagfræði fjalli einungis um verðbólgu, atvinnuleysi og vexti. En hagfræði hjálpar okkur að skilja líf okkar og umhverfi. Þannig lýsir hagfræðin ákvörðunum okkar, hvernig hinn skynsami maður ætti að taka ákvarðanir, en jafnframt hvernig ákvarðanir okkar eru ekki alltaf skynsamlegar frá sjónarhóli hagfræði.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Hamfarir

***í bókmenntum og listum***

**Höf: Auður Aðalsteinsdóttir**

Náttúra og loftslag jarðar eru þegar farin að umbreytast vegna hamfarahlýnunar, fjöldaútrýmingar og annarra tengdra umhverfisógna. Í þessari bók er fjallað um það hvernig aukin meðvitund um þessar umhverfiskrísur og um víxlverkun allra þátta í vistkerfi okkar, mennskra og ekki-mennskra, birtist í samtímabókmenntum og -myndlist.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Harmsögur af heimskautasvæðum

***Hetjuskapur, dramb – og dauði***

**Höf: Odd Harald Hauge**

**Þýð: Magnús Þór Hafsteinsson**

Könnunarsaga heimskautasvæðanna er heillandi blanda hugprýði, ofdirfsku og fáfræði. Heimskautafararnir héldu út til ystu marka hins þekkta heims í leit að heiðri, frægð og auðæfum. En margir sneru aldrei til baka.

372 bls.

**Ugla**

KIL




## Hetjudáðir á hafi úti

**Höf: Steinar J. Lúðvíksson**

Í tímans rás hefur fjölmörgum sjómönnum verið bjargað af skipum á hafi úti – oftar en ekki við mjög slæmar aðstæður. Hér fjallar Steinar um helstu hetjudáðir sjómanna á hafi úti þegar þeir hafa bjargað kollegum sínum á öðrum skipum þar sem við blasir blaut gröfin. Einnig er fylgst með því sem gerist um borð í skipunum sem eru að farast.

268 bls.

**Veröld**

IB RAF




## Hetjur fyrri alda - Fjórar gleymdar fornsögur

**Höf: Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík**

Teresa Dröfn Freysdóttir Njarðvík, handrita- og textafræðingur, hefur unnið til prentunar fjórar áður óaðgengilegar fornsögur, sem einungis eru til í handritum. Söguviðið er fjölbreytt og sögurnar skemmtilegar. Rætur sumra þeirra ná langt aftur í aldir. Það er fengur í þessari bók fyrir alla sem unna fornsögum okkar Íslendinga.

128 bls.

**Almenna bókafélagið**

KIL




## Hormóni og fleira fólk

***Missannar sögur frá síðustu öld***

**Höf: Halldór Ólafsson**

Í þessari bráðskemmtilegu bók er víða komið við og ekki vantar í hana húmorinn. Hér stíga fjölmargir á stokk, þekktir og minna þekktir, og útkoman gæti ekki verið betri!

168 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Hugrekki til að hafa áhrif

**Höf: Halla Tómasdóttir**

Það býr leiðtogi innra með okkur öllum. Sannur leiðtogi leggur sig fram um að hafa áhrif til góðs og nýtir hugrekki sitt til að leysa úr læðingi eigin krafta sem og annarra. Í bókinni deilir Halla Tómasdóttir, forstjóri B Team, reynslu úr lífi og starfi og í henni má finna góð ráð, hvetjandi sögur, hugleiðingar og gagnlegar spurningar.

208 bls.

**Salka**

IB




## Huldukerfi heimsbókmenntanna

***Skyggnst inn í bókakost íslenska esperantosambandsins***

**Höf: Benedikt Hjartarson**

Huldukerfi heimsbókmenntanna er safn pistla um valdar bækur í einstöku bókasafni íslensku esperantohreyfingarinnar. Pistlarnir varpa ljósi á fjölskrúðuga bókaútgáfu á alþjóðamálinu og þá ólíku hugmynda- og menningarstrauma sem borist hafa hingað til lands með útgáfustarfsemi esperantista sem nær aftur til ársins 1887.

118 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

KIL




## Húsið og heilinn

***Um virkni reimleikahússins í íslenskum hrollvekjum***

**Höf: Sigrún Margrét Guðmundsdóttir**

*Í Húsinu og heilanum* er fjallað um eitt elsta minni sagnalistarinnar, reimleikahúsið, en frásagnir af draugahúsum hafa fylgt manninum allt frá tímum Rómaveldis. Í þessu yfirgripsmikla verki eru fjórar íslenskar hrollvekjur settar í samhengi hefðarinnar. Bókin er ríkulega myndskreytt.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Í skugga Gaulverjabæjar

**Höf: Jón M. Ívarsson**

Sagt frá ósvífnustu fjársvikurum landsins sem settust að í Gaulverjabæ fyrir 100 árum síðan, sviku bændur um allt Suðurland og fláðu þá inn að skyrtu. Margir misstu aleiguna og sumir lífið. Bófarnir skildu eftir sig sviðna jörð og stærsti sparisjóður landsins varð gjaldþrota. Hvernig gat þetta gerst? Bókin fæst aðeins hjá höfundi. Vel myndskreytt.

396 bls.

**Flóamannabók**

IB





## Jökulsævintýrið

***Sagan af því er Loftleiðamenn björguðu bandarískri skíðaflugvél af Vatnajökli árið 1951***

**Höf: Jakob F. Ásgeirsson**

Þegar erfiðleikar steðjuðu að flugfélaginu Loftleiðir um miðja 20. öld tóku Loftleiðamenn sig til og grófu upp úr Vatnajökli DC-3 flugvél sem Bandaríkjaher hafði orðið að skilja eftir ári fyrr við björgun áhafnarinnar á Geysi af Bárðarbungu. Í bókinni er birt dagbók Alfreðs Elíassonar og einstakar ljósmyndir Árna Kjartanssonar úr leiðangrinum.

148 bls.

**Ugla**

IB



## Leikmenntir

***Um að nálgast það sem mann langar að segja í leikhúsi***

**Höf: Sveinn Einarsson**

Hvernig verður leiksýning til sem listaverk? Í þessari bók ræðir dr. Sveinn Einarsson form listaverksins, stíl og orðfæri og svo sjálfa sviðsetninguna. Bókin er rituð á einföldu og skiljanlegu máli um flókið fyrirbæri sem langflestir þekkja þó af eigin raun.

264 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB



## Kúbudeilan

***1962***

**Höf: Max Hastings**

**Þýð: Magnús Þór Hafsteinsson**

Kúbudeilan árið 1962 er einn mest ógnvekjandi atburður sögunnar. Þá munaði minnstu að kjarnorkuvopnaátök brytust út á milli Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Um nokkurra vikna skeið rambaði heimurinn á barmi hugsanlegrar útrýmingar. Í þessari frábæru bók Max Hastings er saga þessara vikna rakin með ljóslifandi hætti.

536 bls.

**Ugla**

IB



***Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar***

## Listasaga leikmanns

***Listaannáll 1941–1968 eftir Kristján Sigurðsson póststarfsmann í Reykjavík***

**Höf: Aðalsteinn Ingólfsson**

Á árunum 1941 til 1968 hélt Kristján ítarlegar dagbækur – nokkurs konar listaannál um myndlistarlífið í Reykjavík. Á því tímabili sá hann allar sýningar íslenskra og erlendra listamanna, skráði skoðanir sínar á þessum sýningum, viðbrögð gagnrýnenda og annarra álitsgjafa við sýningum.

**Háskólaútgáfan**

SVK



***Rangárþing - Safn til sögu***

## Landnám í Rangárþingi

**Höf: Gunnar Guðmundsson og Þórður Tómasson**

Fjallað er um það þegar 43 landnemar settust að í Rangárþingi fyrir um 1100 árum. Umfjöllunarefnin eru: hvernig land sýslunnar mótaðist jarðsögulega, gróður á landnámsöld, hellar í sýslunni, skip landnema og hvað var flutt, hvernig fólkið kom sér fyrir, lífsafkomu þess, búfénað, trúariðkanir og mótun stjórnsýslu og valdakerfis.

298 bls.

**Bókhlaða Gunnars**

IB



## Líkaminn geymir allt

***Hugur, heili, líkami og batinn eftir áföll***

**Höf: Bessel van der Kolk**

**Þýð: Hugrún Hrönn Kristjánsdóttir og Arnþór Jónsson**

Áföll geta haft gríðarleg áhrif á andlega líðan, tilfinningar, skynjun og félagsfærni, fjölskyldur þolenda og jafnvel næstu kynslóðir, en um leið víðtækar afleiðingar fyrir heilsuna. Í þessari heimsþekktu bók eru raktar sláandi staðreyndir um eftirköst áfalla og kynntar leiðir til bata sem reynst hafa skilvirkar til að lækna huga, heila og líkama.

524 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

SVK RAF






## Lítil bók um stóra hluti

***Hugleiðingar***

**Höf: Þórunn Jarla Valdimarsdóttir**

Hér tekst höfundur á við stórar spurningar á sinn hátt. Stundum með stríðnislegu glotti eða blíðu brosi, stundum með ögrandi og nýstárlegum hugmyndum og stundum með alvöruþunga og skarpri sýn. Þórunn er fundvís á óvæntar tengingar, hispurslaus og fyndin, angurvær og ljóðræn, margbrotin og einlæg, hún sjálf, engri lík.

176 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK



***Rit Árnastofnunar (Rit 111)***

## Ljóðmæli 5

**Umsj: Margrét Eggertsdóttir, Kristján Eiríksson og Karl Óskar Ólafsson**

Fimmta bindið í fræðilegri heildarútgáfu á verkum Hallgríms Péturssonar (1614–1674). Efni þessa bindis eru lausavísur og nokkur lengri kvæði, flest gamansöm. Vísurnar fjalla oft um hversdagslega hluti eins og mat og matarneyslu og stundum um misskiptingu veraldlegra gæða. Sumar lýsa barnaleikjum, aðrar eru heillaóskir eða gátur í vísnaformi.

328 bls.

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

KIL




## Lykilorð 2024

***Orð Guðs fyrir hvern dag***

**Höf: Ýmsir höfundar**

Í *Lykilorðum* eru biblíuvers fyrir hvern dag ársins auk ljóðaerindis eða fleygs orðs. Uppbygging hennar og innihald býður upp á fjölbreytta notkun fyrir þá sem vilja leyfa innblásnum textum að vekja sig til umhugsunar. Auk þess að vera gefin út á kilju og rafbókarformi eru *Lykilorð* lesin í hljóðvarpi og birtast að hluta til á helstu samfélagsmiðlum.

144 bls.

**Lífsmótun**

KIL RAF




***Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu***

## Milli mála 2023

***15/2***

**Ritstj: Þórhildur Oddsdóttir og Geir Þórarinn Þórarinsson**

Í tímaritinu er að finna stuttar bókmenntaþýðingar og fræðigreinar, bæði á íslensku og erlendum málum, um orðasambönd, tilbúin tungumál, tileinkun tungumála og þýðingar.

**Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur / Háskólaútgáfan**

RAF




## Lýðræðisvitinn

**Höf: Sara Þöll Finnbogadóttir, Eva Laufey Eggertsdóttir og Eva H. Önnudóttir**

Í bókinni er rætt um hverjir grunnþættir lýðræðis eru, af hverju mikilvægt er að standa vörð um grunnstoðir lýðræðis og hvað við getum gert sem almennir borgarar til að hafa áhrif. Fjallað er um muninn á beinu og óbeinu lýðræði, hvernig skrifa á umsagnir og lagafrumvörp o.m.fl.

**Háskólaútgáfan**

SVK




***Milli mála – Tímarit um erlend tungumál og menningu***

## Milli mála 2023

***15/1 - sérhefti***

**Ritstj: Geir Sigurðsson**

Greinarnar fjalla um efni málþingsins „Skáldið, taóið og dulspekin“. Höfundar eru Bergljót S. Kristjánsdóttir, Jóhann Páll Árnason, Kristín Nanna Einarsdóttir, Benedikt Hjartarson, Halldór Guðmundsson, Pétur Pétursson og Geir Sigurðsson.

**Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur / Háskólaútgáfan**

RAF



## Með verkum handanna - Íslenskur refilsaumur fyrri alda

***Creative Hands - Icelandic laid-and-couched embroideries of past centuries***

**Höf: Elsa E. Guðjónsson**

**Ritstj: Lilja Árnadóttir og Mörður Árnason**

Í bókinni *Með verkum handanna* eru lagðar fram niðurstöður áratugarannsókna Elsu E. Guðjónsson, textíl- og búningafræðings (1924-2010), á þeim fimmtán íslensku refilsaumsklæðum sem varðveist hafa. Í klæðunum eru varðveitt einhver stórbrotnustu listaverk Íslendinga frá fyrri öldum og þau hafa sérstöðu í alþjóðlegu samhengi.

416 bls.

**Þjóðminjasafn Íslands**

IB




## Mold ert þú

***Jarðvegur og íslensk náttúra***

**Höf: Ólafur Gestur Arnalds**

Moldin fæðir og klæðir jarðarbúa og hún miðlar jafnframt ferskvatni um vistkerfi. Skilningur á náttúrunni og hvernig hún bregst við álagi vegna athafna mannsins á jörðinni krefst þekkingar á jarðvegi. Jarðvegur á Íslandi er einstakur á heimsvísu, frjór en viðkvæmur, því aðstæður fyrir þróun hans hérlendis eru afar sérstakar.

525 bls.

**IÐNÚ útgáfa**

SVK



***Sýnisbók íslenskrar alþýðumenningar***

## Meinlætahnútar og mýkjandi plástrar

***Lækningaiðkanir Jóns Bergsted í Húnavatnssýslu 1828–1838***

**Höf: Halldóra Kristinsdóttir og Jón Torfason**

Jón Bergsted (1795–1863) var sjálfmenntaður læknir sem hélt dagbók yfir störf sín í Húnavatnssýslu á árunum 1828–1838. Í dagbókinni er að finna lýsingar á sjúkdómum sem hrjáðu yfir 400 nafngreinda sjúklinga í sýslunni og þeim úrræðum sem Jón beitti.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Mótbyr í Ólafsvík – Meðbyr í Ólafsfirði

**Höf: Atli Rúnar Halldórsson**

Séra Helgi Árnason var prestur í Ólafsvík 1882-1908 og í Ólafsfirði 1908-1924. Hann missti eiginkonu sína og tvo syni þeirra, kvæntist mágkonu sinni og þau misstu þrjá syni af alls fjórum. Sorgarferli, átök við sýslumanninn í Stykkishólmi, og landsmálapólitík tvinnast saman í frásögn sem sýnir að stundum eru staðreyndir lygilegri en skáldskapur.

240 bls.

**Svarfdælasýsl forlag**

IB



## Menning við ysta haf

***Lesið í sköpunarkraft Vestfjarða***

**Ritstj: Birna Bjarnadóttir og Ingi Björn Grétarsson**

Mörg merkisverk íslenskra bókmennta eiga rætur sínar að rekja til Vestfjarða og Stranda. Markmiðið með útgáfu þessa greinasafns er að skapa samræðu um þetta efni og kortleggja um leið þó ekki væri nema brot af þeim handritum og bókmenntaverkum sem rísa úr djúpinu frá miðöldum til okkar tíma.

304 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB




## Ný menning í öldrunarþjónustu

**Höf: Sigrún Huld Þorgrímsdóttir**

Hér er greint frá nýjum straumum innan öldrunarþjónustu. Aldraðir víða um lönd gera kröfur um að fá að njóta valfrelsis og sjálfræðis þrátt fyrir að þurfa á þjónustu að halda. Þróun öldrunarmála er hér rakin og sagt frá skrefum í þessa átt bæði í Bandaríkjunum og N-Evrópu. Sagt er frá þróun öldrunarmála á Íslandi og framtíðin skoðuð.

352 bls.

**Ömmuhús**

SVK




## Nöfn á nýrri öld

***20 pistlar í tilefni af 20 ára afmæli Nafnfræðifélagsins***

**Ritstj: Emily Diana Lethbridge, Rósa Þorsteinsdóttir, Svavar Sigmundsson og Jónína Hafsteinsdóttir**

Bókin er gefin út í tilefni 20 ára afmælis Nafnfræðifélags Íslands 2020. Höfundar kaflanna velta nöfnum af ýmsu tagi fyrir sér, bæði gömlum og nýjum, og kaflarnir eru allir ríkulega skreyttir myndum og kortum.

288 bls.

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

SVK



## Oddeyri Saga hús og fólk

**Höf: Kristín Aðalsteinsdóttir og Arnór Bliki Hallmundsson**

Oddeyri er annað elsta hverfi Akureyrar. Hér segja núverandi íbúar 55 húsa frá sjálfum sér, upplifun sinni af Oddeyri, auk margra áhugaverðra frásagna en viðmælendur eru ólíkt fólk á öllum aldri sem eiga það sameiginlegt, að búa á Oddeyrinni. Samhliða viðtölunum birtast söguágrip um alls 79 hús í þessu sögufræga hverfi. Sjón er sögu ríkari.

173 bls.

**Kristín Aðalsteinsdóttir og Arnór Bliki Hallmundsson**

IB




## Orðasafn í stjórnarháttum fyrirtækja

**Höf: Þröstur Olaf Sigurjónsson og Runólfur Smári Steinþórsson**

Stjórnarhættir fyrirtækja er nýleg fræðigrein sem nær yfir viðskiptafræði, hagfræði, lögfræði, stjórnmálafræði, siðfræði og félagsfræði. Skilgreiningar á stjórnarháttum fyrirtækja eru margar en í breiðasta skilningi fjalla þeir um skipulag á starfsemi fyrirtækja og þær reglur, ferla og venjur sem stuðst er við í stjórnun fyrirtækja.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Orð og tunga 2023

**Ritstj: Ellert Þór Jóhannsson og Helga Hilmisdóttir**

Ritrýnt tímarit sem Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum gefur út árlega. Birtar eru fræðilegar greinar, á íslensku og ensku, sem lúta að máli og málfræði. Sérstök áhersla er lögð á greinar um orðfræði, orðabókafræði, nafnfræði, íðorðafræði og málræktarfræði.

185 bls.

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**




***Aðeins fleiri***

## Pabbabrandarar 2.0

**Höf: Þorkell Guðmundsson**

Veislan heldur áfram með nýjum skammti af pabbagríni. Jafnvel enn súrara og langsóttara en í síðustu bók.

128 bls.

**Óðinsauga útgáfa**

KIL




## Rammvillt í reikningskúnstum

***Hvernig fegurð villir um fyrir eðlisfræði***

**Höf: Sabine Hossenfelder**

**Þýð: Gunnlaugur Björnsson og Baldur Arnarson**

Eru vísindin á villigötum? Hafa vísindamenn horfið frá hinni vísindalegu aðferð? Hafa þeir villst af leið fyrir fegurðar sakir og sent frá sér ritgerðir sem bæta litlu við núverandi þekkingu? Þýski eðlisfræðingurinn og vísindamiðlarinn Sabine Hossenfelder tekst á við slíkar grundvallarspurningar í þessari umtöluðu og umdeildu bók.

304 bls.

**Ugla**

KIL




## Reykjavík

***nú og þá***

**Höf: Einar Th. Thorsteinsson**

Vönduð bók með úrvali greina úr tímaritinu *Land og Saga* sem segja sögu borgarinnar, hvernig borg verður til og þróast yfir 250 ára tímabil ásamt því að taka fyrir einstaka götur og hverfi. Bókin er uppfull af áhugaverðum ljósmyndum frá tímabilinu ásamt gríðarlegum fróðleik. Bókin er einnig fáanleg á ensku.

**Land og Saga**

IB




## Réttlæti hins sterka

***Ádeila á dómskerfið og Alþingi***

**Höf: Jörgen Ingimar Hansson**

Fjallað er um hvernig dómsmál fer fram. Meðal annars úrelt kerfi, vilhallt þeim sterka, mikill illfyrirsjáanlegur kostnaður, auðvelt að dæma hverjum sem er í vil, mál sem eru þanin út, gildrur, vettvangur lyginnar og rannsókn undirskrifta.

292 bls.

**Rekstrarstofan**

KIL



## Rimsírams

**Höf: Guðmundur Andri Thorsson**

Þessi fjörlega bók geymir skáldskap og skoðanir, minningar og mas, brýningar og boðskap – allrahanda rimsírams. Guðmundur Andri lýsir hér hversdögum og sparidögum, morgunstundum og draumanóttum, rýnir í fortíð og samtíð og framtíð, sjálfan sig og samfélagið. Stílvopnið er vel yddað og lesendum boðið upp í dans við orð og hugmyndir um allt sem er.

296 bls.

**Forlagið - JPV útgáfa**

SVK RAF HLB




***Rit Árnastofnunar (Rit 113)***

## Rúnir á Íslandi

**Höf: Þórgunnur Snædal**

Í þessu aðgengilega yfirlitsriti sýnir rúnafræðingurinn Þórgunnur Snædal fram á samfellda og fjölbreytta notkun rúnaleturs á Íslandi allt frá landnámstíð og fram á 19. öld.

**Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum**

SVK



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa



## Saga Hnífsdals

**Höf: Kristján Pálsson**

*Saga Hnífsdals* er saga fólksins þar frá landnámi til sameiningar við Ísafjörð árið 1971. Metnaðarfullt fræðiverk og heillandi saga Hnífsdælinga fram á okkar daga – stór saga af litlu þorpi sem markaði spor í sögu þjóðarinnar. „Efnistök eru fjörleg og bókin lipurlega skrifuð og áhugaverð, ekki bara fyrir Hnífsdælinga." Sölvi Sveinsson, Morgunblaðinu

506 bls.

**Sögur útgáfa**

IB



## Saga Landsvirkjunar

***Orka í þágu þjóðar***

**Höf: Sveinn Þórðarson og Helgi Skúli Kjartansson**

Þessi bók segir hálfrar aldar sögu Landsvirkjunar auk sögu raforkunnar á Íslandi frá upphafi. Landsvirkjun er eitt umsvifamesta fyrirtæki Íslands í almannaeigu og hefur gegnt lykilhlutverki við að nýta orkuauðlindir landsins. Í bókinni er brugðið upp svipmyndum úr samtímaheimildum og efnið skýrt með fjölda ljósmynda, korta og skýringamynda.

581 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB




## Sauðfjárbúskapur í Reykjavík

***Fjáreigendafélag Reykjavíkur***

**Höf: Ólafur Dýrmundsson**

Reykjavík er eina höfuðborgin í heiminum sem hefur fjárhúsahverfi og er með aðild að bæði afrétti og lögskilarétt. Í þessari myndríku bók er fróðlegu yfirliti um þróun sauðfjárbúskapar í Reykjavík síðan um miðja 19. öld fléttað saman við sögu Fjáreigendafélags Reykjavíkur.

304 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB




## Sálmabækur 16. aldar, I og II

**Umsj: Bragi Halldórsson, Elín Gunnlaugsdóttir, Guðrún Laufey Guðmundsdóttir, Jón Torfason, Karl Sigurbjörnsson og Kristján Eiríksson**

Í fyrra bindinu er handbók og sálmakver Marteins biskups Einarssonar 1555 og Sálmabók Gísla biskups Jónssonar 1558. Í öðru bindi er Sálmabók Guðbrands biskups Þorlákssonar 1559. Þessir sálmar sem höfðu mikil áhrif á þróun kveðskapar, söngs og tónlistar í landinu eru nú loks aðgengilegir almenningi.

823 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB



## Siðfræði lífs og dauða

***3. útgáfa***

**Höf: Vilhjálmur Árnason**

Þessi bók kemur nú út í þriðja sinn í endurbættri gerð með hliðsjón af þróun á sviðinu síðustu ár. Í henni fjallar höfundur um siðferðileg álitamál tengd heilbrigðisþjónustu, rannsóknum á fólki, heilbrigðisstefnu og lýðheilsu á ítarlegan en aðgengilegan hátt.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Sjáum samfélagið

***Fræðileg greining á nútímasamfélaginu út frá ljósmyndum úr hversdagslífinu***

**Höf: Viðar Halldórsson**

Hvað er þetta óljósa fyrirbæri sem kallast samfélag? Í þessari nýstárlegu bók er leitast við að gera hið ósýnilega afl samfélagsins sýnilegt með beitingu félagsfræðilegs innsæis á ljósmyndir úr hversdagslífinu. Bókin hentar öllum sem hafa áhuga á lífinu og tilverunni, og varpar ljósi á félagslega töfra samfélagsins sem og vaxandi firringu þess.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Skáldreki

***Ritgerðasafn höfunda af erlendum uppruna***

**Höf: Angela Rawlings, Ewa Marcinek, Francesca Cricelli, Giti Chandra, Helen Cova, Jakub Stachowiak, Joachim B. Schmidt, Margrét Ann Thors, Mazen Maarouf og Natasha S.**

Innflytjendur á Íslandi hafa auðgað menningu landsins. Hér segja tíu höfundar af erlendum uppruna frá sögu sinni, löngunum og þrám; fjalla um búferlaflutninga, að fóta sig í nýrri menningu, að skilja og finna rödd sína á íslensku eða að ná til nýrra lesenda á sínu eigin tungumáli. Bókin kom einnig út á ensku undir heitinu *Writers Adrift.*

152 bls.

**Benedikt bókaútgáfa**

KIL




## Skírnir - Tímarit HÍB

***Vor og haust 2023***

**Ritstj: Sigrún Margrét Guðmundsdóttir**

Fjölbreytt og vandað efni, m.a. um íslenskt mál, bókmenntir, náttúru og sögu, heimspeki, myndlist, stjórnmál og ýmis fræði í sögu og samtíð. *Skírnir* er elsta menningartímarit á Norðurlöndum og kemur út tvisvar á ári og nú fæst *Skírnir* einnig í rafrænn. Nýir áskrifendur velkomnir: hib@hib.is

490 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

SVK




## Skrímsli

***í sjó og vötnum á Íslandi***

**Höf: Þorvaldur Friðriksson**

Þjóðlegur fróðleikur eins og hann gerist bestur. Fjallað er um þær margvíslegu tegundir skrímsla sem lifa á Íslandi og í hafinu utan landsteinanna allt frá hafmönnum og lyngbökum til nykra og sjálfs Lagarfljótsormsins. Byggt er á gögnum úr Íslandssögunni og fjölda viðtala við sjónarvotta. Stútfull bók af myndum og merkilegum frásögnum.

360 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




***Lærdómsrit Bókmenntafélagsins***

## Skynsemin í sögunni

**Höf: G.W.F. Hegel**

G.W.F. Hegel er einn af áhrifamestu heimspekingum allra tíma. Í riti hans *Skynsemin í sögunni* er dregin upp heildstæð mynd af hugsun hans um samfélag og sögu. Sú hugsun og ritið sjálft hefur haft, og hefur enn, djúp áhrif á samtíma okkar, ekki aðeins á sviði heimspekinnar heldur einnig á hvernig hugsað er og fjallað um stjórnmál.

360 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB




## Strákar úr skuggunum

***Samhengið í sögu gay hreyfingarinnar***

**Höf: Böðvar Björnsson**

Viðburðarík saga gay hreyfingarinnar á Íslandi er rakin í samhengi allt frá grasrótarstarfi til fjöldahreyfingar. Efniviður er sóttur í aðgengilegar heimildir og minningar þeirra sem lifðu þessa tíma og tóku þátt í baráttunni. Sjónum er fyrst og fremst beint að fólkinu sjálfu sem vaknaði til vitundar og skapaði hreyfinguna.

176 bls.

**Birtandi bókaforlag**

IB




## Tíminn minn 2024

**Höf: Björg Þórhallsdóttir**

**Þýð: Herdís M. Hübner**

Hlý og fallega myndskreytt dagbók eftir íslensku listakonuna Björgu Þórhallsdóttur.

146 bls.

**Bókafélagið**

IB




## Stríðsbjarmar

***Úkraína og nágrenni á átakatímum***

**Höf: Valur Gunnarsson**

*Stríðsbjarmar* er saga þjóðar í stríði en jafnframt rúmlega þúsund ára saga Úkraínu, allt frá víkingum og kósökkum til keisaravelda og Sovétríkja og loks sjálfstæðis en þó enn meiri átaka. Úkraínustríðið er einhver örlagaríkasti viðburður okkar tíma og hér eru sem flestar hliðar málsins fangaðar á aðgengilegan hátt.

400 bls.

**Salka**

KIL




## Umbrotatímar

***Hagfræðiskrif 2009–2023***

**Höf: Gylfi Zoega**

Stuttar greinar frá 2009 til 2023 sem var ætlað að gefa hlutlausa en upplýsandi mynd af atburðum samtímans. Sagt er frá störfum peningastefnunefndar Seðlabankans og farið yfir mikilvægustu og umdeildustu ákvarðanirnar. Einnig er lýst persónulegri reynslu höfundar af bóluárunum, fjármálaáfallinu og þeim lærdómi sem má draga af þessu tímabili.

**Háskólaútgáfan**

SVK



## Stærðfræði 1, 2A, 2B, 3A, 3B, 3C

**Höf: Gísli Bachmann og Helga Björnsdóttir**

Hér er um að ræða nýja útgáfu af stærðfræðibókum Gísla Bachmann og Helgu Björnsdóttur sem komið hafa út á undanförnum árum og ætlaðar eru nemendum á 1., 2. og 3. þrepi í framhaldsskóla.

**IÐNÚ útgáfa**

GOR




## Upp á punkt

***Upprifjun grunnþátta í stærðfræði***

**Höf: Kjartan Heiðberg og Gunnar Friðfinnsson**

Ný og endursk. útgáfa sem ætluð er nemendum sem eru að hefja nám í framhaldsskóla en skortir leikni í stærðfræði. Við efnisval var tekið mið af námskrám efstu bekkja grunnskóla og grunnáfanga framhaldsskóla með það fyrir augum að brúa bilið þar á milli. Nýjung er mikill fjöldi QR-kóða sem opna myndbönd um efnið og leiðbeina um lausnaraðferðir.

129 bls.

**IÐNÚ útgáfa**

GOR




## Sund

**Höf: Valdimar Tr. Hafstein og Katrín Snorradóttir**

Sundlaugarnar eru helsti samkomustaður heillar þjóðar sem sækir þangað næði eða samveru, hreinsun og heilsubót. Í bókinni birtist ylvolg saga af íslensku nútímasamfélagi í mótun, með léttri klórangan og hveralykt, gufuslæðu og skvampi í einstaklega fallegri og fróðlegri bók um uppáhaldsiðju flestra Íslendinga.

256 bls.

**Forlagið - Mál og menning**

SVK




## Útkall

***Mayday – erum að sökkva!***

**Höf: Óttar Sveinsson**

Hér er í fyrsta skipti greint frá því þegar sjómenn af Suðurnesjum lifðu af í tvær og hálfa klukkustund í sjö stiga frosti í úthafsöldunum á milli Vestmannaeyja og fastalandsins árið 2002. Skipherrann á varðskipinu Tý, sem heyrði ógreinilegt neyðarkall þegar bátur þeirra sökk, var þeirra eina von.

213 bls.

**Útkall ehf.**

IB




## The Sunshine Children

**Höf: Christopher Crocker**

**Ritstj: Birna Bjarnadóttir**

Bókin um Sólskinsbörn *Lögbergs* byggir á rannsókn kanadíska fræðimannsins og þýðandans Christophers Crockers á bréfum barna íslenskra innflytjenda í Vesturheimi. Bréfin birtust á öðrum áratugi 20. aldar í sérblaðinu *Sólskini* sem fylgdi dagblaðinu *Lögbergi*. Bókin varpar nýju ljósi á lífsreynslu og kringumstæður íslenskra vesturfara.

145 bls.

**Hin kindin**

KIL




## Vegahandbókin

***Íslenskt ferðasumar — Ferðahandbókin þín í 50 ár!***

**Höf: Steindór Steindórsson**

Lykillinn að landinu.

Í máli og myndum og með kortum, vísar bókin til vegar. Gildir þá einu hvort staðirnir koma fyrir í fornsögum, þjóðsögum eða sögu síðustu áratuga, sagan er rakin og sérkennum lýst.

608 bls.

**Útkall ehf.**

SVK



GOR Gormabók HSP Harðspjalda bók HLB Hljóðbók IB Innbundin bók KIL Kilja RAF Rafbók SVK Sveigjanleg kápa




## Veislumatur landnámsaldar

**Höf: Kristbjörn Helgi Björnsson, Úlfar Finnbjörnsson og Karl Petersson**

Kristbjörn Helgi Björnsson sagnfræðingur hefur rannsakað matartilvísanir og matarvenjur í Íslendingasögunum. Úlfar Finnbjörnsson matreiðslumeistari leitaði einnig fanga víða og setur hér fram skemmtilegar uppskriftir að veislumat landnámsaldar. Karl Petersson, einn allra fremsti matarljósmyndari landsins, fangar svo útkomuna með linsuna að vopni.

160 bls.

**Drápa**

IB




## Verkefna- og gæðastjórnun fyrir byggingagreinar

***Handbók stjórnenda við mannvirkjagerð frá stofnun fyrirtækja til afhendingar mannvirkja***

**Höf: Ferdinand Hansen**

Þessi bók er hugsuð fyrir nemendur í byggingagreinum sem og stjórnendur við mannvirkjagerð. Að sögn höfundar á gæðastjórnun að vera einföld, leiðbeinandi og upplýsandi fyrir stjórnendur, starfsfólk, viðskiptavini og birgja þannig að þessir aðilar þekki til hlítar ábyrgð, hlutverk, væntingar og kröfur hver annars.

**IÐNÚ útgáfa**

RAF




## Vesturbærinn

***Húsin - Fólkið - Sögurnar***

**Höf: Sigurður Helgason**

Vesturbærinn á sér um margt sérstaka sögu. Hér er lítillega tæpt á nokkrum þáttum hennar og sjaldnast er fólkið í hverfinu langt undan. Margir eru kallaðir til; innfæddir, brottfluttir og aðfluttir Vesturbæingar og eflaust vakna einhvers staðar sterkar endurminningar. Vesturbærinn er fróðleg bók og fyndin og sannarlega þess virði að lesa.

160 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB




## Viltu finna milljón?

***Þú átt meiri pening en þú heldur***

**Höf: Hrefna Björk Sverrisdóttir og Grétar Halldórsson**

Bók um fjármál á léttu máli sem inniheldur jafnframt hundruði sparnaðarráða um allt sem við kemur okkar daglega lífi eins og rekstur heimilis, veislur, matarinnkaup, framkvæmdir, fatakaup, ferðalög, heilsu, samgöngur, tryggingar, kaup- og sölu fasteigna. Viltu finna milljón? er bók sem sannarlega gefur.

248 bls.

**Read**

IB




## Völvur á Íslandi

**Höf: Sigurður Ægisson**

Frá elstu tímum eru til sagnir um konur, sem vissu lengra nefi sínu. Þekktastar eru tvímælalaust völvurnar. Þær nutu mikillar virðingar, stundum reyndar óttablandinnar, enda voru þær á mörkum tveggja heima og höfðu vitneskju um það, sem flestum öðrum var hulið. Sumum þeirra fylgja magnaðar sögur og þær finnur þú í þessari einstöku bók.

420 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

IB



## Yfirrétturinn á Íslandi: Dómar og skjöl III. 1716–1732

**Ritstj: Jóhanna Þ. Guðmundsdóttir, Gísli Baldur Róbertsson og Ragnhildur Hólmgeirsdóttir**

Mál sem komu fyrir dóminn voru margvísleg. Tvær konur voru sakaðar um að deyða börn sín í fæðingu og dæmdar til dauða. Snæbjörn Pálsson uppnefndi kaupmanninn í Dýrafirði Lúsa-Pétur sem dró mikinn dilk á eftir sér. Auk þess birtast hér ásakanir um falskt þingsvitni og embættismissi sýslumanns, deilur um reka, þjófnaðarmál og drykkjulæti í kirkju.

658 bls.

**Sögufélag og Þjóðskjalasafn Íslands**

IB




## Þriðja vaktin

***Jafnréttishandbók heimilisins***

**Höf: Hulda Tölgyes og Þorsteinn V. Einarsson**

**Myndh: Elías Rúni**

**Ritstj: Haukur Bragason**

Ósýnileg ólaunuð yfirumsjón og endalaus tilfinningaleg ábyrgð á heimilis- og umönnunarstörfum er þriðja vaktin. Vakt sem konur standa oftast einar með áþreifanlegum og alvarlegum afleiðingum. Þessi bók er fyrir fólk sem vill jafnrétti á eigin heimili.

**Mildi og mennska**

KIL




## Þungir þankar

***Ritgerðir um heimspeki***

**Höf: Mikael M. Karlsson**

**Ritstj: Elmar G. Unnsteinsson**

Mikael M. Karlsson hefur ætíð farið víðan völl í verkum sínum eins og sjá má af fjölbreyttu efni þessarar bókar. Í henni kafar höfundur djúpt ofan í áhugaverðar spurningar á ólíkum sviðum heimspekinnar: rökspeki, hugspeki, fagurfræði, athafnafræði, siðfræði og túlkun Aristótelesar.

350 bls.

**Háskólaútgáfan**

SVK




## Þættir úr sögu Kjósar

**Höf: Gunnar Örn Óskarsson**

Í bókinni dregur höfundur upp svipmyndir af því samfélagi sem lengi var við lýði í Kjósarhreppi. Verkið skiptist í 15 þætti sem fjalla um ólík viðfangsefni en saman gefa þeir heillega mynd af sögu byggðarlagsins. Margar ljósmyndir prýða bókina, bæði eldri myndir með mikið sögulegt gildi og nýlegar litmyndir af bæjum og landslagi í Kjós.

325 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB




***Lærdómsrit Bókmenntafélagsins***

## Öld gensins

**Höf: Evelyn Fox Keller**

Skilningur okkar á erfðum er nátengdur hugmyndinni um genið. Alla tuttugustu öld var genið í miðpunkti erfðarannsókna og staða þess virtist enn styrkjast þegar lýst var byggingu DNA kjarnsýrusameindarinnar. En því fer þó fjarri að staða gensins sé trygg eða augljós.

304 bls.

**Hið íslenska bókmenntafélag**

IB

# Hannyrðir og matreiðsla




## Í eldhúsinu með Hrefnu Sætran

**Höf: Hrefna Sætran**

Stjörnukokkurinn Hrefna Sætran kynnir nú matreiðslubókina *Í eldhúsinu* en í henni er að finna ótal einfaldar og stórskemmtilegar uppskriftir, ætlaðar krökkum á öllum aldri.

Hrefna leggur áherslu á að best sé að borða fjölbreytt og er bókin kaflaskipt eftir um hvaða tíma dagsins er að ræða. Uppfull af uppskriftum og matarfróðleik.

128 bls.

**Hrefna Sætran**

IB




## Heiðarprjón

**Höf: Lene Holme Samsøe**
**Myndir: Katrine Rohrberg**
**Þýð: Ásdís Sigurgestsdóttir og Guðrún B. Þórsdóttir**

Heiðarprjón inniheldur 25 uppskriftir að sígildum og fallegum flíkum fyrir konur. Þetta eru hnepptar og heilar peysur í fjölbreyttum stærðum en að auki kjóll, pils, vesti og smærri prjónaverkefni. Einnig er að finna í bókinni hagnýtar upplýsingar um ýmislegt sem viðkemur prjónaskap, eins og kaðla, fléttur, úrtökur og margt fleira.

208 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




## Íslensk matarhefð

**Höf: Hallgerður Gísladóttir**

Alþýðleg sýnisbók um matarhætti Íslendinga frá fornu fari og fram til þessa dags. Hún er mikill og skemmtilegur fróðleiksbrunnur um forvitnilegt svið íslenskrar menningarsögu sem allir þurfa að vita nokkur deili á.

480 bls.

**Bókaútgáfan Sæmundur**

SVK




## Hekla

**Höf: Elsa Harðardóttir**

Ævintýralegar og fallegar uppskriftir að hekluðum leikföngum fyrir yngstu kynslóðina. Í *Heklu* má finna hringlur fyrir smákrílin, svani, einhyrninga, blómálfa, jólakúlur og margt fleira. Uppskriftirnar henta bæði byrjendum og lengra komnum.

112 bls.

**Salka**

IB




## Matreiðsla

***Matvælabraut - 1. þrep***

**Höf: Hermann Þór Marinósson, Hinrik Carl Ellertsson, Sigurður Daði Friðriksson, Ragnar Wessman og Ægir Friðriksson**

Vefbókin er ætluð til kennslu á fyrsta þrepi matvælabrauta. Í henni er farið yfir helstu grunnatriði sem nauðsynleg eru fyrir áframhaldandi nám og starf í matreiðslu. Hún ætti enn fremur að gagnast öllu áhugafólki um matargerð og matvælaöryggi.

**IÐNÚ útgáfa**

RAF




## Helvítis matreiðslubókin

**Höf: Ívar Örn Hansen og Þórey Hafliðadóttir**

Hér er að finna gómsætar og einfaldar uppskriftir, eldhússögur og góð ráð beint frá Helvítis kokkinum. Í bókinni eru nokkrir af vinsælustu réttunum úr þáttunum og svo miklu meira. Ef þú elskar bragðgóðan og einfaldan mat þá er þessi bók fyrir þig, hvort sem þú ert byrjandi eða reyndur kokkur! Sleppum helvítis kjaftæðinu og eldum góðan mat saman!

160 bls.

**Bókabeitan**

IB




## Múmínsokkar

***frá A til Ö***

**Höf: Jaane Etula**
**Myndir: Linda Permanto**
**Þýð: Guðrún Hannele Henttinen**

Í þessari litríku prjónabók er að finna uppskriftir að 29 sokkapörum sem innblásin eru af sögum Tove Jansson. Hér birtast múmínálfarnir í glaðlegum mynstrum og hugmyndaríkri hönnun. Sokkarnir eru í fjölbreyttum stærðum sem henta allri fjölskyldunni en auk þess er bent á ýmsar leiðir til að aðlaga uppskriftirnar þannig að þær passi hverjum og einum.

177 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB



Fyrir þinn eigin ævintýraheim.

Penninn Eymundsson



## Ómótstæðilegir eftirréttir

**Höf: Ólöf Ólafsdóttir**

Ómótstæðileg bók með fjölda klassískra uppskrifta í nýjum búning í bland við fleiri ferskar og framandi.

130 bls.

**Edda útgáfa**

IB




## Skyr

***sweets and smoothie recipes***

**Höf: Nicole Simone Keller og Sigurður Óskar Lárus Bragason**

**Myndir: Sigurður Óskar Lárus Bragason**

Bonís skyr uppskriftabókin inniheldur tuttugu ljúffengar köku og sætinda uppskriftir ásamt því að vera með tíu þeytings uppskriftir.

63 bls.

**BF-útgáfa ehf.**

IB




## Prjónadraumar

**Höf: Sjöfn Kristjánsdóttir**

Hér má finna glæsilegar flíkur fyrir fullorðna og börn: peysur, sett, sokka, vettlinga og ýmislegt annað sem hugurinn girnist. Sjöfn Kristjánsdóttir hefur prjónað allt sitt líf og er löngu orðin þekkt fyrir fallegar uppskriftir. Leiðbeiningarnar eru allar skrifaðar á mannamáli og eru aðgengilegar jafnt grænjöxlum og þrautreyndum prjónurum.

204 bls.

**Sögur útgáfa**

SVK




## Ullaræði

**Höf: Heli Nikula**

**Myndir: Tiina Routamaa**

**Þýð: Guðrún Hannele Henttinen**

Í *Ullaræði* er íslenski lopinn í hávegum hafður og eru rúmlega tuttugu prjónauppskriftir í bókinni, flestar að heilum peysum fyrir bæði konur og karla. Höfundurinn, hin finnska Heli Nikula, sló í gegn fyrir örfáum árum með uppskrift úr íslenskum lopa. Hún hannar undir nafninu Villahullu og er þekkt meðal prjónara um allan heim.

248 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB




## Prjónasögur

***34 rómantískar uppskriftir***

**Höf: Helene Arnesen**

**Þýð: Ásdís Sigurgestsdóttir og Guðrún B. Þórsdóttir**

Kvenlegri og rómantískri hönnun er gert hátt undir höfði í þessari fallegu bók. Uppskriftirnar eru 34 talsins, flestar að peysum, hnepptum og heilum, og eru þær í fjölmörgum stærðum. Ýmiss konar smáatriði eins og blúndur og fínlegir kragar lífga upp á flíkurnar þótt þær séu bæði hentugar og nútímalegar.

348 bls.

**Forlagið - Vaka-Helgafell**

IB






# *Íþróttir og útivist*




## Fótboltastjörnur - Mbappé er frábær!

**Höf: Simon Mugford**
**Þýð: Guðni Kolbeinsson**

Lestu sögu frá uppvexti til atvinnumennsku. Þessi franski og frábæri framherji, sem fæddist í Bondy, úthverfi Parísar, hefur unnið hvern bikarinn af öðrum og hefur sannað sig sem ofurstjarna í fótboltanum hjá PSG og landsliðinu. Leyfðu vinum þínum að heyra lykiltölfræði Mbappé svo að þeir sjái af hverju... Mbappé er frábær!

128 bls.

**Bókafélagið**

KIL




## Fótboltastjörnur - Messi er frábær!

**Höf: Simon Mugford**
**Þýð: Guðni Kolbeinsson**

Lestu allt um Lionel Messi sem spilaði ungur fótbolta á götum borgarinnar Rosario í Argentínu en vann titla með Barcelona og landsliðinu. Messi er af mörgum talinn besti knattspyrnumaður sögunnar. Leyfðu vinum þínum að heyra lykiltölfræði Messi svo að þeir sjái af hverju... Messi er frábær!

128 bls.

**Bókafélagið**

KIL




***Hjólabókin***

## Hjólabókin - 7. bók: Austurland

***Dagleiðir í hring á hjóli***

**Höf: Ómar Smári Kristinsson**

Nú er *Hjólabókin* komin austur. Á Austurlandi er aldeilis hægt að hjóla. Þar er eitthvað fyrir alla sem kunna það. Um það fjallar bókin í máli, myndum, kortum og táknum.

112 bls.

**Ómar Smári Kristinsson**

KIL




## Hringferð um Gjögraskaga

***Leiðarlýsing***

**Höf: Björn Ingólfsson**

Hér er á ferðinni traustur og skemmtilegur leiðarvísir gönguleiðarinnar um Fjörður og Látraströnd á Gjögraskaga. Í bókinni er enn fremur hafsjór af fróðleik, bæði frá fyrri tíð og eins hvað varðar staðhætti og örnefni.

156 bls.

**Bókaútgáfan Hólar**

SVK




## Íslensk knattspyrna 2023

**Höf: Víðir Sigurðsson**

Bækur Víðis Sigurðssonar um íslenska knattspyrnu eru einstakar og eru einstakar á heimsvísu. Þessi vinsæli bókaflokkur hefur nú komið út í rúm fjörutíu ár og hefur aldrei verið betri. Hér finnur áhugafólk um knattspyrnu allt sem gerðist í íslenska boltanum á árinu 2023 í máli og myndum. Ómissandi árbók allra áhangenda íslenskrar knattspyrnu.

272 bls.

**Sögur útgáfa**

IB




## Íþróttapistlar

**Höf: Ingimar Jónsson**

